

Sjálfbærniskýrsla

2024



Ritstjórn

Hafdís Hanna Ægisdóttir,
Forstöðumaður, Sjálfbærnistofnun HÍ

Ásdís Björk Gunnarsdóttir,
Verkefnisstjóri, Sjálfbærnistofnun HÍ

Sólrún Sigurðardóttir,
Verkefnisstjóri, Sjálfbærnistofnun HÍ

Allar fyrirspurnir um efni þessarar skýrslu má beina
til Sjálfbærnistofnunar HÍ á netfangið sshi@hi.is

Allar ljósmyndir eru teknar af Kristni Ingvarssyni
nema annað sé tekið fram.

Skýrslan var unnin fyrir hönd sjálfbærninefndar HÍ.

Nóvember 2025.

Áherslur um sjálfbærni og fjölbreytileika í HÍ26:

ÞEKking í ÞÁGU SJÁLFBÆRS SAMFÉLAGS

Háskólinn verði leiðandi á sviði sjálfbærni í krafti kennslu, rannsókna og þekkingarsköpunar.

SJÁLFBÆR STARFSEMI

Skólinn verði í forystu í sjálfbærri starfsemi og setji sér mælanleg markmið á sviði kolefnishlutleysis
á stefnutímabilinu sem byggja á markmiðum Íslands í þeim málaflokki.

FJÖLBREYTT HÁSKÓLASAMFÉLAG

Háskólinn verði enn betri vinnustaður sem tryggi jafnrétti og fjölbreyttan bakgrunn nemenda
og starfsfólks. Stutt verði sérstaklega við nemendur af erlendum uppruna og áhersla lögð
á fjölbreytileika nemendahópsins.

SAMSTARF VIÐ SAMFÉLAGIÐ

Kortlagning á hagsmunaaðilum og áætlun og aukinn stuðningur við miðlun og samstarf,
með áherslu á milliliðalaust samtal rannsókna og samfélags til að bregðast við falsfréttum,
auka traust á vísindum og undirbyggja opinbera stefnumótun.

Efnisyfirlit

Ávarp rektors	4
Ávarp forseta Stúdentaráðs	5
Samantekt	6
Sjálfbærni í samvinnuðum heimi	8
Aurora — vaxandi samfélag á sviði rannsókna og nýsköpunar	10
Aðferðafræði	11
Sjálfbærni í rekstri	12
HM 1: Engin fátækt	14
HM 2: Ekkert hungur	16
HM 3: Heilsa og vellíðan	18
HM 4: Menntun fyrir öll	20
HM 5: Jafnrétti kynjanna	22
HM 6: Hreint vatn og hreinlætisaðstaða	24
HM 7: Sjálfbær orka	26
HM 8: Góð vinna og hagvöxtur	28
HM 9: Nýsköpun og uppbygging	30
HM 10: Aukinn jöfnuður	32
HM 11: Sjálfbærar borgir og samfélög	34
HM 12: Ábyrg neysla og framleiðsla	36
HM 13: Aðgerðir í loftslagsmálum	38
HM 14: Líf í vatni	40
HM 15: Líf á landi	42
HM 16: Friður og réttlæti	44
HM 17: Samvinna um markmiðin	46
Samantektartölfræði	48
Tækifæri til úrbóta	50





Ávarp rektors

Að undanfögnu hafa okkur borist fréttir sem vekja í senn furðu og ugg. Hitamet hafa fallið víða um heim, stjórnvöld í Bandaríkjunum settu hugtakið loftslagsbreytingar á bannorðalista og moskítóflugan gerði sig heimakomna á Íslandi. Golfstraumurinn, lífæð Íslands, virðist vera að veikjast og vísindamenn vara við því að hann geti stöðvast ef ekki verður hratt dregið úr losun gróðurhúsalofttegunda. Tíðindi utan úr heimi eru þess eðlis að margir ýmist forðast að fylgjast með fréttum eða vita hreinlega ekki lengur hvaða fréttum er treystandi þar sem falsfréttir, upplýsingaóreiða, rangfærslur og skautun grafa undan trausti.

Í allri þessari ringulreið má engu að síður finna tilefni til bjartsýni. Fyrr á árinu fór endurnýjanleg raforka í fyrsta sinn fram úr koladrifinni raforku sem meginuppspretta orku í heiminum. Meira en þriðjungur allrar þeirrar orku sem framleidd er í heiminum er nú endurnýjanleg. Slíkar framfarir gerast ekki sjálfkrafa heldur eru þær afrakstur rannsókna, nýsköpunar og menntunar í háskólum. Nóbelsverðlaunin í hagfræði í ár undirstrika þetta en þau hljóta fræðimenn sem benda á að framfarir í rannsóknum og nýsköpun séu grunnforsenda hagvaxtar. Sjaldan eða aldrei hefur því verið ríkara tilefni til þess að efla þetta mikilvæga starf í þágu framtíðar mannkyns.

Fræðafólk á öllum fræðasviðum Háskóla Íslands vinnur markvisst að því að leggja sitt af mörkum til að leysa vanda samtímans eins og fram kemur í þessari fjórðu Sjálfbærnisráðgjafu skólans. Í henni eru einnig viðtöl við fræðafólk og starfsfólk innan HÍ um rannsóknir og verkefni sem tengjast hverju og einu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Skýrslan sýnir þannig hve vel sjálfbærni er samofin öllu vísindastarfi Háskóla Íslands og minnir okkur á að lausnir framtíðarinnar spretta ekki aðeins upp úr afmörkuðum öngum vísindanna heldur öllum þeim sem snerta náttúru, mannlegt samfélag og manneskjuna sjálfa.

Í stefnu Háskóla Íslands fyrir tímabilið 2021–2026 (HÍ26) skuldbatt skólinn sig til að samþætta sjálfbærni við kennslu, rannsóknir og rekstur skólans. Sá árangur sem við höfum náð hefur skilað Háskóla Íslands ofarlega á lista Times Higher Education yfir þá háskóla sem hafa mest samfélagsleg og efnahagsleg áhrif, eins og mælt er út frá heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, og er skólinn nú í 201.–300. sæti af ríflega 2.300 háskólum um allan heim. Á yfirstandandi skólaári verður unnið að nýrri stefnu til næstu ára og í henni verður tekið tillit til allra þriggja meginstoða sjálfbærni, náttúru, samfélags og hagkerfis. Það er skylda okkar að sjálfbærni endurspeglar ekki aðeins í rannsóknum og kennslu heldur í öllu starfi skólans, þ.m.t. ákvarðanatöku og stjórnun. Þetta skiptir máli fyrir starfsfólk og stúdenta Háskóla Íslands í samtíð og framtíð.

Sigríður R. Ómarsdóttir



Ávarp forseta Stúdentaráðs

Flestir fara í háskóla til að læra, en líka til að læra að hafa áhrif og geta lagt sitt af mörkum til samfélagsins. Það leikur enginn vafi á því að eitt göfugasta framlag til samfélagsins hlýtur að felast í því að stuðla að því eða reyna að tryggja að þeir sem á eftir okkur koma muni geta búið að jafngóðri, eða betri, jörð en við sjálf höfum notið þess heiðurs að fá að njóta. Það er þess vegna sem sjálfbærni í dag er ekki gæluverkefni, heldur prófspurning á hverjum degi, þ.e. hvernig mótum við samfélag þar sem rétt val er auðveldasta valið?

Þó að prófspurningin sé stutt er svarið við henni flókið. En það þarf mögulega ekki að flækja þetta mikið. Framtíðarsýn stúdenta er skýr. Við viljum tilheyra háskólasamfélagi sem þorir að breyta reglum, hvötum og innviðum í þágu eðlilegrar og ábyrgrar nýtingar auðlinda. Þessi framtíðarsýn snýst ekki um að gera allt fullkomið, heldur að við setjum okkur mælanleg skref, raunhæfar væntingar og fylgjum þeim eftir. Það þarf ekki að vera flóknara en þetta.

Ábyrgð Háskóla Íslands í þessu öllu saman er tvíþætt. Annars vegar með forystu í eigin rekstri — með skýrum og raunhæfum markmiðum, reglubundnum mælingum og gagnsæjum niðurstöðum — og hins vegar með því að miðla einföldum lausnum sem nýtast samfélaginu öllu: í rannsóknum, kennslu og öðru samstarfi. Þannig verður háskólinn brú milli rannsókna og framkvæmda.

Við vitum hvert við erum að fara: í háskóla sem gerir rétt val einfalt og aðlaðandi. Nú er kominn tími til að samstillja vilja og verk.

*Arent Orri Jónsson Claessen,
forseti Stúdentaráðs*

Samantekt



Þetta er fjórða sjálfbærniskýrsla HÍ sem nú er gefin út árlega. Útgáfa hennar undirstrikar áherslu Háskóla Íslands við að vinna að heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Í þessari skýrslu er veitt innsýn í þau fjölmörgu verkefni sem unnin eru í HÍ og tengjast markmiðunum 17. Tilgangur hennar er að stuðla að áframhaldandi vinnu við sjálfbærni innan HÍ, gera góðan háskóla enn betri þegar kemur að því að takast á við hnattrænar áskoranir og skapa sjálfbærari framtíð. Skýrslan var unnin að beiðni sjálfbærninefndar HÍ og unnin af Sjálfbærnistofnun HÍ.

Samfélög dagsins í dag standa frammi fyrir djúpstæðum og samtvinnuðum áskorunum. Loftslagsbreytingar, hnignun vistkerfa, vaxandi ójöfnuður og veikara lýðræði eru meðal þess sem ógna stöðugleika og framtíð. Á sama tíma grafa skautun, átök og upp-lýsingaóreiða undan trausti og draga úr getu samfélaga til að bregðast við sameiginlegum vanda.

Þessar áskoranir eru ekki stakar, heldur einkenni flókinna kerfa þar sem samfélag, efnahagur og náttúra eru órjúfanlega tengd. Sjálfbærni snýst ekki um að leysa einstök mál, heldur um að skilja samhengið, áhrifin á milli sviða og hvernig ákvarðanir í dag móta framtíðina.

Sjálfbær þróun felur í sér að byggja samfélög sem geta dafnað til lengri tíma, þar sem velferð fólks, náttúru og efnahagsmála helst í hendur. Til þess verðum við að virða vistfræðileg mörk jarðar og taka ákvarðanir með langtímasjónarmið í huga. Þetta krefst nýrrar sýnar á verðmæti, aukinnar samvinnu yfir svið og greinar og heildrænnar hugsunar í stefnumótun. Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna endurspeglar þessa heildstæðu sýn, þar er lögð áhersla á velferð, réttlæti og frið innan þeirra marka sem náttúran setur okkur.

Háskólar gegna lykilhlutverki í þessari umbreytingu. Þeir hafa einstakt tækifæri og ábyrgð til að efla þekkingu, dýpka skilning og móta framtíð sem byggir á ábyrgð og samvinnu. Þeir þurfa ekki aðeins að sinna námi og rannsóknum, heldur einnig að vera virkir þátttakendur í samfélagslegri þróun, efla meðvitund og styðja við lausnir sem nýtast til framtíðar.

Háskóli Íslands hefur skilgreint sjálfbærni sem eina af megin-stoðum stefnu sinnar (HÍ26), og samþættir hana í alla starfsemi – frá stjórnun og kennslu til samstarfs við samfélagið. Með því að gera sjálfbærni að leiðarljósi vill skólinn leggja sitt af mörkum til að skapa framtíð sem byggir á réttlæti, virðingu og velferð.

Aðferðafræði

Starfsemi HÍ var kortlögð og flokkuð eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með fimm þemu að leiðarljósi: rannsóknir; nám og kennsla; samfélagsleg áhrif og samvinna; rekstur og stjórnun og framtak stúdenta. Ýmsar leiðir voru nýttar við öflun efnis fyrir skýrsluna, svo sem að óska eftir ábendingum starfsfólks



og doktorsnema innan HÍ. Fólk var beðið um að senda upplýsingar um ólík verkefni, rannsóknir og námskeið tengd sjálfbærni og heimsmarkmiðunum sem voru í gangi árið 2024.

Tekin voru viðtöl við einstaklinga innan HÍ, undir hverjum heimsmarkmiðakafli, sem hafa unnið rannsóknir eða verkefni í tengslum við tiltekið markmið. Viðmælendur voru handvaldir út frá starfi þeirra og rannsóknum. Auk þessa voru upplýsingar um fjölda ritrýndra greina, sem tengjast hverju og einu heimsmarkmiði, fengnar úr Scopus, sem er stærsti ágrips- og tilvitnanagagna-grunnur ritrýndra greina í heiminum.

Allar upplýsingar um sjálfbærni í rekstri HÍ, svo sem um úrgang, orkunotkun, vatnsnotkun og losun gróðurhúsalofttegunda, eru teknar saman af Framkvæmda- og tæknisviði. Þessi gögn eru árlega send til Umhverfis- og orkustofnunar í gegnum Grænt bókhald.

Í skýrslunni kynnum við viðtæka kortlagningu á starfsemi HÍ út frá 17 heimsmarkmiðum Sp. Í hverjum heimsmarkmiðakafli er greint frá fjölbreyttum verkefnum sem unnið er að innan HÍ og þau flokkuð. Við hvert heimsmarkmið er tölfraði um fjölda ritrýndra greina sem eru tengdar markmiðinu auk upplýsinga um fjölda tilvísana og áhrifastuðul sem er vigtaður eftir rannsóknarsviði (e. field-weighted citation impact). Eins eru niðurstöður *Times Higher Education (THE) Impact Ranking* tilgreindar í skýrslunni undir hverju heimsmarkmiði, en þar eru háskólar metnir eftir skuldbindingu þeirra til heimsmarkmiðanna.

Tækifæri til úrbóta

Tillögur um tækifæri til úrbóta sem hér eru settar fram byggja á markmiðum úr stefnu Háskóla Íslands fyrir 2021–2026 (HÍ26) og verkefnisstofni um sjálfbærni-áherslur í kennslu, rannsóknum og rekstri skólans. Tillögurnar voru settar fram í fyrstu sjálfbærnisráðgjafi HÍ fyrir árið 2021. Hér eru tillögur um tækifæri til úrbóta settar fram út frá fjórum áhersluatriðum verkefnastofns HÍ26. Tillögurnar eru flokkaðar sem aðkallandi, mjög mikilvægar og mikilvægar. Greint er frá núverandi stöðu hverrar tillögu á blaðsíðum 50–51 auk þess sem sett er fram stutt samantekt um hvað hefur gerst á þessu sviði. Staðan á aðkallandi tillögum er eftirfarandi:

- Aðstoðarrektor og/eða stjórnandi í sameiginlegri stjórnýslu verði gerður ábyrgur fyrir málefnum sem tengjast sjálfbærni (og heimsmarkmiðunum) innan HÍ. Þetta hlutverk yrði stutt af sjálfbærnirnefnd HÍ og Sjálfbærnistofnun HÍ.
- Kynning um sjálfbærni og heimsmarkmið verði haldin árið 2023 fyrir starfsfólk HÍ.
- Opnir fundir og málstofur um niðurstöður sjálfbærnisráðgjafi HÍ verði haldnir snemma árs 2023.
- Sjálfbærnisráðgjafi HÍ verði gerð árlega og að ritstjórn verði gefinn meiri tími og meiri stuðningur við vinnslu skýrslunnar.
- Þverfræðilegt námskeið um sjálfbærni og heimsmarkmiðin verði þróað og gert aðgengilegt fyrir nemendur frá öllum sviðum skólaárið 2023.
- HÍ kortleggi á ítarlegri hátt losun úr rekstri m.v. núverandi kortlagningu, til dæmis með því að kortleggja samgöngumáta starfsfólks og nemenda, innkaup og nýbyggingar o.s.frv.
- HÍ setji sér loftslags/umhverfisstefnu í rekstri með mælanlegum markmiðum og aðgerðaáætlun til að draga úr losun. Meta þarf þá kosti sem eru í boði við að kolefnisjafna eftirstandandi losun af rekstri HÍ.

- | | |
|---------------------|--------------------|
| ■ Markmiði náð | ■ Í vinnslu |
| ■ Komið langt á veg | ■ Litlar framfarir |

Sjálfbærni í samtvinnuðum heimi og hlutverk háskóla í umbreytingu



Samtíminn einkennist af fjölþættum og samofnum áskorunum sem stefna stöðugleika samfélaga í hættu. Loftslagsbreytingar, hnignun vistkerfa, vaxandi ójöfnuður og veikara lýðræði eru meðal þess sem ógna sjálfbærri þróun. Um leið eykst skautun, átök, dreifing falsfrétta og upplýsingaóreiða sem grafa undan trausti og draga úr getu samfélaga til að bregðast við sameiginlegum vanda.

Þetta eru ekki einangruð viðfangsefni heldur afleiðingar samtvinnuðra kerfa þar sem samfélag, efnahagur og náttúra mótast hvert af öðru. Sjálfbærni snýst ekki um að laga stök vandamál, heldur að skilja samhengi hlutanna, hvernig breytingar á einu sviði hafa áhrif annars staðar og hvernig ákvarðanir dagsins í dag móta framtíðina.

Í grunninn snýst sjálfbær þróun um að samfélög geti dafnað til lengri tíma þar sem velferð fólks, vernd og endurheimt náttúru og efnahagur haldast í hendur. Hún felur í sér að tryggja lífsgæði í dag án þess að skerða möguleika komandi kynslóða. Til þess verðum við að virða þau mörk sem vistkerfi jarðar og loftslagið setja, því þegar þau eru virt af vettugi, ógnum við þeim stöðum sem allt líf á jörðinni byggir á.

Í heimi þar sem tengsl milli ólíkra málefna verða sífellt sýnilegri og áhrif breiðast hratt út, bæði á milli landa og ólíkra kerfa, er ekki lengur raunhæft að líta á sjálfbærni sem afmarkað verkefni. Hún krefst breyttrar sýnar á verðmæti, aukinnar samvinnu milli ólíkra fræðisviða og geira samfélagsins, sem og langtíma-hugsunar í stefnumótun og daglegri ákvarðanatöku.

Menntun, rannsóknir og nýsköpun gegna lykilhlutverki í þessari vegferð. Þau stuðla að dýpri skilningi, efla getu okkar til að greina

flókin samhengi og þróa lausnir sem gera okkur kleift að takast á við áskoranir samtímans með ábyrgð og skýrri framtíðarsýn. Þannig mótum við samfélag sem byggir á réttlæti, sjálfbærni og velferð til lengri tíma.

Sjálfbærni sem stefna, viðmið og leiðarljós

Skilningur okkar á sjálfbærni hefur á undanförunum árum dýpkað og þróast. Þótt hún hafi frá upphafi falið í sér víðtækar áherslur á samfélagsleg og efnahagsleg gildi, hefur umræðan lengi verið mótuð af umhverfissjónarmiðum. Í dag er hins vegar viðurkennt að sjálfbærni feli í sér heildstæða nálgun þar sem náttúra, samfélag og efnahagskerfi eru órjúfanlega tengd. Þessi heildstæða nálgun endurspeglast skýrt í heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, þar sem áhersla er lögð á að tryggja mannlega velferð, réttlæti og frið, án þess að ganga á þau mörk sem náttúran og vistkerfi jarðar setja okkur.

Ljóst er að sjálfbær framtíð byggist ekki á einni lausn eða einstöku sviði. Hún krefst þess að við rjúfum hefðbundin mörk milli fræðigreina, stofnana og samfélagsgeira – og eigum samtál um framtíðina. Þar skiptir máli að ólík sjónarmið, þekking og reynsla fái að njóta sín, því þannig skapast dýpri skilningur og lausnir sem standast bæði kröfur samtímans og áskoranir morgundagsins.



Háskóli Íslands sem leiðandi afl í sjálfbærum heimi

Háskóli Íslands er stærsti háskóli og einn stærsti vinnustaður landsins, með um 14 þúsund nemendur og um tvö þúsund starfsmenn. Lára Jóhannsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði og formaður sjálfbærniefndar Háskóla Íslands árin 2018–2022 og 2024–2025, bendir á að háskólinn búi fólk undir að starfa á flestum sviðum samfélagsins og því sé mikilvægt að skólinn sé með öfluga sjálfbærnistefnu sem snýr að fjölbreyttri starfsemi hans á sviði náms og kennslu, rannsókna, nýsköpunar og miðlunar sem og daglegum rekstri skólans. „Einnig er mikilvægt að skólinn sé fyrirmynd annarra stofnana og fyrirtækja í samfélaginu hvað málaflokkinn varðar,“ bætir Lára við.

Hlutverk háskóla í umbreytingu

Í heimi þar sem þörfin fyrir nýja sýn er brýn og áskoranir krefjast sameiginlegs átaks, gegna háskólar lykilhlutverki. Þeir búa yfir einstökum tækifærum og ábyrgð til að efla þekkingu, dýpka umræðu og styðja við menntun sem býr bæði nemendum og samfélög undir síbreytilegan og flókinn veruleika.

Þetta hlutverk nær út fyrir hefðbundið nám og rannsóknir. Það felur einnig í sér að taka virkan þátt í samfélagslegri umræðu, efla siðferðislega og lýðræðislega meðvitund og styðja við breytingar sem miða að sjálfbærri framtíð. Háskólar geta verið frumkvöðlar í þróun nýrrar hugsunar og leiðandi í því að bregðast við með ábyrgð og framtíðarsýn.

Háskóli Íslands hefur tekið skýra afstöðu í þessum efnum og skilgreint sjálfbærni sem eina af grunnstoðum í stefnu sinni til ársins 2026, HÍ26. Með því að samþætta sjálfbærni í stjórnun, kennslu, rannsóknum, rekstri og samstarfi við samfélagið hefur Háskóli Íslands lagt grunn að því að sjálfbærni sé hluti af menningu, ákvörðunum og framtíðarsýn skólans.

Með því að leggja sjálfbærni til grundvallar skapar skólinn vettvang þar sem nemendur, starfsfólk og samfélagið allt geta tekið þátt í að móta framtíð sem byggir á ábyrgð, virðingu, réttlæti og velsæld.

Lærdómur af HÍ26 og sýn til framtíðar

Í núgildandi stefnu HÍ26 er lögð áhersla á að nám og rannsóknir mæti þörfum íslensks samfélags og atvinnulífs og stuðli að sjálfbærum heimi. Lára segir markmiðin vera tvíþætt. „Annars vegar *þekking í þágu sjálfbærs samfélags*, þar sem fram kemur að háskólinn eigi að verði leiðandi á sviði sjálfbærni í krafti kennslu, rannsókna og þekkingarsköpunar, og hins vegar *sjálfbær starfsemi*, sem miðar að því að skólinn sé í forystu í sjálfbærri starfsemi og setji sér mælanleg markmið á sviði kolefnishlutleysis sem byggir á markmiðum Íslands í þeim málaflokki,“ útskýrir hún. Þegar horft er til mótunar nýrrar stefnu segir Lára að kalla þurfi til sérfræðinga af ólíkum sviðum skólans. „Auk þess [þarf að kalla] eftir hugmyndum nemenda og annarra hagsmunaaðila þar sem aðgerðir eða aðgerðaleyfi á sviði sjálfbærnimála getur haft afgerandi áhrif á velferð þeirra til framtíðar,“ segir hún og nefnir að hafa megi velsældarhagkerfi til hliðsjónar í þeirri vinnu. „Þá þarf að tryggja að málaflokkurinn hafi skilgreindan ábyrgðaraðila innan yfirstjórnar skólans,“ bætir hún við.

Árangur á stefnutímabilinu

Sjálfbærniefnd HÍ ber ábyrgð á verkefnastofni HÍ26-stefnunnar sem snýr að sjálfbærni og segir Lára nefndina hafa horft jafnt til kjarnastarfsemi og daglegs reksturs skólans í sínu starfi. „Fyrir tilstuðlan nefndarinnar var fjármagn tryggt til að gefa út sjálfbærnisýrslur skólans, halda tilvonandi sjálfbærniþing og fleira,“ segir Lára. Árangurinn sést einnig í hvötum fyrir rannsækendur. „Þá er núna gert ráð fyrir því að umsækjendur um samkeppnisstyrki sem skólinn veitir geri grein fyrir sjálfbærniáhrifum rannsókna sinna,“ bætir hún við. Þess að auki hafa verið haldnar vinnustofur, meðal annars um matskvarða sem byggir á **LOUIS-hæfniramma** til að meta hæfni nemenda til að ná heimsmarkmiðunum. „Þá er hafin vinna við að þróa sjálfbærnivísa sem meta eiga árangur skólans á sviði sjálfbærnimála,“ bætir Lára við að lokum.

Framtíðin kallar á ný viðmið

Ef við ætlum að bregðast við áskorunum samtímans af ábyrgð og móta réttlátt, heilbriggt og sjálfbært samfélag, verðum við að viðurkenna að gömlu lausnirnar nægja ekki lengur. Við stöndum á tímamótum sem kalla á ný viðmið, nýja hugsun og samstillt átök.

Háskóli Íslands vill vera virkur þátttakandi í þessari umbreytingu með því að efla þekkingu, dýpka umræðu og styðja við lausnir sem nýtast til lengri tíma. Sjálfbærni er ekki afmarkað svið innan háskólans heldur leiðarljós sem á að endurspeglast í allri starfsemi hans.

Til að ná árangri þarf að horfa til heildarinnar. Við þurfum að byggja samfélag þar sem félagslegt réttlæti, stöðugur efnahagur og virðing fyrir náttúrunni haldast í hendur. Það krefst aðgerða í loftslagsmálum, verndar og endurheimtar vistkerfa og ákvarðana sem taka mið af framtíðinni, ekki bara núinu. Í þessu samhengi gegna háskólar lykilhlutverki. Með menntun, rannsóknum og nýsköpun geta þeir verið drifkraftar breytinga og stuðlað að samfélagi sem grundvallast á ábyrgð, virðingu og velferð til lengri tíma.

Aurora — vaxandi samfélag

á sviði rannsókna og nýsköpunar



Aurora er samstarfsnet öflugra evrópskra rannsóknaháskóla sem hafa skuldbundið sig til að hámarka samfélagsleg áhrif af starfi sínu og stuðla að framúrskarandi rannsóknum og nýsköpun í kennslu þvert á samstarfsháskólana. Frá upphafi samstarfsnetsins árið 2016 hefur Aurora markað umbreytingar í háskólamenntun.

Saman stefna háskólar Aurora-netsins að því að takast á við samfélagslegar áskoranir samtímans og leggja sitt af mörkum í þágu heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna í samræmi við framtíðarsýn Aurora um að tengja framúrskarandi vísindastarf við brýn samfélagsmál.

Aurora er vettvangur sem byggir á traustu samstarfi og skapar tækifæri fyrir stjórnendur háskólanna, fræðafólk, nemendur og starfsfólk stjórnsýslu til að miðla sín á milli og vinna saman að því að efla getu háskólanna til að ná markmiðum sínum.

Frá árinu 2020 hefur Aurora verið hluti af framtakinu European Universities sem er styrkt af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins. Hí leiðir annað styrktímabilið fyrir árin 2023–2027.

Rannsóknastarf eftir til samfélagslegra áhrifa

Eitt af markmiðum Aurora er að stuðla að auknu rannsóknasamstarfi milli vísindafólks innan Aurora-háskólanna. Samstarfsnetið býður hvatastyrki til að mæta þessu markmiði þar sem áhersla er lögð á þrjár lykiláðgerðir sem styðja við markmið Aurora um samfélagsleg áhrif og sjálfbærni.

Í gegnum árlegt kall eftir styrkjum styður Aurora við:

- 1) Rannsóknasamstarfsverkefni sem stuðla að aukinni þekkingu á ákveðnu sviði, samfélagslegum lausnum og uppbyggingu rannsóknasamfélags innan Aurora.
- 2) Þemaskóla fyrir upprennandi rannsakendur sem fjalla um ákveðið rannsóknarþema og eru haldnir í stuttri staðlotu.
- 3) Skammtímadvöl fyrir upprennandi rannsakendur (s.s. meistara-nema, doktorsnema og nýdoktora) sem felur í sér stutta dvöl á rannsóknastofum eða einingum innan Aurora-háskólanna.

Kallað var fyrst eftir umsóknum um styrki til rannsóknasamstarfs árið 2024. Alls bárust 26 umsóknir frá öllum Aurora-háskólunum og þar af hlutu sjö þeirra styrki. Þrjú verkefnanna tengjast vísindastarfi innan HÍ og hér til hliðar er fjallað um þau.

MIMIC

Himnutækni hefur komið fram á sjónarsviðið sem annar valkostur fyrir háþróaða skólphreinsun vegna framúrskarandi aðskiljunarhæfni sem framkallar hágæða vatn. Markmiðið er að framkvæma sameiginlega rannsókn á hreinsun örmengunarvalda/íbætiefna og flutning örplastþræða í gegnum himnur í skólphreinsun fyrir dreifbýli. Hí leiðir verkefnið sem er unnið í samstarfi við háskólann í Duisburg-Essen í Þýskalandi, Rovira i Virgili háskólann á Spáni og Vrije háskólans í Amsterdam í Hollandi.



ECODELIB

Markmið ECODELIB rannsóknarinnar er að vinna að fræðilegum og þverfaglegum rannsóknum á umræðumiðuðum tilraunum (e. *deliberative experiments*) sem styðja við vistfræðilega umbreytingu háskóla sem eru í Aurora samstarfsnetinu. Verkefnið miðar að því að auðvelda bæði framkvæmd og skilning á rökræðulýðræði (e. *democratic deliberation*) þegar kemur að sjálfbærni. Þetta er gert með því að vinna rannsóknir sem stuðla að auknum skilningi á þeim ferlum sem í þessu felast, útbreiðslu þeirra til annarra háskóla innan Aurora með það að markmiði að gera Aurora samstarfsnetið að fyrirmynd fyrir aðra evrópska háskóla þegar kemur að umhverfisvænum áherslum og með inngildandi og lýðræðislegum aðferðum. Hí tekur þátt í rannsóknarsamstarfinu ásamt vísindafólki við háskólann í Paris-Est Créteil í Frakklandi sem leiðir verkefnið, Vrije háskólann í Amsterdam í Hollandi og háskólann í Duisburg-Essen í Þýskalandi.



NUTRIAGE24

Verkefnið NUTRIAGE hefur það að markmiði að rannsaka hvað orsakar heilbrigða öldrun í Tékklandi, Íslandi og á Spáni sem eru landfræðilega, félags-, efnahags- og umhverfislega ólík lönd. Með því að mynda samstarfshóp milli háskólanna mun NUTRIAGE greina hvernig tengsl næringar, heilsu og umhverfis birtist hjá eldra fólki, með tilliti til almennra aðstæðna þeirra og félagslegra þátta sem hafa áhrif á aðgengi að viðunandi fæðu. Auk HÍ kemur vísindafólk við Rovira i Virgili háskólann á Spáni að verkefninu og Palacký-háskólinn í Tékklandi, sem leiðir verkefnið.



Aðferðafræði

Háskóli Íslands gefur nú út fjórðu sjálfbærniskýrslu skólans en Sjálfbærnistofnun HÍ vann skýrsluna að beiðni sjálfbærninefndar HÍ. Vinna að gerð skýrslunnar fór fram á tímabilinu ágúst til nóvember 2025 en viðmiðunarár skýrslunnar er 2024, með fáeinum undantekningum. Rannsóknarverkefni sem nefnd eru í skýrslunni voru annaðhvort í gangi árið 2024 eða klárðust sama ár. Doktorsverkefni sem fjallað er um lauk með vörn árið 2024.

Í skýrslunni er starf HÍ flokkað eftir heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna með fimm þemu að leiðarljósi: rannsóknir, nám og kennsla, samfélagsleg áhrif og samvinna, rekstur og stjórnun og framtak stúdenta. Hvert heimsmarkmið fær sinn kafla og tilgreint er hvort markmiðið eigi helst við náttúru, samfélag eða efnahag, eins sett er fram á mynd 1, þar sem náttúran er grunnstoð heimsmarkmiðanna og undirstaða efnahags og samfélags.


Ósk eftir ábendingum

Innan HÍ fer fram fjölbreytt starf og er mikil áskorun fólgin í að safna upplýsingum um verkefni unnin á sviði sjálfbærni innan HÍ. Því nýttu höfundar skýrslunnar ýmsar leiðir við öflun efnis svo sem að óska eftir ábendingum starfsfólks og doktorsnema innan HÍ. Fólk var beðið um að senda upplýsingar um ólík verkefni, rannsóknir og námskeið tengd sjálfbærni og heimsmarkmiðunum sem voru í gangi árið 2024. Tvisvar sinnum var óskað eftir efni, en auk þess sendi rektor HÍ út áminningu.

Tekin voru viðtöl við einstaklinga innan HÍ undir hverjum heimsmarkmiðakafla sem hafa unnið rannsóknir eða verkefni í tengslum við tiltekið markmið. Viðmælendur voru valdir eftir tengingu við heimsmarkmið og höfðu ýmist komið upp við vinnslu skýrslunnar eða þegar óskað var eftir ábendingum.

Gagnaöflun

Upplýsingar um fjölda ritrýndra greina sem tengjast hverju og einu heimsmarkmiði voru fengnar úr [Scopus](#), sem er stærsti ágríps- og tilvitnunargagnagrunnur ritrýndra greina í heiminum. Scopus-gagnagrunnurinn nær ekki til greina sem birtar eru á íslensku og er því áætlað að gagnagrunnurinn nái til um 75% allra ritrýndra greina innan HÍ. Gera má ráð fyrir að fjöldi ritrýndra greina í tengslum við hvert og eitt heimsmarkmið innan HÍ sé því hærri en kemur fram í skýrslunni. Upplýsingar fyrir árin 2020–2024 var aflað úr Scopus um miðjan október 2025. Scopus tekur ekki fram tengingu við heimsmarkmið 17, í þeim kafla er því tekin saman tölræði um heildarfjölda ritrýndra greina fyrir heimsmarkmið 1–16 á árunum 2020–2024. Í skýrslunni er tekinn fram áhrifa-stuðull sem er vigtaður eftir rannsóknarsviði (e. *Field-weighted citation impact, FWCI*) fyrir heimsmarkmið 1–16 fyrir árin 2020–2024. FWCI er áhrifastuðull tilvitnana staðlaður eftir hverju rannsóknarsviði og metur fjölda tilvitnana fyrir hverja ritrýnda grein miðað við áætlaðan fjölda tilvitnana fyrir svipaða grein innan þess rannsóknarsviðs. FWCI hærri en 1 gefur til kynna hærri tilvitnunarhlutfall miðað við heimsmeðaltal.



Mynd 1: Heimsmarkmiðin eru flokkuð í þrjár víddir eftir hvort þau tengjast helst náttúru, samfélagi eða efnahag, þar sem náttúran er undirstaða efnahags og samfélags. Heimild: Azote Images fyrir Stockholm Resilience Centre í Háskólanum í Stokkhólmi.

Niðurstöður *Times Higher Education (THE) Impact Ranking* eru tilgreindar í skýrslunni undir hverju heimsmarkmiði, en þar eru háskólar metnir eftir skuldbindingu þeirra við heimsmarkmiðin. Röðunin tekur mið af fjórum sviðum; kennsla, rannsóknum, samstarfi við nærsamfélag, og stjórnun þess mannauðs (e. *stewardship*) sem skólinn býr yfir. HÍ skilar inn gögnum um öll sautján heimsmarkmiðin og eru háskólar metnir eftir þeim þremur heimsmarkmiðum sem þeir fá hæsta einkunn fyrir, ásamt heimsmarkmiði 17. Undir hverju heimsmarkmiði eru gefnar upp niðurstöður nýjustu röðunar HÍ sem birtar voru í júní 2025, þær byggja á gögnum frá árinu 2023.

Allar upplýsingar um sjálfbærni í rekstri HÍ, svo sem úrgang, rafmagnsnotkun, vatnsnotkun og losun gróðurhúsalofttegunda, eru teknar saman af Framkvæmda- og tæknisviði. Þessi gögn eru árlega send til Umhverfis- og orkustofnunar í gegnum Grænt bókhald. Upplýsingar sem koma fram í kaflanum *Sjálfbærni í rekstri* eru frá árunum 2018–2024, nema annað komi fram.

Kortlagning

Upplýsingar um rannsóknir, nám og kennsla, samfélagsleg áhrif og samvinna, rekstur og stjórnun sem og framtak stúdenta voru kortlagðar í samræmi við hvert heimsmarkmið. Sum viðfangsefni höfðu skýra tengingu við tiltekið markmið, á meðan önnur höfðu tengingar við fleiri en eitt og er það þá tekið sérstaklega fram.

Farið var yfir allar fréttar- og viðburðatilkyrningar fyrir 2024 á vefsíðu HÍ og á innri vef skólans, Uglu, til gagnaöflunar. Einnig var farið yfir allar doktorsvarnir innan HÍ árið 2024.

Höfundar skýrslu vilja koma sérstökum þökkum á framfæri til þeirra sem gáfu sér tíma til að senda inn ábendingar sem og til viðmælenda í viðtölum, án ykkar aðstoðar hefði ekki tekist að varpa ljósi á það öfluga og fjölbreytta starf sem unnið er innan HÍ.

Sjálfbærni í rekstri

Umhverfisstefna í rekstri er samin í samræmi við lög um loftslagsmál (70/2012, 5. gr.) þar sem ríkisstofnunum er skylt að setja sér loftslagsstefnu ásamt skilgreindum markmiðum og aðgerðum. Umhverfisstefna í rekstri var samþykkt af Háskólaráði í desember 2022.

Umhverfisstefnan tekur mið af stefnu HÍ á hverjum tíma, setur frekari áherslur í málaflokknum er varðar rekstur skólans og skilgreiningu tengdra markmiða. Það er stefna HÍ að lágmarka umhverfisáhrif frá starfseminni, vernda umhverfið, koma í veg fyrir mengun og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Fylgst er markvisst með árangri starfseminnar í umhverfismálum í rekstri og mælanleg umhverfismarkmið eru sett fram ásamt aðgerðaáætlun, sem nær til starfsfólks og nemenda. Upplýsingar um samgönguvenjur starfsfólks og nemenda voru fengnar úr ferðavenjukönnun sem var lögð fyrir í lok árs 2023, þar sem engar upplýsingar liggja fyrir árið 2024. Kolefnisfótspor HÍ getur breyst lítillega milli ára í sjálfbærni-skýrslum skólans vegna uppfærslu í losunarstuðlum. Viðmiðunarár fyrir eftirlit með árangri er 2018.

Pappírnotkun

70%

minnkun m.v. 2018

99%

af pappír og öðru bréfsfni voru með umhverfisvottun árið 2024



Vatnsnotkun




3%

minni vatnsnotkun miðað við árið 2018

162.709

m³ notkun af köldu vatni árið 2024



Meðhöndlun úrgangs



54%


af úrgangi flokkaður árið 2024

195 tonn

af úrgangi árið 2024

22%

minna magn úrgangs m.v. 2018



Orkunotkun

2%


minni rafmagnsnotkun
m.v. 2018

0%

breyting í heitavatsnotkun
m.v. 2018

100%


af raforku HÍ er frá endurnýjanlegum
orkugjöfum



Samgöngur



Starfsfólk




43% af starfsfólki HÍ ferðaðist með
vistvænum hætti árið 2023

35% af nemendum HÍ ferðuðust með
vistvænum hætti árið 2023


19%
af starfsfólki HÍ hjóluðu árið 2023

46%
af starfsfólki HÍ hjóluðu árið 2023

Nemendur



Losun gróðurhúsalofttegunda



8% minni heildarlosun gróðurhúsalofttegunda
m.v. 2018*

14% minni losun vegna flugferða starfsfólks
m.v. 2018

2% minni losun vegna raforkunotkunar m.v.
2018

51% minni losun vegna úrgangs m.v. 2018**

0% engin breyting á losun vegna heits vatns
m.v. 2018***

*af þeim þáttum sem eru vaktadír í losunarbókhaldi HÍ

**losunarstuðull úrgangs hækkaði haustið 2024 og losun fyrri
ára var uppfærð eftir því

***heitt vatn fékk losunarstuðul haustið 2024 og var losun frá
heitu vatni reiknuð afturvirk



SAMFÉLAG

Útrýma fátækt

í allri sinni mynd alls staðar



RANNSÓKNIR

51 Fjöldi ritrýndra greina frá 2020–2024 með tengingu við heimsmarkmið 1

433 Fjöldi tilvitnana


0,96 Áhrifastuðull vigtaður eftir rannsóknarsviði (FWCI)

NIÐURSTÖÐUR THE Impact Ranking

601–800 af **1267** í heiminum

73,5 af **100** stigum fyrir rannsóknir

Fjöldi ritrýndra greina með tengingu við heimsmarkmið 1



Leigumarkaðurinn á Íslandi

Rannsókn á leigumarkaði á Íslandi sem er leidd af Má Wolfgang Mixa, dósent í viðskiptafræði við HÍ, Kristínu Loftsdóttur, prófessor í mannfræði við HÍ, og Önnu Lísu Rúnarsdóttur mannfræðingi snýr að því að kanna tvísýnileika fólks á leigumarkaði, í húsnæðis-aðstæðum sem flestir Íslendingar kjósa ekki að vera í til langframa. Þrátt fyrir að séreignastefna sé ríkjandi hjá almenningi og stjórnvöldum jókst fjöldi einstaklinga á leigumarkaði eftir hrunið 2008. Í rannsókninni er skoðað af hverju svo hátt hlutfall einstaklinga sé á leigumarkaði og hvaða aðgerðir séu nauðsynlegar til að breyta þeirri þróun. Meðal annars sem skoðað er í rannsókninni er svokölluð „leigukynslóð“, sem getur valdið vanlíðan og óryggi hjá einstaklingum.



Ójöfnuður: Efnahagur, kyn og minnihlutahópar

Námskeiðið Ójöfnuður: Efnahagur, kyn og minnihlutahópar er kennt í Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild HÍ. Í námskeiðinu eru helstu kenningar og rannsóknir félagsfræðinnar um ójöfnuð sett í íslenskt samhengi, en lengi var talið að Ísland væri tiltölulega jafnt samfélag og að ójöfnuður hefuri verið meiri í gegnum tíðina en talið var. Efnahagslegur ójöfnuður hefur verið breytilegur til lengri tíma og frá tíunda áratungum til allra síðustu ára hafa orðið miklar sveiflur í skiptingu tekna, eigna og fjárhagsþrenginga. Í námskeiðinu er velt upp hvers konar ójöfnuður er til staðar í samfélaginu og hvort ákveðnar tegundir ójöfnuðar eiga eftir að skipta meira máli í framtíðinni, m.a. út frá breytingum í samfélagsumhverfinu og í samsetningu mannfjöldans.





Íslendingar vilja jöfnuð en auðmagnið þjappast saman

Ójöfnuði hefur verið lýst sem einni mestu vá sem heimurinn stendur frammi fyrir á 21. öldinni. Jón Gunnar Bernburg, prófessor í félagsfræði, hefur ásamt Sigrúnu Ólafsdóttur rannsakað þróun ójöfnuðar á Íslandi í rannsókninni *Ójöfnuður á Íslandi: Samanburður yfir tíma og á milli svæða*. Rannsóknin, sem byggir á spurningalistakönnunum frá 2009–2010 og 2019–2020, skoðar breytingar á íslensku samfélagi á milli þessara tveggja tímaseiða, en úrvinnsla gagnanna er enn í gangi. Einnig gefur rannsóknin færi á samanburði við yfir 20 önnur lönd í gegnum alþjóðlega verkefnið *International Social Survey Programme*.

Auðmagn hefur áhrif á viðhorf til ójafnaðar

Rannsóknin kafar ofan í hvernig ólíkar tegundir auðmagns, efnahagslegt, menningarlegt og félagslegt, hafa áhrif á viðhorf fólks. Niðurstöðurnar sýna skýr tengsl. „Þeir sem standa sterkar fjárhagslega eru síður líklegir til að sjá tekju-ójöfnuð sem vandamál og að ríkisvaldið eigi að draga úr slíkum ójöfnuði,“ útskýrir Jón Gunnar. „Við sjáum einnig að þau sem hafa hærra menningarlegt auðmagn, [sem felst í] smekk og þátttöku í svokallaðri hámenningu, upplifa það frekar sem óréttlátt að hægt sé að kaupa betri heilbrigðisþjónustu eða menntun,“ bætir hann við.

Tengsl auðmagns og áhrifa í íslensku samfélagi

Rannsakendur hafa einnig komist að nýrri þekkingu á sál-félagslegum áhrifum félagslegs samanburðar, áhrifaþáttum þess að upplifa stöðuóréttlæti og á samspili ólíkra tegunda auðmagns. „Rannsóknin hefur leitt í ljós verulega samþjöppun efnahagslegs, félagslegs og menningarlegs auðmagns í íslensku samfélagi,“ segir Jón Gunnar. Hann bætir við að „einstaklingar sem hafa mikið menningarlegt auðmagn, þ.e. þeir sem hafa öðlast háskólamenntun og tileinkað sér menningarlífstíl, upplifa frekar að staða þeirra veiti rödd þeirra vægi á sviðum stjórnmála og fjölmiðla. Hið sama má segja um þá einstaklinga sem hafa nán tengsl við valdamikla aðila. Slík tengsl virðast veita einstaklingum rödd á sviðum stjórnmála og fjölmiðla.“ Þrátt fyrir þetta benda niðurstöður til ákveðins samhljóms í samfélaginu. „Rannsóknir okkar sýna að Íslendingar vilja búa í tiltölulega jöfnu samfélagi, en það eru líka teikn á lofti um aukinn ójöfnuð. Gögn eins og þessi geta nýst í stefnumótun og verið leiðarljós um hvernig samfélag Íslendinga í heild vilja,“ segir Jón Gunnar að lokum.

Ókeypis félagsráðgjöf fyrir stúdenta

Meistaraneimar í félagsráðgjöf til starfsréttinda veitir háskólanemum og fjölskyldum þeirra ráðgjöf sem m.a. snertir fjölskyldumálefni, uppeldi og samskipti. Markmiðið með þjónustunni er hvort tveggja að þjálfar nemendur í félagsráðgjöf í að veita faglega ráðgjöf, undir handleiðslu reyntra félagsráðgjafa, og bjóða háskólanemum stuðning í erfiðum málum sem þeir kunna að glíma við. Þjónustan er gjaldfrjál.



Tannlæknþjónusta fyrir almenning

Tannlæknadeild HÍ býður upp á tannlæknþjónustu fyrir almenning og er þjónustan í boði á meðan kennsla við deildina fer fram. Tannlæknaneimar veita meðferð undir eftirliti kennara sinna á verklegum kennslustofum. Þjónustugjaldi er haldið í lágmarki og er börnum á aldrinum 0–17 ára boðin ókeypis skoðun og greining á munnheilsu.



Lögfræðiaðstoð Orators

Orator, félag laganema, hefur um árábil veitt almenningi endurgjaldslausa lögfræðiaðstoð einu sinni í viku. Nemendur í meistaranámi við Lagadeild Háskóla Íslands undir umsjón starfandi lögmannna sjá um að veita aðstoð og svör við fyrirspurnum.



Sálfræðiþjónusta innan HÍ

» **Sálfræðiráðgjöf háskólanema** er þjálfunarstöð meistaranema í klínískri sálfræði. Þar er háskólanemum og börnum þeirra boðið upp á sálfræðiþjónustu gegn vægu gjaldi. Sálfræðinemarnir veita þjónustuna undir handleiðslu sérfræðinga í klínískri sálfræði.

» **Sálrækt – hópmeðferð** er í boði fyrir stúdenta án endurgjalds en HÍ hefur boðið upp á þessa þjónustu frá árinu 2018. Nemendur læra þar að nota viðurkennda sálræna hugmyndafræði til að fást við streituálag sem tengist m.a. skóla, samskiptum og erfiðum tilfinningum.

» **Sálfræðiþjónustan** heyrir undir Nemendaráðgjöf HÍ (NHÍ) og veita sálfræðingar ráðgjöf og stuðning í einu til þremur einstaklingsviðtölum á önn sem eru gjaldfrjáls fyrir nemendur skólans. Viðtölin geta farið fram á íslensku, ensku, dönsku eða þýsku. Auk þess er boðið upp á hópnaðmskeið gegn vægu gjaldi.



Framfærslustyrkur stúdenta

Stúdentasjóður Háskóla Íslands er styrktarsjóður stúdenta við HÍ og fer Stúdentaráð SHÍ með vörslu sjóðsins. Frá sjóðnum er hægt að sækja um framfærslustyrk, sem er sérstaklega ætlaður erlendum stúdentum við HÍ, sem Erasmus+ styrkur nær ekki til, vegna fjárhagslegra erfiðleika sem og stúdenta við HÍ með gilt örorkumat.



Rannsóknir



Nám og kennsla



Samfélagsleg áhrif og samvinna



Rekstur og stjórnun



Framtak stúdenta



SAMFÉLAG

Útrýma hungri, tryggja fæðuöryggi og bætta næringu og stuðla að sjálfbærum landbúnaði

RANNSÓKNIR

73 Fjöldi ritrýndra greina frá 2020–2024 með tengingu við heimsmarkmið 2

1087 Fjöldi tilvitnana


1,57 Áhrifastuðull vigtaður eftir rannsóknarsviði (FWCI)

THE Impact Ranking Results

401–600 af **955** í heiminum

80,4 af **100** stigum fyrir rannsóknir

Fjöldi ritrýndra greina með tengingu við heimsmarkmið 2



HOMEFOOD

Berglind Soffía Ásbjörnsdóttir varði doktorsritgerð sína í næringarfræði við Matvæla- og næringarfræðideild sem bar heitið *HOME-FOOD sex mánaða slembiröðuð rannsókn. Næringarmeðferð og heimsendur matur eftir útskrift af Landspítala fyrir eldra fólk*. Van-næring er algengt vandamál hjá eldra fólki og mjög algengt á meðal eldra fólks sem dvelst á sjúkrahúsi. Markmið rannsóknarinnar var að kanna hvort hægt væri að hafa jákvæð áhrif á útkomur með lengri og ákafari fjölbáttu íhlutun en hingað til hefur verið gerð á Íslandi. Þátttakendum var raðað í íhlutunar- og viðmiðunarhóp þar sem íhlutunarhópurinn fékk næringarmeðferð frá klíniskum næringarfræðingi ásamt fríum orku- og próteinbættum mat, næringar-drykkjum og snarli í sex mánuði. Niðurstöður sýndu meðal annars að orku- og próteininntaka og líkamsþyngd jókst marktækt hjá íhlutunarhópnum, en minnkaði hjá viðmiðunarhópnum og líkamleg vitræn geta, mat á eigin heilsu og heilsutengd lífsgæði urðu einnig marktækt betri hjá íhlutunarhópnum.



Bætt nýting, varðveisla og gæði brúnþörunga

Anna Þóra Hrólfsdóttir varði doktorsritgerð sína í matvælafræði við Matvæla- og næringarfræðideild HÍ um bættu nýtingu, varðveislu og gæði brúnþörunga. Markmið rannsóknarinnar var að kanna og bæta virðiskeðjur valinna brúnþörunga, með áherslu á fullnýtingu hráefnis í mjölvinnslu úr klóþangi, varðveislu og geymslupól á ræktuðum beltispara og marinkjarna og að meta nýtingu fjölliðrófs-myndagreiningartækni (MSI) til að meta gæði stórbörunga innan iðnaðarins. Niðurstöður rannsóknarinnar sýndu að tækifæri eru í því að auka verðmæti stórbörunga með bættum framleiðsluferlum og að sýring gæti hentað vel sem varðveisluaðferð fyrir ræktaða brúnþörunga. Einnig benda niðurstöður til að MSI gæti verið notuð til gæðamats á stórbörungum innan iðnaðarins.





Vannæring á Íslandi er falinn vandi með víðtækar afleiðingar

Þegar rætt er um heimsmarkmið 2 um að útrýma hungri beinast sjónir oft að fátækari ríkjum, en Ólöf Guðný Geirsdóttir, prófessor við Matvæla- og næringarfræðideild, segir þó mikilvægt að skoða næringu viðkvæmra hópa á Íslandi. „Þótt vannæring eða kyrking (e. *stunting*) barna innan fimm ára aldurs sé almennt ekki vandamál hér á landi eru aðrir hópar sem þarfnast sérstakrar athygli,” útskýrir Ólöf Guðný. „Hins vegar eru rannsóknir á mataræði íslenskra barna og unglunga um 20 ára gamlar sem er áhyggjuefni því fæðu-umhverfi þeirra hefur breyst verulega á síðustu 20 árum. Auk þess hafa nýjar rannsóknir á næringarástandi og fæðuvæðum íslenskra verðandi mæðra bent til þess að verulega þarf að bæta ráðleggingar til verðandi foreldra til að tryggja andlega og líkamlega vellíðan ófæddis barns,” bætir hún við.

Vannæring aldraðra er kostnaðarsamt þjóðfélagsmeið

Rannsóknir Ólafar Guðnýjar hafa sérstaklega beinst að eldra fólki, en vannæring er algeng hjá veikum og hrumum

öldruðum. „Nýlegar íslenskar rannsóknir á inniliggjandi sjúkl-ingum, eldra fólki á öldrunarstofnunum og eldra fólki sem fær heimahjúkrun sýna að þetta er viðkvæmur hópur sem er í áhættu á að vera vannæður,” útskýrir hún. Hún bendir á að alþjóða-stofnanir hafi ítrekað ályktað að vannæring aldraðra sé alvarlegt þjóðfélagsmeið sem verði að laga. Vannæring aldraðra skaðar ekki aðeins heilbrigði einstaklingsins heldur eykur líka álag á aðstandendur, auk þess að vera verulegur kostnaðarauki og álag á félags- og heilbrigðiskerfi allra þjóða. Spálíkön sýna að innan tíu ára munum við ekki geta þjónað þessum eldri hópi fólks eins og þarf ef ekkert breytist, og því ljóst að bregðast þurfi við.

Betri næring eykur lífsgæði og dregur úr álagi á heilbrigðiskerfið

Markmið rannsókna Ólafar Guðnýjar og samstarfsfélaga er ekki aðeins að skoða tíðni og áhættuþætti vannæringar heldur að finna lausnir og sýna fram á hagkvæmni þess að fyrirbyggja vannæringu eldra fólks. „Niðurstöður okkar rannsókna sýna að hægt er að auka lífsgæði einstaklingsins, líðan og færni auk þess að betra næringarástand getur dregið úr komum á heilbrigðis-stofnanir, fækkað legudögum á sjúkrahúsi og jafnvel dregið úr byltuhættu aldraðra, sem dregur verulega úr kostnaði innan heilbrigðiskerfisins,” útskýrir hún.

Hún leggur áherslu á að lausnin felist í breiðu samstarfi, þar sem næring er málefni allra sem vinna að hag hins aldraða. „Næringar-ástand hefur áhrif á útkomu læknisfræðilegrar meðferðar, endur-hæfingar eftir veikindi eða slys ásamt líkamlegri og andlegri færni. Því byggir *SIMPLER*-verkefnið, sem er alþjóðlegt samvinnuverkefni innan Landspítalans og Háskóla Íslands, á þverfræðilegri samvinnu hins aldraða, aðstandenda og allra heilbrigðisstarfsmanna. Sú samvinna er lykillinn að betra næringarástandi og farsælli útkomu hins aldraða einstaklings,” segir Ólöf Guðný að lokum.

Samfélög manna og örvera: Örverur, menning, heilsa og umhverfi

Matvæla- og næringarfræðideild býður upp á námskeiðið *Samfélög manna og örvera*. Í námskeiðinu gefst nemendum tækifæri að kanna samlífi örvera og manna út frá ýmsum sjónarhornum sem eru m.a. ættuð úr örverufræði og þjóðfræði, matvælafræði, næringarfræði og mannfræði. Til þess að skilja og takast á við áskoranir 21. aldar varðandi umhverfi, heilsu og samfélag þarf að skila hlutverk þessara fyrstu lífvera betur og hvernig það tvinnast saman við líf okkar sjálfra og nágranna okkar í lífríkinu. Í námskeiðinu er m.a. litið til þess hvernig örverur koma að þróun og varðveislu matvæla í samfélögum manna, hlutverki þeirra í meltingu og í tengslum við andlega og líkamlega heilsu. Einnig er farið yfir hvernig örverur viðhalda lífsnauðsynlegum hringrásum lífrænna efna og geta umbreytt rusli og úrgangi í endurnýjanlegt form eins og heilbrigðan jarðveg.



Vistkerfræði – hollur matur fyrir heilbrigði fólks og jarðar

Í námskeiðinu *Vistkerfræði* sem er kennt í grunnnámi í Deild heilsuefningar, íþrótt og tómstunda á Menntavísindasviði kynnast nemendur hvernig fæðuval hefur áhrif á heilbrigði fólks og jarðar.

Lögd er áhersla á að það sem við borðum hefur ekki aðeins áhrif á heilbrigði okkar sjálfra heldur einnig á heilbrigði jarðarinnar. Á námskeiðinu er farið yfir undirstöðupætti vistkerfræðis og hvernig hægt er að breyta fæðuvali til hagsbóta fyrir okkur sjálf og jörðina auk þess að með breyttu fæðuvali er hægt að minnka líkur á ýmsum sjúkdómum, framleiða nægan mat fyrir alla og draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.



Vegan úrval og spornað gegn matarsóun í Hámu

Nemendur HÍ hafa lengi barist fyrir betra aðgengi að vegan mat á háskólasvæðinu og í Hámu er að finna frábært úrval vegan matvæla, eins og samlokur, salat, bakkelsi og fleira. Á hverjum degi býður Háma upp á tvo heita rétti og er annar þeirra ávallt vegan. Háma hefur einnig lagt mikla áherslu á að draga úr matarsóun í Hámu og á háskólasvæðinu, t.d. með því að selja vörur gegn lægra verði daginn eftir og fylgja fast eftir allri birgðastýringu til að komast hjá óþarfa sóun í framleiðsluferlinu. Háma gefur einnig afgangsmat til Samhjálpur fyrir aðila í neyð og þá sem hafa ekki tók á að sjá sér fyrir mat sjálfir.



Rannsóknir



Nám og kennsla



Samfélagsleg áhrif og samvinna



Rekstur og stjórnun



Framtak stúdenta



SAMFÉLAG

Stuðla að heilbrigðu líferni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar



RANNSÓKNIR

1258 Fjöldi ritrýndra greina frá 2020–2024 með tengingu við heimsmarkmið 3

37376 Fjöldi tilvitnana


2,42 Áhrifastuðull vigtaður eftir rannsóknarsviði (FWCI)

NIÐURSTÖÐUR THE Impact Ranking

101–200 af **1788** í heiminum

73,9 af **100** stigum fyrir rannsóknir

Fjöldi ritrýndra greina með tengingu við heimsmarkmið 3



Áhrif heilahristings á íþróttakonur

Hópur vísindakvenna við HÍ, Háskólann í Reykjavík og Landspítalann hafa undanfarin ár skoðað áhrif heilahristings á íþróttakonur, en margt bendir til að konur séu viðkvæmari fyrir áhrifum heilahristings en karlar. Þátttakendur í rannsókninni voru konur í snertiíþróttum. Í rannsókninni voru gerð ýmis sálfræðileg og taugasálfræðileg próf á þátttakendum, framkvæmd nákvæm læknisskoðun og tekin blóðprufa þar sem hormón allra heiladingulöxla voru mæld. Niðurstöðurnar benda til að heilahristingur geti valdið breytingum sem koma fram í sálfræðiprófum, taugasálfræðiprófum og hormónamælingum í blóði. Slíkar breytingar er hægt að meðhöndla og þar með auka lífsgæði sjúklinga. Rannsóknin hefur hlotið styrk m.a. úr Rannsóknasjóði Rannís.



Miðstöð í öldrunarfræðum

Miðstöð í öldrunarfræðum er starfrækt undir Heilbrigðisvísindastofnun HÍ í samvinnu við Landspítala. Meginmarkmið hennar er að efla rannsóknir og samstarf háskóla, fræðafólks, félagasamtaka og stofnana um málefni sem tengjast eldra fólki og stuðla að þróun þjónustu og nýsköpunar fyrir eldra fólk á Íslandi.



Áhrifavaldar heilbrigðis, forvarnir og heilsuefling

Í námskeiðinu, sem er kennt í framhaldsnámi við Læknadeild, fá nemendur yfirsýn yfir helstu áhættuþætti ótímabærra dauðsfalla í vestrænum samfélögum og mismunandi forvarnaaðgerðir. Áhersla er lögð á að skipuleggja, innleiða og meta árangur af ólíkum aðgerðum sem ætlað er að efla almenna heilsu og styðja við forvarnir. Nemendur vinna einnig hópverkefni um valinn áhættuþátt og leggja fram tillögur að úrbótum.



Áfengis- og vímuefnamál

Áfengis- og vímuefnamál er örnám á framhaldsstigi á Félagsvísindasviði sem hefur það að markmiði að koma til móts við þörf fyrir sérhæfða þekkingu og færni á sviði áfengis- og vímuefnamála. Nemendur fá bæði fræðilega og hagnýta þekkingu á málefnum einstaklinga með áfengis- og vímuefnaröskun og þeim áhrifum sem slík röskun getur haft á aðra í fjölskyldunni og fjölskyldukerfi.





Mynd: Ástráður

Jafningjafræðsla um kynheilbrigði skilar árangri

Ástráður, kynfræðslufélag læknanema við Háskóla Íslands, hefur frá árinu 2000 unnið að því að fræða ungmenni um kynheilbrigði og stuðla að opnu samtali um þetta viðkvæma málefni. Birta Hlín Birgisdóttir, formaður félagsins, segir starfið umfangsmikið, en árlega fara annars árs læknanemar í alla framhaldsskóla landsins og halda fyrirlestra um samskipti, samþykki, kynsjúkdóma og getnaðarvarnir, auk þess sem þriðja árs nemar fræða í grunnskólum og félagsmiðstöðvum.

Að setja mörk og eiga heilbrigð samskipti

Lykillinn að árangri Ástráðs er svokölluð jafningjafræðsla þar sem ungt fólk fær fræðslu frá aðeins eldri jafningjum sínum. „Þannig skapast auðveldara samtal og nemendur eru líklegri til að spyrja spurninga sem skipta þá máli,“ útskýrir Birta Hlín. Hún segir að markmiðið sé mun víðtækara en aðeins að koma í veg fyrir sjúkdóma. „Mikilvægt er að ná til ungmenna á þessum aldri því góð kynfræðsla snýst ekki aðeins um forvarnir heldur einnig um að styrkja þau til að setja eigin mörk, virða aðra og eiga heilbrigð samskipti.“

Traust skiptir sköpum

Starfið hefur vaxið hratt og heldur Ástráður nú yfir 170 fyrirlestra árlega um allt land. „Árangurinn sést í jákvæðum viðbrögðum nemenda, vaxandi eftirspurn skóla og opnara samtali um kynheilbrigði,“ segir Birta Hlín. „Okkur hefur þó hvað mest komið á óvart hversu mikið ungt fólk treystir okkur, bæði í spurningum á fyrirlestrum og í gegnum samfélagsmiðla, sem undirstrikar hversu mikil þörf er á aðgengilegri og fordómalausri fræðslu,“ bætir hún við að lokum.

Heilsa og vellíðan starfsfólks HÍ

HÍ býður starfsfólki sínu upp á fjölbreytta þjónustu sem styður við heilsu og vellíðan.

» Velferðartorg – Kara connect

HÍ hefur gert samkomulag við Kara connect og býður starfsfólki millilíðalausan aðgang að úrræðum og ráðgjöf frá innlendum og erlendum fagaðilum á sviði geðheilbrigðis og vellíðunar.

» Heilsuár HÍ

Heilsuár HÍ er í boði á hverju skólaári til að skapa hvetjandi, sjálfbært og ánægjulegt vinnuumhverfi sem styður við heilsu og vellíðan starfsfólks. Heilsuárinu er skipt í fimm þemu, hvert í tvo mánuði í senn: líkamlega heilsu, faglega heilsu, geðheilsu, persónulega heilsu og félagslega heilsu.

» Bólusetning gegn árlegri influensu

Mannauðssvið býður starfsfólki árlega upp á ókeypis bólusetningu við influensu.

» Blóðbankabíllinn

Blóðgjafamánuður HÍ var endurvakinn árið 2024 eftir nokkurra ára hlé, með það markmið að hvetja fleiri til að gerast reglulegir blóðgjafar. Blóðbankabíllinn kom á háskólasvæðið og var viðburðurinn skipulagður af Lýðheilsufélagi læknanema.



Samfélagsverkefni nemenda

Stúdentar við HÍ nýta þekkingu sína og krafta með ýmsum hætti í þágu samfélags og samnemenda.

» Hollráður

Nemendur í grunnnámi í sjúkrahjálfunarfræðum hafa á undanförunum árum boðið framhaldsskólanemendum upp á kynningu á námi í sjúkrahjálfun ásamt heilsuefandi fræðslu og nefnist verkefnið Hollráður.

» Bangaspítalinn

Lýðheilsufélag læknanema býður leikskólabörnum að koma í heimsókn á spítalann með veika eða slasaða bangsa. Markmiðið er að draga úr ótta við lækna, heilbrigðisstarfsfólk og spítaluumhverfið, auk þess að gefa læknanemum tækifæri til að æfa samskipti við börn.

» Íþróttaskóli SHÍ

Íþróttaskóli SHÍ er í boði fyrir börn á aldrinum 2–5 ára þar sem unnið er með þrautabrautir með það að markmiði að efla hreyfi- og félagsþroska barna.





SAMFÉLAG

**Tryggja jafnan aðgang allra
að góðri menntun og stuðla að
tækifærum allra til náms alla ævi**

RANNSÓKNIR

163 Fjöldi ritrýndra greina frá 2020–2024 með tengingu við heimsmarkmið 4

1103 Fjöldi tilvitnana


1,10 Áhrifastuðull vigtaður eftir rannsóknarsviði (FWCI)

NIÐURSTÖÐUR THE Impact Ranking

1001–1500 af **1975** í heiminum

74,1 af **100** stigum fyrir rannsóknir

Fjöldi ritrýndra greina með tengingu við heimsmarkmið 4



Möguleikar útimenntunar á Íslandi

Í doktorsritgerð Jakobs Frímanns Þorsteinssonar við Deild menntunar og margbreytileika voru kannaðir ólíkir þættir útivistar á Íslandi og þeir lykilþættir dregnir fram sem gera hana að útimenntun í samhengi við útiveru barna. Í rannsókninni eru færð rök fyrir því að umgjörðin sem náttúran skapar og samneyti við hana sé í forgrunni, en félagsleg tengsl og vinátta, reynsla og upplifun, staður og ígrundun gera útivist að mikilvægri menntun sem er vel til fallin í litrófi góðrar almennrar menntunar. Í doktorsverkefninu var varpað ljósi á breitt svið útimenntunar, t.d. í skólum, frístundastarfi og ferðaþjónustu.



TINK@School

TINK@School er alþjóðlegt rannsóknarverkefni sem er leitt af HÍ og styður við sjálfbærni- og menntun í Evrópu í gegnum fíktaðferðir (e. tinkering), sem er nálgun sem einkennist af leikandi og endurteknum tilraunum þar sem þátttakendur eru stöðugt að endurmeta markmið sín og kanna nýjar leiðir og ímynda sér nýja möguleika. Fíktaðferðir hvetja m.a. til sköpunar og færniþróunar nemenda í vandamálum sem eru gjarnan illa skilgreind, eins og sjálfbærni- vandamál gjarnan eru, með því að ögra hefðbundnum kennslu- háttum og styður þannig kennara og skóla í viðleitni þeirra til að beita ólíkum inngrípum í kennslu á sjálfbærni og loftslagsmálum.



NýMennt

NýMennt á Menntavísindasviði HÍ vinnur að samfélagslegri nýsköpun og starfsþróun í samstarfi við stjórnvöld, sveitarfélög, menntastofnanir og aðra hagaðila með farsæld barna að leiðarljósi. NýMennt býður upp á fjölbreytta þjónustu sem er aðgengileg öllum óháð staðsetningu.

» **Kennarakvikan** er vettvangur fyrir kennara til að geyma, miðla og vinna saman að efni tengdu kennslu. Þar má finna allt frá verkefnum, upplýsingum og öðrum björgum fyrir kennara og allir geta bætt sínu efni við. Uppruni verkefnisins snýr að eflingu raunvísinda- og tæknigreina á NýMennt.

» **Menntahleðslan** er stutt endurmenntunarnámskeið um ákveðna þætti menntunar og uppeldis. Efni Menntahleðslu miðast við að henta fjölbreyttum hópi sem starfar við skólaþjónustu á Íslandi.

» **Menntamiðjan** er samstarfsvettvangur á netinu þar sem finna má á einum stað m.a. upplýsingar um endurmenntun, viðburði og styrki fyrir fólk í skólakerfinu, t.d. tengt starfsþróun, ráðstefnum, námssamfélögum og torgum.



Sjálfbærni, náttúra og listir

Í námskeiðinu *Sjálfbærni, náttúra og listir* sem er kennt í grunnnámi í Deild kennslu- og menntunarfræða er áhersla á sjálfbærni og



Sjálfbærni verði hluti af námi allra nemenda

Málefni sem tengjast sjálfbærni, svo sem loftslagsbreytingar, tap á líffræðilegri fjölbreytni og vaxandi ójöfnuður, eru meðal brýnustu áskorana samtímans. Karen Elizabeth Jordan, aðjúnt við Deild menntunar og margbreytileika, bendir á að brýnt sé að háskólinn bregðist við í samræmi við það. „Háskólinn þarf að undirbúa nemendur með þekkingu, færni og hæfni til að takast á við þessar áskoranir,” segir hún. „Til þess þarf að styðja við kennara allra fræðasviða til að flétta sjálfbærni inn í sína kennslu, t.d. með því að bjóða upp á þjálfun, námsefni og stuðning þvert á háskólann.” Þetta var markmið verkefnisins *Háskólamenntun til sjálfbærni*, eða HighES.

Verkefni til að styðja kennara þvert á fræðasvið

„HighES var samstarf á milli Menntavísindasviðs og Sjálfbærni-stofnunar,” útskýrir Karen, en samstarfið var liður í að styðja starfsfólk Háskóla Íslands við að innleiða sjálfbærni í sína kennslu. Verkefnið var styrkt af Rannsóknarsjóði Háskóla Íslands og hófst á því að afla upplýsinga frá þeim sem þegar voru að vinna að þessum málum. „Við tókum viðtöl við ellefu kennara af öllum fimm fræðasviðum Háskólans sem deildu reynslu sinni af sjálfbærni-menntun. Niðurstöðurnar nýttust svo í vinnustofu þar sem þátt-takendur skoðuðu hagnýtar leiðir til að samþætta sjálfbærni í kennslu.”

Að gera sjálfbærni-menntun aðgengilegri

Karen hefur tekið eftir auknum skilningi og áhuga á málefninu, „fleiri eru meðvitaðir um sjálfbærni almennt, m.a. vegna aukins sýnileika náttúruhamfara af völdum loftslagsbreytinga, mengunar og vaxandi ójöfnuðar.” Þótt margir kennarar séu áhugasamir, og sumir hafi þegar innleitt sjálfbærni í sína kennslu, bendir hún á að innleiðingin sé ekki alltaf einföld. „Ég held að meirihluti háskólakennara hafi áhuga, en sumir eru hikandi við að snerta á sjálfbærni þar sem þeir hafa litla reynslu eða sérþekkingu á efninu. Þetta getur líka reynst erfitt vegna mikils vinnuálags og þess að kennsluáætlanir eru þegar þéttsetnar,” útskýrir Karen. Verkefnið miðaði að því að lækka þennan þröskuld með því að veita áþreifanlegan stuðning, sérstaklega með því að miðla reynslu og starfsháttum annarra kennara þvert á háskólann.

sjálfbærni-menntun í gegnum þátttöku barna í samfélaginu og nám þeirra um náttúru í tengslum við sjálfbærni-menntun. Áhersla í námskeiðinu er á náttúruskynjun og fagurfræði og hvernig vinna má með náttúru og sjálfbærni í myndmennt með börnum.



Háskólabróú Keilis

Keilir, miðstöð vísinda, fræða og atvinnulífs á Reykjanesi, og HÍ eru með samstarfssamning um aðfaranám Háskólabróúar Keilis, sem er námsleið ætluð námsmönnum sem ekki uppfylla inngönguskilyrði í HÍ. HÍ ber faglega ábyrgð á aðfaranáminu, en Keilir sér alfarið um framkvæmd kennslu í samræmi við námskrá og kröfur HÍ. Tölu-verður fjöldi nemenda hefur lokið námi hjá Háskólabróú Keilis og um 80% þeirra hafið nám í HÍ.



Háskóli Íslands og STEM Ísland

HÍ og STEM Ísland hafa undirritað samning þess efnis að efla raun- og tæknigreinamenntun með uppbyggingu á samfélagslegum STEM- og STEAM-námsvistkerfum um land allt. Markmið með uppbyggingu námsvistkerfanna er að efla STEM/STEAM-færni á landsvísi, allt frá leikskóla og til vinnumarkaðar. Bakhjarlar verkefnisins eru Menntavísindasvið og Verkfræði- og náttúruvísindasvið HÍ, en Nýmennt við Menntavísindasvið fer með framkvæmd samningsins.



Fjarnám í HÍ

HÍ býður fjölda námsleiða og námskeiða í fjarnámi og er unnið að því að fjölga þeim með gæði að leiðarljósi. Hvort sem nemendur

kjósa að stunda háskólanám í heimabyggð eða með vinnu er hægt að finna fjölbreytt fjarnám með öflugra þjónustu og stuðning, sem styður bætt aðgengi að námi og dregur úr ójöfnuði því tengdu.



Samfélagsverkefni HÍ fyrir börn á grunnskólaaldri

HÍ hefur það að markmiði að efla tengsl við íslenskt samfélag, efla og auka áhuga og skilning á vísindum. Hér að neðan eru dæmi um nokkur samfélagsverkefni innan HÍ fyrir börn á grunnskólaaldri:

» Vísindasmiðjan

Markmið Vísindasmiðjunnar er að efla áhuga ungmenna á vísindum og fræðum með gagnvirkum og lifandi hætti og styðja þannig við kennslu á sviði náttúru- og raunvísinda. Vísindasmiðjan er opin skólahópum, þeim að kostnaðarlausu, leitt af kennurum og nemendum við HÍ með heimsmarkmið SP að leiðarljósi.

» Háskóli unga fólksins (HuF)

Á hverju ári býður HuF börnum á aldrinum 12–14 ára að auka áhuga og skilning á vísindum eða því að bjóða upp á námskeið sem tengjast öllum fræðasviðum HÍ og eru kennarar úr hópi nemenda, kennara og samstarfsaðila HÍ. Sérstök áhersla er lögð á að tryggja jafnrétti og fjölbreyttan bakgrunn nemendahóps með því að bjóða nemendum af erlendum uppruna þátttöku þeim að kostnaðarlausu. HuF hefur verið starfræktur í 20 ár.

» Háskólalestin

Á hverju ári hefur Háskólalestin ferðast um landið og er hún undirbúin í samstarfi við sveitarfélög og grunnskóla í heima-byggð. Í Háskólalestinu eru í boði valin námskeið úr Háskóla unga fólksins og vísindamiðlun úr Vísindasmiðjunni. Heimsmarkmið SP eru höfð að leiðarljósi í allri starfsemi Háskólalestarinnar.





SAMFÉLAG

Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd allra kvenna og stúlkna eflað

RANNSÓKNIR

159 Fjöldi ritrýndra greina frá 2020–2024
með tengingu við heimsmarkmið 5

1642 Fjöldi tilvitnana


1,48 Áhrifastuðull vigtaður eftir rannsóknarsviði
(FWCI)

NIÐURSTÖÐUR THE Impact Ranking

401–600 af **1559** í heiminum

79 af **100** stigum fyrir rannsóknir

Fjöldi ritrýndra greina með tengingu við heimsmarkmið 5



Hvernig má loka kynjabilinu í efnahagslegri þátttöku og leiðtogastörfum

Ísland er í fararbroddi í jafnréttismálum, en þó er þörf á aðgerðum til að loka kynjabilinu í efnahagslegri þátttöku, og er markmið rannsóknarinnar að koma auga á leiðir til að loka því. Framlag hennar felst m.a. í því að skoða raunhæfar leiðir til að loka kynjabili í efnahagslegri þátttöku, kanna áhrif löggjafar á jafnalaunavottun og kynjakvóta, og meta stefnu og kynjajafnvægi í stjórnun fyrirtækja og fjárfestinga með kynjagleraugum. Rannsókninni er einnig ætlað að byggja upp gagnagrunn um stöðu kynjanna og bera saman áhrif jafnréttisaðgerða á Norðurlöndunum, í Eystrasaltlöndunum og tilteknum ríkjum Bandaríkjanna. Lykilafurð verkefnisins er þróun gagnsæis mælaborðs kynjakvarða sem mælir áhrif kynjajafnvægis á fjárhagslega afkomu og á sjálfbærni- og umhverfisvísa sem hægt er að útfæra á alþjóðavettvangi. Rannsóknin hlaut styrk í gegnum Rannsóknarstyrk Rannís.



Áhrif stefnumótunar og foreldramenningar á barneignir á Íslandi (FIBI)

Rannsóknaverkefnið FIBI (e. *Fertility intentions and behaviour in Iceland*) hefur það að markmiði að skapa þekkingu um þróun fæðingartíðni á Íslandi og þá mögulegu áhrifaþætti sem kunna að hafa áhrif á lækkandi fæðingartíðni hérlandis. Rannsóknin er sú

fyrsta sinnar tegundar þar sem barneignir á Íslandi eru skoðaðar á heildstæðan hátt. Markmið verkefnisins er að rannsaka breytingar sem hafa orðið á fæðingartíðni á síðastliðnum árum og öðlast skilning á ástæðum þeirra, auk þess að kanna hvort munur sé á barneignum eftir félagslegum bakgrunni og hvort menning og viðhorf til foreldrahlutverks hafi áhrif á ákvarðanir um barneignir. Rannsakendur leitast einnig við að svara því hvort fjölskyldustefna á Íslandi styðji nægilega vel við barnafjölskyldur og fangi síaukinn fjölbreytileika og breyttar þarfir fjölskyldna. Verkefnið hlaut Öndvegisstyrk frá Rannsóknasjóði Rannís og er leitt af þverfræðilegum hópi fræðafólks frá HÍ og Háskólanum á Akureyri.



Kynjaforisleifafræði

Í námskeiðinu *Kynjaforisleifafræði*, sem kennt er í grunnnámi í fornleifafræði við Hugvísindasvið, er farið yfir sögu og þróun greinarinnar og tengingu hennar við feminisma og síðvirknihyggju. Kyngervishugtakið er sífellt að vikka og nær nú til rannsókna á konum og körlum, jafnt sem börnum, tilteknum þjóðfélagshópum, aldri og lífshlaupi. Á námskeiðinu eru einnig kynnt dæmi frá fornleifarannsóknum sem byggja á kenningum og aðferðum kynjaforisleifafræðinnar.





NÁTTÚRA

Tryggja aðgengi að og sjálfbæra nýtingu allra á hreinu vatni og salernisaðstöðu



RANNSÓKNIR

95 Fjöldi ritrýndra greina frá 2020–2024
með tengingu við heimsmarkmið 6

2954 Fjöldi tilvitnana


1,94 Áhrifastuðull vigtaður eftir rannsóknarsviði
(FWCI)

NIÐURSTÖÐUR THE Impact Ranking

601–800 af **1042** í heiminum

75,9 af **100** stigum fyrir rannsóknir

Fjöldi ritrýndra greina með tengingu við heimsmarkmið 6



Örplasttrefjar í fráveituvatni á norðurslóðum

Mengun af völdum örplasts á norðurslóðum hefur vakið vaxandi athygli á heimsvísu vegna neikvæðra áhrifa hennar á fæðuvefi á norðurslóðum og hnattrænar loftslagsbreytingar. Meginuppspretta þessarar mengunar er losun örplasts í gegnum frárennsli skólps í hafsvæðum á norðurslóðum, sér í lagi örplasttrefja af manna-völdum úr fráveituvatni og iðnaðarskólpi. Í verkefninu er flutningur örplasts rannsakaður í gegnum himnutækni og áhrif hans greind í gegnum tilraunir og tölulega greiningu. Niðurstöður benda til að örplast auki uppsöfnunarferli við mismunandi skilyrði, en þær veita hagnýta innsýn í áhættuna sem ólík meðhöndlun á fráveituvatni í sveitarfélögum getur haft. Rannsóknin er styrkt í gegnum Samstarfs-sjóð Bretlands og Íslands á sviði rannsókna á norðurslóðum og er samstarfsverkefni Bing Wu, prófessors við Umhverfis- og bygg-ingarverkfræðideild, og Háskólans í Bath.



Fráveitur og afrennsli í borg

Námskeiðið *Fráveitur og afrennsli í borg* er kennt á grunn- og framhaldsstigi í Umhverfis- og byggingarverkfræðideild. Markmið námskeiðsins er að veita innsýn í söfnun og flutning fráveituvatns og afrennslis í borg. Við lok námskeiðs eiga nemendur námskeiðs-ins meðal annars að sýna hæfni í að útskýra hlutverk umhverfis- og byggingarverkfræðinga í að bæta hreinlætisaðstöðu og auka viðnámsþol borga við loftslagsbreytingum, að lýsa mengun tengdri skólpi og vísun til að meta styrkleika skólps, hanna skólps- og regnvatnslagnakerfi, sem og að geta lýst aðlögun að loftslags-breytingum með sjálfbærri regnvatnsstjórnun.





Eilífðarefnin setja vatnsauðlindina undir smásjá

Aðgengi að hreinu vatni er forsenda heilsusamlegs lífs og er kjarninn í heimsmarkmiði 6. Þótt Ísland búi vel að hreinu drykkjarvatni getur ýmis starfsemi mengað vatnið og því mikilvægt að rannsaka þær ógnir sem steðja að því. María J. Gunnarsdóttir, sérfræðingur við Vatnaverkfræðistofu, Hrund Ó. Andradóttir, prófessor í umhverfisverkfræði, og Kristín Ólafsdóttir, dósent og forstöðumaður Rannsóknastofu í lyfja- og eiturefnafræði, hafa einmitt gert það í sterku alþjóðlegu samstarfi.

Nýmengunarvaldar ógna hreinu vatni

Að sögn þeirra hefur umræða um svokallaða nýmengunarvalda vaxið síðustu ár. „Þetta eru efni sem bætt er í vörur til að bæta eiginleika þeirra, en geta verið skaðleg bæði heilsu og umhverfinu,“ útskýra þær. „Efni geta borist í vatnavistkerfi með útblæstri, ofanvatni af byggðum innviðum og skólpi.“ Sem dæmi nefna þær svonefnd eilífðarefni, eða PFAS-efni, sem notuð voru í m.a. teflon-pönnur, útivistarfatnað og slökkvifroðu, auk íbætiefna í plastvörur eins og bisfenól og eldtefjandi efni. „Þar sem Íslendingar nota þessar vörur er svo mikilvægt að rannsaka efnafræðilega eiginleika vatnsauðlindarinnar okkar og ganga úr skugga um hversu hrein hún er,“ bæta þær við.

Drykkjarvatnið í Reykjavík reyndist mjög hreint

Árið 2022 hlaut hópurinn styrk frá Vísindasjóði Orkuveitu Reykjavíkur til að rannsaka þessi efni í drykkjarvatni, ofanvatni og skólpi í Reykjavík. Sýni voru tekin á mismunandi árstíðum í vatnsbólum, blönduðu húsaskólpi, regnvatnsræsum, tjörnum og lækjum á höfuðborgarsvæðinu og greind í samstarfi við erlenda sérfræðinga. Niðurstöðurnar eru að mörgu leyti betri en búast mátti við, en þær segja niðurstöðurnar „almennt séð gefa til kynna að drykkjarvatnið í Reykjavík sé mjög hreint“. „Einn samstarfsaðili okkar komst svo að orði að PFAS-gildin sem greindust í Heiðmörk væru svo lág að allir heimsbúar gætu öfundað okkur af þeim!“. Þó fundust vísbendingar um að ástæða sé til að vera á varðbergi, en styrkur eldtefjandi efna og bisfenóla mældist áþekkur því sem gerist erlendis. „Þá mældist mjög hár PFAS-styrkur í læk sem rennur af æfingasvæði slökkviliðs Reykjavíkurflugvallar og er það í samræmi við niðurstöður í nágrenni flugvallar víða um heim,“ segja þær að lokum.

Vatnsgæði

Námskeiðið *Vatnsgæði* er kennt á meistarastigi í Umhverfis- og byggingarverkfræðideild. Nemendur læra um lífsferil helstu mengunarvalda í yfirborðsvatni, grunnvatni og jarðvegi, frá uppsprettu, örlögum þeirra í umhverfinu, hvernig fólk verður fyrir menguninni, og hvernig þær endurheimta vatnshlot og jarðveg. Einnig er lögð áhersla á að ræða vatnsgæði í tengingu við sjálfbærnistefnur og heimsmarkmið SP.



Ytri öfl jarðar

Námskeiðið *Ytri öfl jarðar* er kennt á grunnstigi í Jarðvísindadeild. Í námskeiðinu er lögð áhersla á ferli útrænna afla, þ.e. þau ferli sem liggja að baki myndunar einstakra landforma og landslagsheilda á þurrlandi jarðar. Meðal umfjöllunarefna námskeiðsins er vatnshringrás jarðar, en hún gegnir veigamiklu hlutverki við mótun þurrlandis jarðar, jafnt við veðrun, flutning bergmols og upphleðslu þess. Einnig er fjallað um grunnvatn og þátt þess í mótun lands, mikilvægi þess við öflun neysluvatns og hvernig má komast hjá því að spilla þessari mikilvægu auðlind.



Regnbeð byggt á háskólasvæðinu

Á háskólasvæðinu hefur verið byggt sérstakt regnbeð sem er hluti af rannsókn sem skoðar margþættan ávinning blágrænna ofanvatnslauna í borg. Blágrænar ofanvatnslaunir herma eftir náttúrulegri hringrás vatns, og þegar vatn rennur gegnum jarðveginn

síast þungmálmur og olíusambönd úr vatninu. Með byggingu regnbeðanna er fylgst með virkni þeirra byggt á viðurkenndum aðferðum erlendis frá og er vatnafræðileg og vistfræðileg virkni mæld reglulega yfir tveggja ára tímabil, með sérstakri áherslu á vetrartímenn þegar frost er í jörðu og snjór þekur yfirborðið. Á yfirborðinu verður einnig skoðað hvaða plöntur eru hentugastar fyrir rennsli og hreinsun vatns en jafnframt fallegar og geta bundið kolefni í köldu loftslagi. Blágrænir innviðir virka því sem bæði mótvægis- og aðlögunaraðgerð vegna loftslagsbreytinga.



Hreint íslenskt drykkjarvatn og hreinlætisaðstaða í HÍ

Eitt af undirmarkmiðum heimsmarkmiðs 6 snýr að því að árið 2030 standi öllum til boða heilnæmt drykkjarvatn á viðráðanlegu verði. Íslendingar hafa lengi búið að þeim lífsgæðum að fá hreint drykkjarvatn beint úr krönum og heyrir ekki til tíðinda að hægt sé að bjóða öllum frítt og hreint vatn hvar og hvenær sem er á Íslandi. Hins vegar er það ekki munaður sem allir búa við og er jafnframt spurt sérstaklega að því á matslista THE Impact Ranking á heimsmarkmiðum SP sem HÍ hefur verið þátttakandi í síðan 2018. Árið 2024 fékk stúdentaráð SHÍ jafnframt styrk til að láta setja upp hreinlætisaðstöðu við Hámu á Háskólatorgi þar sem nemendum og starfsfólki gefst tækifæri til að þrifa matarlát sín og þannig koma í veg fyrir óþarfa notkun einnota umbúða sem og að þrifa betur umbúðir sem eru til staðar svo flokkun verði betri.



Rannsóknir



Nám og kennsla



Samfélagsleg áhrif og samvinna



Rekstur og stjórnun



Framtak stúdenta



SAMFÉLAG

Tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði



RANNSÓKNIR

221 Fjöldi ritrýndra greina frá 2020–2024 með tengingu við heimsmarkmið 7

4227 Fjöldi tilvitnana


1,25 Áhrifastuðull vigtaður eftir rannsóknarsviði (FWCI)

NIÐURSTÖÐUR THE Impact Ranking

301–400 af **1181** í heiminum

64,2 af **100** stigum fyrir rannsóknir

Fjöldi ritrýndra greina með tengingu við heimsmarkmið 7



Nexus

Dr. Gianluca Levi, vísindamaður við Raunvísindastofnun HÍ, hlaut ásamt alþjóðlegu teymi ERC styrk fyrir verkefnið NEXUS (e. *New excited state methods for overcoming challenges in sunlight conversation*). Markmið verkefnisins er að þróa nýjar aðferðir og tækni sem veitir hagkvæmari leiðir til að nýta sólarorku með því að rannsaka hvernig umröðun á bæði rafeindum og atómum í sameindum fyrir tilstilli orkunnar berst frá sólinni í formi ljóseinda, svipað og ljóstillifun. Með því að þróa og nýta aðferðir til tölvuherma, er rannsakað hvernig atóm og rafeindir bregðast við þegar ljósgeislar lenda á sameindum og þær gleypa í sig ljóseindir, bæði þann tilflutning sem verður á rafeindum innan og milli atóma og áhrifin sem sólarljósið hefur á uppbyggingu sameinda og eru við það notaðir röntgengeislar frá rafeindagasi til að fá skyndimynd af hreyfingu rafeinda og atóma þegar sameindir gleypa ljós. Niðurstöður úr rannsókninni gætu leitt til skilvirkari notkunar sólarorku, með innblæstri frá náttúrulegum ferlum.



STORM

Rannsóknaverkefnið STORM (e. *Systems transition to renewable marine fuels in the Nordics*) snýr að því að greina orkuskipti í haf tengdri starfsemi í samhengi við þróun íslenska orkukerfisins og orkuskipta í heild. Tæknilegir möguleikar til orkuskipta eru greindir,

möguleikar á framleiðslu á líf- og rafeldsneyti innanlands til orkuskipta skoðaðir og svipmyndir um orkuskipti í haftengdri starfsemi með tilliti til sjálfbærni er meðal þess sem er metið í verkefninu. Brynhildur Davíðsdóttir, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði við HÍ, ásamt samstarfsaðilum stendur að verkefninu og er styrkt frá Nordic Energy Research í samvinnu við Sænsku umhverfisrannsóknastofnunina, Chalmers-háskóla og Uppsala-háskóla auk hagsmunaaðila erlendis og innanlands.



Kjarnorka með sjálfhvötun

Kjarnorku er hægt að vinna með kjarnaklofnun úrans eða með kjarnasamruna vetnis. Með kjarnasamruna fjögurra vetniskjarna er fræðilega hægt að fá úr einum lítra af vatni orku sem samsvarar 10 milljónum lítra af olíu. Róteind er gríðarflókin eind með innri heim milljón skammlífra kvarka og límeinda við ofurhált hitastig. Sveinn Ólafsson, rannsóknaprófessor í þéttfnislegri kjarnedlisfræði við Raunvísindastofnun HÍ, er að rannsaka leiðir til að nýta kjarnorku róteindar til að framleiða sjálfbæra raforku á nýjan hátt. Verkefnið er fjármagnað af HÍ, Rannsóknatæknisjóði Rannís (2021–2024), Tæknipróunarsjóði (2023–2026) og Orkusjóði (2025) og er unnið í samvinnu við sprotafyrirtækið Orkusprota.





Mynd: David Cook

Nýsköpun í sjálfbærum orkulausnum nauðsynleg til að ná loftslagsmarkmiðum

Ísland er leiðandi á heimsvísu í notkun endurnýjanlegrar orku, en lykilgeirar hagkerfisins, líkt og samgöngur, sjávarútvegur og stóriðja, eru þó enn mjög háðir jarðefnaeldsneyti. Þetta undirstrikar mikilvægi þess að halda áfram að vinna að heimsmarkmiði 7 á Íslandi, að tryggja öllum aðgang að öruggri og sjálfbærri orku á viðráðanlegu verði. David Cook, aðjúnkt í umhverfis- og auðlindafræði, útskýrir að „áhersla heimsmarkmiðs 7 á hreina orku hvetji til frekari nýsköpunar á Íslandi, svo sem með upptöku á grænu vetni eða lífeldsneyti. Slíkt gerir mögulegt að samræma orkustefnu landsins og ná markmiðum um kolefnishlutleysi og að Ísland verði laust við jarðefnaeldsneyti fyrir árið 2040.“

Alþjóðlegt samstarf til að takast á við innlendar áskoranir

Rannsóknir Davids beinast að því að finna raunhæfar grænar lausnir fyrir lykiltáknugreinar á Íslandi. „Ég er nú hluti af tveimur

alþjóðlegum rannsóknarverkefnum sem kanna möguleika þess að nýta annars konar skipaeldsneyti í íslensku samhengi. Þetta eru verkefni H2AMN og STORM,“ útskýrir hann. „Markmið beggja verkefna er að upplýsa, styðja og auðvelda umskiptin yfir í endurnýjanlegt skipaeldsneyti á Norðurlöndum. Þetta er skoðað út frá aðfangakeðju og kerfislegu sjónarhorni.“ H2AMN leggur áherslu á vetni og eldsneyti framleitt út vetni, líkt og ammoníak og metanól, en STORM rannsakar möguleika þess að auka notkun lífeldsneytis á Íslandi.

Flókin vegferð að jarðefnaeldsneytislausum skipaflota

Þó að rannsóknirnar séu enn á byrjunarstigi benda fyrstu niðurstöður til þess að leiðin fram undan sé flókin hvað varðar þróun og innleiðingu á grænu ammoníaki og rafmetanóli á Íslandi. David útskýrir að „drifkraftarnir felist meðal annars í mögulegri stækkun framleiðslu á grænu ammoníaki og tiltölulega miklum endurnýjanlegum orkuforða Íslands. Helstu hindranir felast meðal annars í háum kostnaði, óþroskaðri tækni, óvissu um eftirspurn, skorti á heildstæðu kerfis sjónarhorni yfir virðisheðjuna og löngum tímalínunum, sem saman stuðla að þrátefli í þróun græns vetnis.“ Nýlega birt rannsókn H2AMN leggur til vegvísi fyrir stefnumótendur og hagaðila til að vinna sig út úr þessu þrátefli, með áherslu á samræmt átak í uppbyggingu innviða, lækkun kostnaðar og aukningu eftirspurnar.

Hvað varðar lífeldsneyti sýna fyrstu niðurstöður STORM-verkefnisins að það séu helst tvær tegundir eldsneytis sem hafi mestan möguleika fyrir íslenska fiskiskipaflotann, *Hydrotreated Vegetable Oil* (HVO) og *Fatty Acid Methyl Esters* (FAME) eldsneyti. „Þessir valkostir eru helst fýsilegastir vegna þess að þeir samræmast þeim innviðum sem þegar eru til staðar og kosta almennt minna,“ segir David. Aðrir valkostir, á borð við lífetanól og lífvetni, bjóða upp á mikla framleiðslumöguleika, en krefjast hins vegar verulegra langtímafjárfestinga. „Greining okkar undirstrikar þörfina á sérsníðnum stuðningsaðgerðum (þ.m.t. líklega niðurgreiðslum) til að brúa bilið í framleiðslugetu og innviðum og gera lífeldsneyti að raunhæfri skammtímalausn til að draga úr kolefnislosun íslenska fiskiskipaflotans,“ segir David að lokum.

Endurnýjanleg orka

Meistaránám í *Endurnýjanlegri orku* veitir nemendum í verkfræði, raunvísindum og hagfræði tækifæri til að sérhæfa sig á sviði endurnýjanlegra orkugjafa. Mikil tækifæri felast í rannsóknum og þróun á endurnýjanlegum orkugjöfum, bæði á Íslandi sem og á heimsvísu, og ljóst að sjálfbær orkunýting mun verða eitt af stóru verkefnum á þessari öld. Námið er vel til fallið fyrir nemendur sem stefna á starfsferil á sviði jarðhitaverkfræði, vatnsaflsverkfræði, raforkuverkfræði, jarðvísinda og umhverfis- og auðlindafræði.



Sjálfbær orkuþróun: orkuhagfræði og stefnumótun

Í Líf- og umhverfisvísindadeild er boðið upp á námskeiðið *Sjálfbær orkuþróun: orkuhagfræði og stefnumótun* fyrir framhaldsnema. Námskeiðið fjallar um orkuhagfræði og stefnumótun í orkumálum, m.a. í samhengi við sjálfbærni og sjálfbæra þróun. Í námskeiðinu er m.a. fjallað um mikilvægi orku í sjálfbærri þróun, orkuspár út frá hagfræði óendurnýjanlegra og endurnýjanlegra auðlinda (svo sem vatnsorku, jarðhita, sólar og vindorku) og umhverfis- og félagsleg áhrif orkunýtingar. Sérstök áhersla er lögð á stefnumótun í orkumálum á samhengi sjálfbærrar þróunar út frá reglugerðum og efnahagslegum hvötum með samanagerð á stefnu orkumála á Íslandi, innan Evrópusambandsins og í öðrum ríkjum.



GEORG

GEORG, samstarfsvettvangur um rannsóknir og verkefni á sviði jarðvarma, er óhagnaðardrifið félag sem hefur að markmiði að efla rannsóknir og sjálfbæra nýtingu jarðvarma bæði hér á landi og víðar í heiminum. Hí hefur leitt vettvanginn frá upphafi og hefur skapað fjölmörk tækifæri bæði fyrir nemendur og starfsfólk HÍ. Aðild að GEORG eiga háskóla- og rannsóknastofnanir, orkufyrirtæki, verkfræði- og ráðgjafarfyrirtæki og nýsköpunarfyrirtæki hér heima og erlendis, sem öll vilja leggja sitt af mörkum til að draga úr notkun jarðefnaeldsneytis sem orkugjafa.



Upprunavottorð raforku

Háskóli Íslands notar 100% endurnýjanlega orku frá HS Orku sem er staðfest með upprunavottorði raforku til samræmis við [reglugerð nr. 757/2012](#).



Rannsóknir



Nám og kennsla



Samfélagsleg áhrif og samvinna



Rekstur og stjórnum



Framtak stúdenta



EFNAHAGUR

Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla

RANNSÓKNIR

199 Fjöldi ritrýndra greina frá 2020–2024
með tengingu við heimsmarkmið 8

3339 Fjöldi tilvitnana


1,62 Áhrifastuðull vigtaður eftir rannsóknarsviði
(FWCI)

NIÐURSTÖÐUR THE Impact Ranking

301–400 af **1350** í heiminum

86,9 af **100** stigum fyrir rannsóknir

Fjöldi ritrýndra greina með tengingu við heimsmarkmið 8



Tekjur og velferð: Samhengi, samanburður og aðferðir

Í doktorsritgerð Guðrúnar Svavarsdóttur frá Hagfræðideild var fjallað um flókin tengsl tekna og velferðar og áhrif ytra samhengis og aðferðafræði á skilning okkar á þeim tengslum. Huglægar tekjubarfir eru skoðaðar í ólíku samfélagslegu samhengi og voru niðurstöður notaðar til að bera saman efnahagslega velferð einstaklinga bæði innan og milli landa. Niðurstöður undirstrika mikilvægi þess að huga vandlega að samfélagslegu samhengi og aðferðafræði við rannsóknir á efnahagslegri velferð, sem getur stuðlað að nákvæmari og sanngjarnari stefnumótun og bættum aðferðum við gagnaöflun og framsetningu.



Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF)

Rannsóknamiðstöð ferðamála (RMF) er samstarfsverkefni HÍ, HA og Háskólans á Hólum. Markmið miðstöðvarinnar er að efla rannsóknir á sviði ferðamála, styrkja tengsl háskólastarfs og atvinnulífs og auka þekkingu um ferðamál gegnum innlent og erlent samstarf. Stefna RMF er að efla rannsóknir og skilning á áhrifum ferðamennsku á hagkerfi, samfélag og umhverfi í gegnum samstarf við innlenda og erlenda rannsóknaraðila og atvinnulíf.



Sjálfbær þróun ferðaþjónustu á norðlægum svæðum

Í Líf- og umhverfisvísindadeild er boðið upp á námskeiðið *Sjálfbær þróun ferðaþjónustu á norðlægum svæðum* sem er tekið í fjarnámi frá háskólanum í OULU í Finnlandi og er hluti af samstarfi við [þemanet háskóla norðurslóða](#). Í námskeiðinu er ferðaþjónusta á norðlægum svæðum skoðuð út frá samfélagslegu sjónarhorni og ólík sjónhorn á fyrirbærið skoðuð út frá auðlindum og áhrifum þess á náttúru, staði og menningu. Einnig er farið yfir hver áhrif norðlægrar ferðaþjónustu á tímum hnattvæðingar er og alþjóðlegra áskorana eins og loftslagsbreytinga út frá stjórnunarsjónarmiðum.



Starfs- og launakjör í HÍ

» Launastefna HÍ

Markmið Háskóla Íslands er að búa starfsfólki sínu góð launakjör, starfsskilyrði og starfsaðstöðu svo háskólinn geti ráðið til sín og haldið hæfu starfsfólki í samkeppni við innlandan og erlendan vinnumarkað. Laun eru ákvörðuð á grundvelli hlutlægra og gagnsærra mælikvarða. Launakerfi á að tryggja samræmi í ákvörðun launa og réttláta launaröðun starfsfólks. Launastefna HÍ er í samræmi við [starfsmannastefnu Háskóla Íslands](#). Háskólaráð og rektor bera, sem æðstu stjórnendur, ábyrgð á launastefnunni.



Að mæla velsæld utan hefðbundinna hagvaxtartalna

Hefðbundnir hagvaxtarmælikvarðar ná ekki utan um þætti sem skipta almenning oft mestu máli, svo sem heilsu, öryggi, umhverfsgæði og félagsleg tengsl. Tinna Laufey Ásgeirsdóttir, prófessor í hagfræði, leiðir alþjóðlegt rannsóknarteymi frá Háskóla Íslands sem beitir hagfræðilegum aðferðum til að meta virði þessara gæða, sem eiga sér almennt ekki markaðsverð. Í **ConCIV-verkefninu**, eða Teymi um tekjuuppbót, er unnið að því að gera þetta samfélagslega virði sýnilegt í tölum. „Mat á virði þessara gæða gerir stjórnvöldum kleift að taka þau til greina þegar kostnaður er borinn saman við ávinning af fyrirhuguðum aðgerðum,“ útskýrir Tinna.

Virði heilsu og öryggis gert sýnilegt Visible

Markmiðið er að mæla velsæld utan hefðbundinna mælikvarða. „Tilfellið er að oft hafa aðgerðir og íhlutanir stjórnvalda ekki einungis áhrif á hið almennt mældag hagkerfi, heldur einnig á marga aðra þætti sem skipta oft ekki minna máli,“ segir Tinna. Niðurstöður verkefnisins hafa birst í fjölda vísindagreina og stór hluti þeirra lýtur að virði heilsu, en einnig að áhrifum ofbeldis, öryggis og félagslegra tengsla. „Niðurstöðurnar má nota til að aðlagða hefðbundnar mælingar svo sem verga landsframleiðslu, sem nær ekki utan um mikilvæga þætti lífsgæða. Þannig má aðlagða þjóðhagsreikninga til að taka virði slíkra gæða með í reikninginn,“ bætir hún við.

Upplýstari ákvarðanir fyrir sjálfbærar hagvöxt

Með því að setja fjárhagslegt mat á umhverfisáhrif, heilsu, öryggi og félagsleg tengsl geta stjórnvöld tekið upplýstari ákvarðanir. „Þetta gerir stjórnvöldum kleift að bæta forgangsörðun og gera ákvarðanir gagnsærri,“ segir Tinna. Hópurinn byggir á þekktum aðferðum velferðarhagfræðinnar en vinnur jafnframt að því að þróa þær og bæta. Tinna bendir á að með því að varpa ljósi á gæði vinnuáðstæðna og virði samfélagslegra þátta umfram hefðbundnar framleiðslutölur styðji ConCIV sérstaklega heims-markmið 8 sem lýtur að hagvexti. „Niðurstöðurnar gagnast hinu opinbera við ákvarðanatöku með það að markmiði að auka framleiðni og velsæld án þess að ganga um of á náttúruauðlindir eða lífsgæði. Þannig verður hagvöxtur sjálfbær,“ bætir Tinna við að lokum.

» Jafnlaunastefna HÍ

HÍ hefur það að markmiði að tryggja öllu starfsfólki sínu jöfn laun og sömu kjör fyrir sömu eða jafnverðmæt störf. Skal þess sérstaklega gætt að starfsfólki sé ekki mismunað í launum vegna kynferðis eða annarra ómálefnaðra ástæðna. Jafnlaunastefna þessi er órjúfanlegur hluti af launastefnu Háskóla Íslands.

» Stéttarfélag starfsfólks HÍ

Félag háskólakennara (FH) er stéttarfélag fyrir starfsfólk HÍ og tengdar stofnanir. FH gerir kjarasamninga fyrir aðila sína sem samanstanda m.a. af launatöflum, rétti til veikindafrís, orlofs, veikindafrís fyrir börn starfsfólks, rannsóknarleyfis og áframhaldandi menntunar. FH er aðili að Bandalagi háskólamanna (BHM).

Félag prófessora við ríkisháskóla er annað stéttarfélag fyrir starfsfólk HÍ. Meginhlutverk félagsins er að vinna að kjara- og réttindamálum prófessora og standa vörð um réttarstöðu þeirra.



Atvinnudagar HÍ

Atvinnudagar HÍ voru haldnir í níunda sinn og er, líkt og á árum áður, lögð sérstök áhersla á atvinnumál og undirbúning nemenda HÍ fyrir þátttöku á vinnumarkaði. Náms- og starfsráðgjöf, Tengslatorg HÍ, Fjármála- og atvinnulífsnefnd Stúdentaráðs, Vísindagarðar HÍ, Miðstöð framhaldsnáms og KLAKE – Icelandic startups standa að dagskránni. Í ár var brugðið út af vananum og ekki unnið með eitt þema heldur boðið upp á fjölbreytta dagskrá hvern dag. Aðgangur var ókeypis og öllum opin.



Tengslatorg

Tengslatorg HÍ er samstarfsvettvangur stúdenta og HÍ annars vegar og atvinnulífs og stofnana hins vegar og var sett á stofn árið 2016. Tengslatorg leggur áherslu á að draga fram tækifæri fyrir stúdentum á vinnumarkaði sem styrkja starfsþróun þeirra og auka innsýn í atvinnulífið. Tengslatorg HÍ býður fyrirtækjum og stofnunum að auglýsa endurgjaldslaust eftir starfskröftum með háskólamenntun á Tengslatorginu.



Samstarf SHÍ og Visku

Ný staða kjara- og réttindafulltrúa háskólanema hefur verið sett á laggirnar sem hluti af samstarfssamningi sem Stúdentaráð SHÍ og Viska stéttarfélag hafa gert sín á milli og er í fyrsta sinn sem slík þjónusta er í boði fyrir háskólanema hérlandis. Kjara- og réttindafulltrúinn mun veita þjónustu og ráðgjöf auk þess að vinna að því að efla vitund háskólanema um sín réttindi á vinnumarkaði, en staðan er hýst á skrifstofu SHÍ.



Rannsóknir



Nám og kennsla



Samfélagsleg áhrif og samvinna



Rekstur og stjórnun



Framtak stúdenta



EFNAHAGUR

Byggja upp

viðnámsþolna innviði fyrir alla,
stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu
og hlúa að nýsköpun

RANNSÓKNIR

164 Fjöldi ritrýndra greina frá 2020–2024 með tengingu við heimsmarkmið 9

3956 Fjöldi tilvitnana


1,81 Áhrifastuðull vigtaður eftir rannsóknarsviði (FWCI)

NIÐURSTÖÐUR THE Impact Ranking

101–200 af **1156** í heiminum

56,6 af **100** stigum fyrir rannsóknir

Fjöldi ritrýndra greina með tengingu við heimsmarkmið 9



Endurhugsun ferðabjónustu með stafrænni nýsköpun

Í doktorsverkefni Magdalenu Falter er fjallað um stafræna nýsköpun og áskoranir fyrir endurhugsun ferðabjónustunnar með áherslu á lífsstílsfrumkvöðla í dreifbýli. Umræða um þróun ferðabjónustu og þörf fyrir að draga úr neikvæðum áhrifum atvinnugreinarinnar á áfangastaði er skoðuð auk þess að kanna samband stafrænnar nýsköpunar og frumkvöðlastarfs í dreifbýli á Íslandi. Í verkefninu var stofnað til lausnamóts (hakkþón) og það nýtt sem tilvik í notendaránnsókn til að draga fram hvernig ólíkar leiðir til að hagnýta stafvæðingu í dreifbýli birtist í verki.



Nýsköpun og viðskiptaþróun

Viðskiptafræðideild og Iðnaðarverkfræði-, vélaverkfræði- og tölvunarfræðideild HÍ bjóða upp á þverfaglegt meistaranám í *Nýsköpun og viðskiptaþróun*. Meginmarkmið námsins miðar að færni nemenda til að vinna að nýsköpun í fjölbreyttu samhengi, hvort sem það er með stofnun eigin fyrirtækja, störfum innan sprota- eða vaxtarfyrirtækja eða við viðskiptaþróun stærri fyrirtækja.



Nýsköpunarhraðlar og HÍ

HÍ starfar náið með og tekur þátt í ólíkum nýsköpunarhröðlum sem styðja við frumkvöðla í því augnamiði að þróa hugmynd sína.

» Academy for Women Entrepreneurs (AWE)

HÍ og bandaríska sendiráðið á Íslandi standa fyrir AWE-nýsköpunarhraðlinum, en markmið hans er að efla konur í að þróa áfram sínar viðskiptahugmyndir, bjóða upp á fræðslu og efla tengslanetið. Lögð er rík áhersla á að konur með fjölbreyttan bakgrunn og uppruna taki þátt. Aðrir samstarfsaðilar AWE eru Félag kvenna í atvinnulífínu (FKA) og Samtök kvenna af erlendum uppruna (W.O.M.E.N.).

» Snjallræði

Snjallræði er 16 vikna háskólahraðall sem styður við öflug teymi sem brenna fyrir lausnum á sviði áskorana samtímans og styðja við heimsmarkmið 8. Snjallræði er unnið í samstarfi við MITdesignX og er þungamiðja þessa vinnustofur þar sem sérfræðingar frá MIT koma til landsins og deila þekkingu sinni. Snjallræði er samstarfsverkefni HÍ, Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Akureyri.

» Gulleggið

Gulleggið er frumkvöðlakeppni á hugmyndastigi og er haldið af KÍAK – Icelandic Startups. Gulleggið hefst með Hugmyndahraðhlaupi fyrir háskólanema og Masterclass-námskeiði þar sem markmið er að þróa hugmynd og búa til kynningu á henni. HÍ er einn af bakhjörllum keppinnar, auk þess sem nemendur á vegum nýsköpunar og frumkvöðlanefnda HÍ, Háskólans í Reykjavík og Háskólans á Akureyri skipa verkefnastjórn keppinnar.



Mynd: Þórey Einarsdóttir

Vísindagarðar Háskóla Íslands móta vettvang nýsköpunar

Vísindagarður er landsvæði sem hefur verið sérstaklega skilgreint til að vera vettvangur nýsköpunar og rannsóknarvinnu fyrir háskóla, fyrirtæki, sprota og rannsóknarstofnanir. Vísindagarðar Háskóla Íslands eru einmitt slíkur vettvangur þar sem háskólasamfélagið og atvinnulífið mætast til að skapa þekkingu og lausnir framtíðarinnar í þágu samfélagsins alls. Hugmyndin á rætur sínar að rekja til Kísildalsins og byggir á farsælli alþjóðlegri fyrirmynd þar sem náð samstarf háskóla og fyrirtækja hefur reynst drifkraftur nýsköpunar. „Lykillinn í velgengni vísindagarða felst í því að byggja upp kjöraðstæður þar sem samfélag og hlutlaus samstarfsvettvangur myndast,“ útskýrir Þórey Einarsdóttir, framkvæmdastjóri Vísindagarða HÍ.

Háskóli Íslands er vísindabakhjarlinn

Þórey útskýrir að samstarfið við Háskóla Íslands sé Vísindagörðum afar mikilvægt, en skólinn er þeirra vísindabakhjarl og byggir samstarfið á gagnkvæmum ávinningi. „Annars vegar komast sprotar og frumkvöðlar í tengsl við þekkingu innan háskólans og geta nýtt sér tæki og vinnuaðstöðu, og hins vegar geta nemendur og starfsmenn háskólans komið vinnu sinni á framfæri í gegnum sprota og frumkvöðlasamfélagið,“ segir Þórey. Þessi stuðningur birtist með ýmsum hætti, til dæmis í gegnum Sprotamýri HÍ þar sem nemendur vinna í fyrirtækjum á frumstigi í Mýrinni, með fjárhagslegum stuðningi við doktorsverkefni sem eiga möguleika á tæknifyrfærslu og sem bakhjarl Snjallræðis. Þá taka Vísindagarðar þátt í alþjóðlegum verkefnum á borð við AI Factory Antenna í samstarfi við tölvunarfræði í HÍ um aðgengi að evrópskum ofurtölvum.

Brú á milli hugmynda og verðmætasköpunar

Með starfi sínu styðja Vísindagarðar við íslenskt hagkerfi sem lykilaðili í hringrás nýsköpunar og háskólaþekkingar. „Fyrirtæki á svæði Vísindagarða eins og DeCode, Alvotech og CCP Games hafa haft mikinn ávinning af nálægð við háskólann, og sömuleiðis hefur háskólinn getað nýtt sér nálægð þessara fyrirtækja til að efla nám og tryggja nemendum farveg á vinnumarkaði,“ segir Þórey. Þá líkir hún tilkomu Grósku hugmyndahúss við þá byltingu sem Harpa var fyrir tónlistarlífið; húsið hefur fært sprotasamfélagið á nýjan og stærri skala.

Vísindagarðar horfa stöðugt til framtíðar og unnið er að uppbyggingu fyrsta Djúptækniseturs á Íslandi sem verður lykilþáttur í samkeppnishæfni landsins á komandi áratugum. „Við erum í þeirri forréttindastöðu að geta mælt okkar árangur í áratugum en ekki árum eða mánuðum,“ segir Þórey og klykkir út með eftirfarandi: „Okkar stóra framtíðarsýn er að hugvit sé framtíðarauðlind Íslands og Vísindagarðar eru staðurinn þar sem bestu hugmyndir á Íslandi munu raungerast.“

Fjöldi sprotafyrirtækja innan HÍ: 23

» MenntaMaskína

MenntaMaskína er nýsköpunarhraðall fyrir nemendur á lokaári í framhaldsskóla þar sem tekist er á við áskoranir framtíðarinnar. HÍ stendur fyrir þekkingarspretti sem leggur grunn að sköpunarvinnu nemenda. Á hverju ári er eitt af heimsmarkmiðum SP valið sem yfirmarkmið hraðalsins sem unnið er út frá.



FIRST LEGO League-keppnin

FIRST LEGO League er alþjóðleg keppni þar sem grunnskólanemum er boðið að taka þátt í spennandi verkefnum sem skapa færni í raungreinum, verkfræði, tækni og stærðfræði (STEM). HÍ heldur utan um keppnina en markmið hennar er að efla áhuga ungs fólks á vísindum og tækni og styrkja færni þeirra í lausnamiðaðri og skapandi hugsun. Þemu og áskoranir keppinnar eru endurnýjuð á hverju ári og eru byggð á Heimsmarkmiðum SP, en þemað fyrir árið 2024 var heimsmarkmið 14 þar sem keppendur voru hvattir til að kanna hafsbotninn og uppgötva nýjar leiðir til að stuðla að sjálfbærni og heilsu hafsins með LEGO-tækni og nýsköpum.



Sprotamýri

Sprotamýri er frumkvöðlasetur HÍ í Grósku þar sem nemendur og starfsfólk geta fengið aðstöðu í Mýrinni – nýsköpunarsetri Vísindagarða HÍ og aðstoð frá KLAK – Icelandic Startups við að vinna að framgangi nýsköpunarverkefna sinna, þeim að kostnaðarlausu. Í setrinu má finna helstu stuðningsaðila nýsköpunar á Íslandi en auk þess hefur fjöldi fyrirtækja og frumkvöðla aðstöðu í setrinu. HÍ vill með Sprotamýri skapa frjótt og styðjandi umhverfi fyrir nemendur og starfsfólk til að vinna að hugmyndum sínum.



Nýsköpunarkeppni grunnskólanna

Nýsköpunarkeppni grunnskólanna (NKG) hefur verið haldin árlega frá 1991 í samstarfi Mennta- og barnamálaráðuneytisins og Háskóla Íslands. Í NKG fá um 40 nemendur í 5.–7. bekk tækifæri til að þróa hugmyndir sínar að lausnum raunverulegra áskorana, allt frá fyrstu hugmynd til frumgerðar. NKG hefst á haustin og lýkur á vorin með vinnusmiðju þar sem þátttakendur í úrslitum fá tækifæri til að útfæra hugmyndir sínar frekar með aðstoð leiðbeinenda frá HÍ, Háskólanum í Reykjavík og annarra samstarfsaðila. Ferlinu er ætlað að virkja sköpunarkraft nemenda í lausnamiðuðum hugsunarhætti og auka sjálfsstraust og frumkvæði.



Rannsóknir



Nám og kennsla



Samfélagsleg áhrif og samvinna



Rekstur og stjórnum



Framtak stúdenta



Draga úr ójöfnuði innan og á milli landa



RANNSÓKNIR

230 Fjöldi ritrýndra greina frá 2020–2024 með tengingu við heimsmarkmið 10

2046 Fjöldi tilvitnana


1,33 Áhrifastuðull vigtaður eftir rannsóknarsviði (FWCI)

NIÐURSTÖÐUR THE Impact Ranking

601–800 af **1261** í heiminum

78,4 af **100** stigum fyrir rannsóknir

Fjöldi ritrýndra greina með tengingu við heimsmarkmið 10



BIAS

HÍ, ásamt átta háskólum, rannsóknastofnunum og nýsköpunarsamtökum er hluti af evrópska rannsóknarnetinu *BIAS*. Markmið *BIAS* er að kanna hvernig gervigreindarkerfi (e. AI) sem notuð eru í stjórnunarferlum víða í Evrópu geta komið inn með eða aukið skekkju í fjölbreytileika. Að bera kennsl á mismunandi leiðir þar sem gervigreind getur stuðlað að mismunun er mikilvægt í að móta tækni sem stuðlar að sanngirni á vinnumarkaði og tryggir að gervigreindarkerfi nýtist öllum, óháð t.d. kyni, aldri, kynþætti, þjóðerni, trú eða kynhneigð, í stað þess að viðhalda ójöfnuði. Verkefnið er styrkt af Horizon Europe, rannsóknar- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins.



Starfstengt diplómanám fyrir fólk með þroskahömlun

Á Menntavísindasviði er í boði tveggja ára námsleið fyrir fólk með þroskahömlun. Tilgangur námsins er að veita fólki með þroskahömlun möguleika til fullgildrar samfélagsþátttöku og er sérsniðin að nemendum til að hljóta góðan undirbúning fyrir ýmis störf. Námið er skipulagt í samræmi við yfirlýsta alþjóðlega stefnu hagsmunasamtaka fólks með þroskahömlun, mannréttindasáttmála og stefnu HÍ.



Jafnréttismál innan HÍ

HÍ vinnur jafnt og þétt að jafnréttismálum á öllum sviðum og er stöðugt unnið að úrbótum í jafnréttismálum.

» Jafnréttisáætlun

Fyrsta jafnréttisáætlun HÍ var samþykkt af Háskólaráði árið 2000 og er núverandi áætlun fyrir árin 2024-26. Mismunun á grundvelli t.d. kyns, kyngevris, uppruna, litarháttar, fötlunar, kynhneigðar, kynvitundar, kynþáttar, trúarbragða, búsetu, þjóðernis eða menningar er óheimil innan HÍ. Jafnréttisáætlun nær til alls starfsfólks og nemenda.

» Jafnréttisfulltrúi

Jafnréttisfulltrúi hefur á vegum stjórnsýslu HÍ yfirumsjón með jafnréttismálum í samvinnu við Jafnréttisnefnd og Ráð um málefni fatlaðs fólks. Hlutverk jafnréttisfulltrúa er m.a. að vinna að stefnumótun og áætlunum sem tengjast jafnréttisáætlun, fylgja eftir jafnréttisstefnu skólans ásamt því að stuðla að því að jafnréttismál séu sjálfsagður þáttur í starfi HÍ.

» Jafnréttisnefnd HÍ

Starfssvið Jafnréttisnefndar nær til jafnréttismála í viðum skilningi fyrir hönd rektors og Háskólaráðs. Í nefndinni eiga sæti fulltrúar jafnréttisnefnda fræðasviða, jafnréttisnefndar sameiginlegrar stjórnsýslu, einn fulltrúi stúdenta tilnefndur af Stúdentaráði og formaður sem rektor skipar. Jafnréttisfulltrúi situr jafnframt fundi nefndar.

» Fagráð um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi

Háskólaráð skipar fagráð um viðbrögð við kynbundinni og kynferðislegri áreitni og kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi



Sprettur ræktar styrkleika í fjölmennningarlegu háskólasamfélagi

Háskóli Íslands leggur ríka áherslu á jafnrétti og fjölbreytni og vinnur markvisst að því að skapa umhverfi þar sem allir nemendur fá tækifæri til að blómstra. Einn liður í þeirri viðleitni er nýsköpunarverkefnið Sprettur, sem miðar að inngildingu og gagnkvæmri aðlögun innflytjenda sem stunda háskólanám. Juan Camilo Roman Estrada, verkefnisstjóri Sprettis og fjölmenningarfulltrúi HÍ, segir markmiðið skýrt, „að stuðla að aukinni þátttöku innflytjenda í háskólanámi og bættum árangri þeirra. Sprettur vill rækta styrkleika sem felast í fjölmennningarlegu, fjöltyngdu og þverfaglegu háskólasamfélagi.“ Juan bætir við að þetta sé sérlega mikilvægt þar sem rannsóknir sýna að hlutfallslega færri innflytjendur útskrifast úr framhaldsskóla sem og þeir fari síður í háskólanám en önnur ungmenni.

Öflugt stuðningsnet er lykill að árangri

Til þess að vinna gegn þeim kerfisbundnu hindrunum sem geta haft áhrif á námsframvindu nemenda með erlendan bakgrunn hefur með Spretti verið byggt upp öflugt stuðningsnet og hvetjandi umhverfi sem byggir á fjölmennningarlegu lærdómssamfélagi. „Fjöldi innflytjenda vill fá tækifæri til að stunda nám í háskóla og taka virkan þátt í háskólasamfélaginu,“ segir Juan, en Sprettur er vettvangur til að styðja við þennan hóp með því að skapa tengslanet og veita námsaðstoð, ráðgjöf og leiðsögn í skapandi og hvetjandi umhverfi.

Árangur verkefnisins hefur verið áþreifanlegur frá því að það hófst árið 2019, en meirihluti þeirra framhaldsskólanemenda með erlendan bakgrunn sem notið hafa þjónustu Sprettis hafa hafið háskólanám. Einn af hornsteinum verkefnisins er öflugt mentorakerfi, en nú geta nemendur HÍ þreytt námskeiðið Mentor hjá Spretti þar sem þeir fá tækifæri til fræðast um stuðning við innflytjendur í námi og styðja við lærdómsferli innflytjenda.

Menningarbrúarsmiður innan háskólans

Juan gegnir nú einnig starfi fyrsta fjölmenningarfulltrúa Háskóla Íslands, en markmið þess er að vinna markvisst að inngildingu á öllum sviðum skólans. Hann segir starfið snúast um að byggja brýr og auka skilning. „Fjölmenningarfulltrúi er fyrst og fremst menningarbrúarsmiður og tengiliður sem vinnur að því að rækta fjölmenningarfærni og menningarnæmni á öllum sviðum háskólans,“ útskýrir hann. „Hann veitir ráðgjöf og þjónustu fyrir nemendur, kennara og starfsfólk varðandi inngildingu, gagnkvæma aðlögun og jafnrétti innflytjenda,“ bætir hann við, en í samstarfi við kennslumiðstöð hefur hann þróað fræðsluefni um inngildingu í kennslu og teymisvinnu, ásamt fjölbreyttum aðferðum til að virkja samvinnu og skilning á milli ólíkra menningarheima.

samkvæmt **verklagsreglu um viðbrögð**. Á Uglu, innra vefsvæði starfsfólks og nemenda, er hægt að tilkynna um kynbundna og kynferðislega áreitni og ofbeldi og hins vegar um einelti og annað ofbeldi.

» Ráð um málefni fatlaðs fólks

Rektor skipar ráð um málefni fatlaðs fólks sbr. 12. gr. **reglna um sértæk úrræði í námi við HÍ nr. 418/2010**. Hlutverk ráðsins er m.a. að hafa yfirumsjón með málefnum fatlaðs fólks í HÍ og nemendum með sértæka námsörðugleika og gangast fyrir reglubundinni endurskoðun á stefnu HÍ í málefnum fatlaðra.

» Nafnabreyting nemenda

Nemendur við HÍ geta sótt um breytingu á nafni í skráningarkerfi skólans á grundvelli laga um kynrænt sjálfræði nr. 80/2019.



Samstarfsverkefni um fjölgun innflytjenda í háskólanámi

Opinberu háskólarnir á Íslandi hafa ýtt af stað samstarfsverkefni um inngildingu í íslensku háskólasamfélagi, sem er unnið með styrk frá Háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneytinu. Í samstarfsverkefninu, sem er til veggja ára, er ætlunin að þróa leiðir sem stuðla að aukinni inngildingu í háskólasamfélaginu, fjölgun innflytjenda í háskólanámi og að sporna við brottfalli þeirra.



Úrræði í námi fyrir nemendur

Nemendur HÍ sem telja sig eiga rétt á úrræðum í námi og/eða prófum t.d. vegna fötlunar, sértækra námsörðugleika, greiningar á einhverfurófi, stoðkerfisvanda eða annarra veikinda geta sótt um einstaklingsmiðuð úrræði. Reynt er að koma til móts við þarfir hvers einstaklings eins og greiningar eða læknisvottorð gefa tilefni til. Hér að neðan eru gefin dæmi um úrræði fyrir nemendur.

» Táknmálstúlkun

HÍ veitir heyrnarlausum og heyrnarskertum nemendum táknmáls- og rittúlkabjónustu óski þeir þess.

» Glósuvinur

Ef nemandi er, vegna fötlunar eða veikinda, ófær um að taka niður glósur í kennslustundum getur viðkomandi sótt um að fá glósur frá samnemanda.

» Aðlögun námsefnis að þörfum blindra og sjónskertra

Úrræðið er veitt í samvinnu við Sjónstöðina.

» Talgervill

Nemendur sem þurfa að nota talgervil/þulu til að hlusta á prófspurningar geta sótt um það úrræði.



Rannsóknir



Nám og kennsla



Samfélagsleg áhrif og samvinna



Rekstur og stjórnun



Framtak stúdenta



SAMFÉLAG

Gera borgir og íbúðasvæði öllum mönnum auðnotuð, örugg, viðnámspolin og sjálfbær

RANNSÓKNIR

217 Fjöldi ritrýndra greina frá 2020–2024
með tengingu við heimsmarkmið 11

3347 Fjöldi tilvitnana


1,39 Áhrifastuðull vigtaður eftir rannsóknarsviði
(FWCI)

NIÐURSTÖÐUR THE Impact Ranking

401–600 af **1154** í heiminum

75,9 af **100** stigum fyrir rannsóknir

Fjöldi ritrýndra greina með tengingu við heimsmarkmið 11



Margþættur ávinningur blágrænna innviða í köldu loftslagi

Hrund Ó. Andradóttir, prófessor við Umhverfis- og byggingarverkfræðideild HÍ, leiðir verkefnið *Margþættur ávinningur blágrænna innviða í köldu loftslagi* sem styrkt er úr Rannsóknasjóði Rannís. Blágrænir innviðir (BGI) hafa í vaxandi mæli verið innleiddir sem hagkvæmur og umhverfisvænn kostur til að draga úr neikvæðum áhrifum þéttingar byggðar og loftslagsbreytinga. BGI getur dregið úr flóðahættu, hreinsað vatn, kælt borgir og minnkað losun kolefnis í andrúmsloftið. Skilvirkni BGI minnkar þó yfir vetrartímann vegna frosts og skorts á líffræðilegri virkni, sérstaklega í köldu sjávarloftslagi. Meginmarkmið verkefnisins er að mæla margþættan ávinning af BGI í köldu loftslagi.



Tengsl milli hreyfanleika í borgarumhverfi, kolefnisspora frá ferðalögum og vellíðunar

Í doktorsverkefni Jóhönnu Raudsepp í umhverfisfræði voru tengsl milli hreyfanleika í borgarumhverfi, ferðahegðunar og vellíðunar skoðuð. Þrátt fyrir sterka stöðu Norðurlanda í loftslagsmálum er ferðafótspor íbúa yfir viðmiðum til að halda hlýnun innan 1,5 gráða, einkum vegna frístundaferða út fyrir borgir, en Reykjavík var notuð sem tilviksrannsókn. Niðurstöður sýna að fylgni er á milli hreyfanleika í þéttbýli og aukinnar þátttöku í frístundarferðum innanlands, en jafnframt skortur á virkum almenningssamgöngum og samgöngukerfum í Reykjavík. Lögð var áhersla á mikilvægi borgarskipulags

sem er hannað fyrir fólk og tekur mið af velferð og þörfum íbúa, auk nauðsynjar þess að draga hratt úr losun sem tengdist ferðalögum í ríkum löndum. Um leið er mikilvægt að tryggja að félags- og efnahagslega verr settir einstaklingar verði ekki skildir eftir í umskiptum í átt að sjálfbærni.



Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftafræðum

Rannsóknamiðstöð í jarðskjálftaverkfræði hefur það að meginmarkmiði að auka þekkingu á eðli jarðskjálfta og áhrifum þeirra. Jarðskjálftamiðstöðin hefur umsjón með íslenska hröðunarmælanetinu (IceSMN) sem er dreift vítt og breitt um landið. Hröðunarmælarnir skrá skjálftahreyfingar í jörðu og titring í mannvirkjum, s.s. byggingum, brúm, stíflum og rafstöðvum. IceSMN er eina hröðunarmælanetið á Íslandi og eru gögnin afar mikilvæg til að þróa og endurbæta reiknilíkön fyrir jarðskjálfta, jarðskjálftavá og jarðskjálftaþol mannvirkja.



Umhverfissálfræði

Námskeiðið *Umhverfissálfræði*, sem kennt er við Sálfræðideild HÍ, fjallar um samspil umhverfis og fólks og hvernig áhrif náttúra og byggt umhverfi hefur á heilsu og líðan. Fjallað er um viðhorf fólks til umhverfis og hvernig umhverfið getur mótað mannlíf, t.d. á götum



Mynd: Sigurður Stefán Jónsson

Handrit vesturfara á nýju heimili

Á 19. og 20. öld flutti stór hópur Íslendinga, þekktur sem vesturfara, til Norður-Ameríku. Þrátt fyrir að eiga ekki von á að sjá Ísland aftur tóku þeir með sér lifandi menningararf í sjóköffortum sínum í viðleitni til að rækta áfram tungumálið og menninguna. Það finnast því mörg íslensk handrit í Norður-Ameríku, en auk þess eru dagbækur, bréf og ýmis skjöl á íslensku. Katelin Marit Parsons, aðjúnkt og nýdoktor í Íslensku- og menningardeild, hefur leitt verkefni sem miðar að því að varðveita þennan dýrmæta arf, en að vernda og tryggja slíka menningararfleið er einmitt eitt af undirmarkmiðum heimsmarkmiðs 11.

Sameiginlegur arfur á stafrænu formi

Verkefnið *Handrit íslenskra vesturfara* miðar að því að finna, skrá og taka stafræn afrit af handritum, bréfum og öðrum

skjölum á íslensku í Norður-Ameríku. „Þetta er sameiginlegur arfur þannig að við leituðumst ekki við að fá handritin heim til Íslands heldur að skrá þau og taka stafræn afrit,“ útskýrir Katelin. „Í langflestum tilvikum fengum við leyfi eigendanna til að gera afritin aðgengileg almenningi í gegnum gagna-grunninn *Handrit íslenskra vesturfara*. Þetta er mikill fengur fyrir fræðasamfélagið og alla þá sem hafa áhuga á þessari sögu,“ bætir hún við.

Menningararfur milli stafs og hurðar

Eitt af markmiðum verkefnisins er að tryggja að þessi arfur glattist ekki, en hann er oft í viðkvæmri stöðu. „Menningararfleið innflytjenda getur auðveldlega lent milli stafs og hurðar,“ segir Katelin. „Gögnin sem við vinnum með eru á tungumáli sem núverandi eigendur skilja ekki endilega og því er mikil hætt á að þau glattist.“ Hún bendir á að handritin sé mjög dreifð og oft staðsett á afskekktum svæðum þar sem fáir tala íslensku. Það sé því mikilvægt að geta átt samtál um innihald og gildi handritanna og hvers vegna mikilvægt að varðveita þau.

Að hleypta almenningi upp á háaloft vesturfarana

Aðgengi er lykilatriði, því varðveisla ein og sér er ekki nóg. „Það er til lítils að geyma hluti ef við gleymum því hvers vegna þeir skipta máli,“ segir Katelin. Með því að gera gögnin aðgengileg á netinu er verið að opna glugga inn í sögu og líf þessa fólks fyrir komandi kynslóðir beggja vegna Atlantshafsins. „*Handrit íslenskra vesturfara* er tækifæri til þess að hleypta almenningi upp á háaloftið til vesturfarana og leyfa fólki að skoða alla fjársjóðina sem fundust þar,“ bætir Katelin við að lokum.

og torgum. Einnig eru tengsl sálfræði við sjálfbærni og þéttingu byggðar reifuð og tengd við íslenskan veruleika.



Vettvangsskóli á Hofstöðum

HÍ og Háskólinn á Hólum standa að alþjóðlegum vettvangsskóla í fornleifafræði á Hofstöðum í Mývatnsveit í samstarfi við Minjastofnun Íslands. Skólinn hefur verið starfræktur frá 2024 og er hluti af vettvangsakademíu á svæðinu fyrir kennslu og rannsóknir á sviði fornleifafræði, minjaverndar og menningarferðaþjónustu. Vettvangsskólinn styður við undirmarkmið 11.4 um verndun á náttúru- og menningararfleið heimsins.



Þróunaráætlun HÍ

Skipulagsnefnd HÍ vann ásamt Reykjavíkurborg að Þróunaráætlun fyrir háskólasvæðið sem er stefnumótandi heildarsýn og leiðbeinandi skipulagstæki fyrir samhæfingu, hönnun og framkvæmd bygginga og umhverfi þeirra. Í áætluninni er lögð áhersla á sérkenni Vatnsmýrarinnar og umhverfisverðmæti svæðisins eru í hávegum höfð. Gert er ráð fyrir að vistvænar samgöngur verði eflar í kringum háskólasvæðið með komu Borgarlínunnar, auk þess sem göngu- og hjólastígar verða styrktir og dregið úr almennri bílaumferð. Almenningsrýmin á svæðinu eiga að nýtast bæði háskólaborgurum og öllum borgarbúum t.d. til heilsuefningar,

útivistar, kennslu og rannsókna. Háskólasvæðið á að stuðla að samkeppnishæfu, lífvænlegu og réttlátu borgarsamfélagi í anda markmiða um kolefnishlutleysi, vernd náttúru og líffræðilega fjölbreytni.



Leiðir til að hvíla bílinn

Mikil losun frá HÍ stafar af samgöngum, og vinnur skólinn að því að draga úr losun vegna einkabílsins.

» Rafmagnsdeilibílar

Starfsfólki Háskóla Íslands stendur til boða að nota **rafbílfreiðir** til að sinna vinnutengdum erindum á höfuðborgarsvæðinu.

» Samgöngusamningar

Starfsfólki gefst kostur á að gera **samgöngusamning við skólann** og skuldbindur sig til að ferðast til og frá skólanum með vistvænum hætti að minnsta kosti tvisvar í viku.

» Hjólræiðar við HÍ

Hjólastandar eru við allar byggingar HÍ auk þess sem finna má yfirbyggt hjólastýli við Lögberg og VR II. HÍ tekur þátt í áttakinn **Hjólað í vinnuna** til að vekja athygli á virkum ferðamáta sem hagræmum, heilsusamlegum og umhverfisvænum samgöngumáta. Árlega kemur **Dr. Bæk** á háskólasvæðið í tengslum við hjólaátakið og ástandsskoðar hjól starfsfólks.





EFNAHAGUR

Sjálfbær neyslu- og framleiðslumynstur verði tryggð

RANNSÓKNIR

209 Fjöldi ritrýndra greina frá 2020–2024 með tengingu við heimsmarkmið 12

4694 Fjöldi tilvitnana


1,61 Áhrifastuðull vigtaður eftir rannsóknarsviði (FWCI)

NIÐURSTÖÐUR THE Impact Ranking

201–300 af **973** í heiminum

67,8 af **100** stigum fyrir rannsóknir

Fjöldi ritrýndra greina með tengingu við heimsmarkmið 12



Úrgangsstjórnun og orkuframleiðsla endurhugsuð

Aysan Safavi, nýdoktor í efnaverkfræði við HÍ, vinnur að því að þróa svokallaða pýrólysatækni sem gæti umbylt sorplosun og orkuframleiðslu í framtíðinni. Pýrólysa eða hitasundrun er sjálfbær tækni sem notuð er til að framleiða lífelfsneyti. Helstu kostir eru þeir að hún losar lítið af eiturefnum ólíkt t.d. sorpbrennslu og urðun. Niðurstöður rannsókna Aysan sýna að pýrólysa dregur verulega úr losun eiturefna eins og díoxíns og fúrans og býr um leið til endurnýjanlega orku. Pýrólysa styður einnig yfirfærslu í hringrásarhagkerfið með möguleikanum á framtíð án sorps og fellur vel að framtíðaráformum heimsbyggðarinnar um kolefnisneikvæðar orkulausnir og sjálfbæra þróun. Verkefnið er styrkt úr Háskólasjóði Eimskipafélagsins.



Hringrásarhagkerfið í byggingariðnaði

Í námskeiðinu *Hringrásarhagkerfi í byggingariðnaði* fá meistara-nemar í byggingarverkfræði, umhverfisverkfræði og umhverfis- og auðlindafræði kennslu um ýmsa þætti sem tengjast hringrásarhagkerfinu, sett í samhengi við byggingariðnaðinn og hvort umskipti iðnaðarins yfir í hringrás séu möguleg. Fjallað er um viðfangsefnið á hagnýtan hátt, með hliðsjón af umhverfislegum, lagalegum, pólitískum og efnahagslegum þáttum. Nemendur kynnst áskorunum sem tengjast hringrásarbyggingu í íslensku, norrænu og evrópsku samhengi.



Umhverfisvænni litun blárra gallabuxna

Ólafur Ögmundarson, dósent við Matvæla- og næringarfræðideild HÍ, vinnur að þróun framleiðslu á nýjum bláum lit fyrir gallabuxur. Rannsóknin er unnin undir forystu DTU Biosustain sem er þverfræðilegt rannsóknasetur við Danska tækniháskólann (DTU). Rannsóknahópurinn hefur þróað nýja og umhverfisvænni leið við litun sem byggist á notkun litarefnisins indican, þar sem annaðhvort ensím eða sólarljós eru notuð til að ná hinum sérstaka lit sem einkennir bláar gallabuxur. Með því að nýta indican þarf ekki að nota svokölluð afoxunarefni við litunina og ferlið krefst jafnframt minni orku. Hvort tveggja leiðir til umtalsvert minni umhverfisáhrifa en hefðbundin litun með indigo. Til mikils er að vinna, enda eru fjórir milljarðar blárra gallabuxna seldir á heimsvísu á ári hverju.



Umhverfislandfræði: Náttúra, samfélag og sjálfbærni

Í námskeiðinu *Umhverfislandfræði*, sem er kennt á námsbraut í land- og ferðamálafræði, er lögð áhersla á fjölsfjölda og fæðuöruggi í samhengi við matvælaframleiðslu og ágang á náttúruauðlindir og umhverfi. Stuttar námsferðir eru hluti af námskeiðinu og miða að því að skerpa skilning nemenda á lífrænu niðurbroti og mikilvægi þess. Nemendur heimsóttu *Meltu*, nýsköpunarfyrirtæki sem framleiðir áburð úr matarafgöngum og ræktar upp sanda í Rangárbíngi ytra með hjálp íbúa á svæðinu, og Gaju, gas- og jarðgerðarstöð Sorpu á Álfsnesi, þar sem lífrænum úrgangi er



Mynd: Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir

Fræði, listir og handverk mætast í anda sjálfbærni á Hallormsstað

Í lífandi umhverfi Austurlands er boðið upp á einstakt nám þar sem fræði, listir, vísindi og handverk tvinnast saman. Námið í Skapandi sjálfbærni er samstarfsverkefni Hallormsstaðaskóla og Háskóla Íslands. Sigrún Hanna Þorgrímsdóttir, aðjúnt í skapandi sjálfbærni, segir námið byggja á langri hefð en mæta kalli nútímans. „Þetta er nýtt nám á gömlum grunni, byggt á arfleifð hússtjórnarnáms við Hallormsstaðaskóla frá 1930 en hefur tekið breytingum í takt við spurningar og áskoranir hvers tíma,“ útskýrir Sigrún. „Í dag eru spurningar er varða sjálfbærni og sjálfbæra þróun efst á baugi. Með samstarfinu við Háskóla Íslands bætist við fræðileg dýpt, tenging við víðara samhengi og möguleikar á þverfræðilegu samstarfi.“

Handverkið er lykill að ábyrgri neyslu

Í náminu er lögð áhersla á að efla efnisþekkingu, vistkerfisvitund og handverk sem leið til að hlúa að ábyrgri neyslu og framleiðslu. Lögð er áhersla á tengsl við nærsamfélagið og staðbundin hráefni, en um leið er horft út fyrir rammann. „Markmið okkar er að vera hreyfiafl í samfélaginu og opna farveg fyrir vannýtt hráefni og aukaafurðir, og ekki síst rækta gagnrýna og skapandi hugsun sem nærir framtíðina,“ segir Sigrún. Hún bendir á að handverkið feli ekki aðeins í sér verklega færni heldur hugarfar sem geti breytt neyslunum okkar. Handverkið sé þannig lykill, „sjónarhorn og siðferðisleg nálgun sem felur í sér hæglæti, eftirtekt og virðingu fyrir efni, umhverfi og samfélagi. Að læra að vinna með efni af umhyggju er leið til að hlúa að ábyrgri neyslu, að draga úr sóun og að lengja líftíma hluta,“ útskýrir Sigrún. Með þessari nálgun fléttist menningararfur og nýsköpun saman.

Sjálfbærni byggir á samspili manns og náttúru

Sigrún bendir jafnframt á að sjálfbærni sé meira en tæknilegt úrlausnarefni. „Hún byggir ekki síður á skapandi samspili umhverfis, efnis, menningar og samfélags í leit að nýjum leiðum til að fóta okkur í síkvikum heimi þar sem allt er breytingum háð,“ segir hún að lokum.

breytt í miltu og metan. Nemendur framkvæma einnig tilraunir með bokashi-aðferð við miltugerð til að brjóta niður matarafganga og búa til gróðurmold, sem síðan var notuð til að rækta tómata.



Sjálfbærni í daglegum rekstri

HÍ hefur á undanförunum árum breytt ýmsu í rekstri sínum til að draga markvisst úr umhverfisáhrifum og auka sjálfbærni skólans. Hér að neðan eru nokkur dæmi:

» Pappírslaut prófhald

Innleiðing stafræns prófhalds í HÍ hófst árið 2019 og hefur dregið verulega úr pappírnotkun.

» Tölvur og starfsfólk

Upplýsingatæknisvið HÍ útvegar starfsfólki vinnutölvur sem keyptar eru undir rammasamningi Ríkiskaupa, þar sem gerðar eru kröfur um umhverfisvottun þegar við á. UTS tryggir einnig framhaldslíf tækja með því að bjóða starfsfólki að kaupa eldri fartölvur gegn vægu gjaldi og senda nothæfar fartölvur til Rauða krossins.

» Umhverfisvottun ræstingaraðila

HÍ gerir kröfu um svansvottun í útboðum til ræstinga. Með því er tryggt að verktaki vinni markvisst að því að draga úr umhverfisáhrifum.

» Grænu skrefin

Í HÍ er verið að innleiða Grænu skrefin í starfsemi skólans. Verkefnið snýst um að efla vistvænan rekstur með kerfisbundnum

hætti og gera starf HÍ markvissara í sjálfbærni- og umhverfismálum.

» Óskilamunir fá framhaldslíf

Árlega setur Þjónustuborð HÍ upp skiptiborð þar sem óskilamunir sem enginn hefur vitjað standa gestum og gangandi til boða.

» Sjálfbærni á rannsóknastofum

Fjórar rannsóknastofur Lífvísindaseturs HÍ hafa fengið úttekt í gegnum *MyGreenLab Certification programme*, sem er alþjóðlega viðurkennt úttektarferli. Verkefnið felst m.a. í að staðla ferla til að auka skilvirkni, minnka orku- og vatnsnotkun tækja og annars rannsóknarbúnaðar og minnka úrgang.



Grænfáninn

SHÍ og Umhverfis- og samgöngunefnd SHÍ hafa fengið **Grænfánann** frá árinu 2020. Grænfáninn er alþjóðlegt umhverfismenntaverkefni sem Landvernd rekur á Íslandi og hefur að markmiði að innleiða í sjálfbærni í skólastarfi. Þemað úrgangur og neysla hefur verið í forgrunni hjá stúdentum síðustu ár. Á árinu 2024 var m.a. haldinn allsherjarmarkaður á Háskólatorgi, efnt til flokkunarátaks og fataslá var sett fyrir utan Bóksölu stúdenta allt árið þar sem gestir og gangandi gátu sótt sér og/eða komið með fót. Einnig var komið upp aðstöðu á Háskólatorgi til að þrifa fjölnota ílát og stuðla þannig að minni notkun einnota vara.



Rannsóknir



Nám og kennsla



Samfélagsleg áhrif og samvinna



Rekstur og stjórnun



Framtak stúdenta



NÁTTÚRA

Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra

RANNSÓKNIR

290 Fjöldi ritrýndra greina frá 2020–2024
með tengingu við heimsmarkmið 13

6611 Fjöldi tilvitnana


1,67 Áhrifastuðull vigtaður eftir rannsóknarsviði
(FWCI)

NIÐURSTÖÐUR THE Impact Ranking

64 af **1089** í heiminum

69,8 af **100** stigum fyrir rannsóknir

Fjöldi ritrýndra greina með tengingu við heimsmarkmið 13



Mannréttindi, fjölmennning og trú á tímum loftslagsbreytinga (MaFTíL)

MaFTíL er þverfaglegt rannsóknarverkefni innan Guðfræðistofnunar HÍ. Tilgangur MaFTíL er að stuðla að fjölbættu framlagi hug- og félagsvísinda í umræðunni um þau fjölmörgu og brýnu úrlausnar-efni sem blasa við mannkyni á tímum hamfarahlýnunar og margvíslegra ógnana í kjölfar hennar. Í verkefninu koma saman fræðimenn frá ólíkum fræðasviðum til að rannsaka þessar aðstæður út frá ýmsum sjónarhólum, kenningum og aðferðum. Spurningar sem er leitast við að svara eru m.a. hvernig loftslagsbreytingar af mannavöldum hafa áhrif á mannréttindi, trú og fjölmenningu, hver reynsla og upplifun fólks er á tímum fjölmenningar og loftslagsbreytinga, og að hvaða leyti trúarlegir fletir birtast í þeirri tilvistarglímu.



Lífsstíll innan 1,5 gráða hlýnunarmarka

Viðfangsefni doktorsverkefnis Sarah Olson í umhverfisfræði var að skoða lífsstíl innan 1,5 gráða hlýnunarmarka með áherslu á greiningu á neyslutengdum kolefnisfótsporum í Norðurlöndunum. Breytingar á lífsstíl og neysluvenjum fólks eru nauðsynlegar til að draga úr loftslagsbreytingum og til að lifa innan 1,5 gráða hlýnunarmarka. Neysludrifið losun hjá velmegandi þjóðum er þó langt yfir þessu viðmiði, þrátt fyrir miklar áhyggjur íbúa af loftslagsmálum. Í verkefninu eru skoðaðir mismunandi valkostir um neysluvenjur með lágt kolefnisfótspor í norrænu samhengi, með það að markmiði að greina áhrif þeirra á neyslutengt kolefnisfótspor fólks. Einnig var

kannað hvernig áhyggjur af loftslagsmálum og hvatinn til að minnka eigið kolefnisfótspor hefði áhrif á neyslubundna losun einstaklinga.



Rannsóknasetur HÍ á Hornafirði

Meginrannsóknasvið setursins tengjast umhverfis- og loftslagsmálum, auk þess sem lögð er áhersla á að auka við þekkingu um náttúru og efla menningu og samfélag á landsbyggðinni. Rannsóknasetrið hefur þróað nýjar leiðir til miðlunar vísindalegrar þekkingar, sérstaklega í tengslum við loftslagsbreytingar, til dæmis áhrif á hopun jökla.



Umhverfisfélagsfræði: Loftslagsbreytingar og samfélög

Í *Umhverfisfélagsfræði*, sem er kennd við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild HÍ, gefst nemendum tækifæri á að dýpka skilning á áhrifum umhverfisbreytinga á mannlíf og aðrar félagslega þætti. Félagslegt, stofnanalegt og menningarlegt gildi umhverfisvandamála er sérstaklega skoðað og áhersla lögð á hvernig samfélög hafa áhrif á þau vandamál sem við stöndum frammi fyrir, og hvernig umhverfisvandamál, á móti, hafa áhrif á samfélög. Sérstök áhersla er lögð á loftslagsbreytingar sem samfélagslega áskorun út frá félagsfræðilegu sjónarhorni og hverjar afleiðingar þeirra verða.





Brúarsmíði milli fræðasviða til að takast á við loftslagsvána

Loftslagsváin er ekki vandamál sem náttúruvísindin geta leyst ein og sér; hún krefst djúps skilnings á mannlegu samfélagi, siðfræði og gildum. Þetta er kjarni rannsókna Ole Martins Sandbergs, nýdóktors við Siðfræðistofnun Háskóla Íslands. Hann leiðir rannsóknarverkefnið *Climate Crisis and Affect* og lýsir því sem „að hluta mínu eigin rannsóknarverkefni sem kannar heimspekilega þætti loftslagsbreytinga, sérstaklega tengsl siðfræði, vísinda, samfélags og mannlegrar hugsunar, og að hluta neti fræðafólks sem vinna að skyldum viðfangsefnum“.

Tengir rannsakendur til að skilja mannlega þáttinn

Ole bendir á að netið hafi sprottið af praktískri þörf til að brúa bil milli einangraðra fræðigreina. „Ég starfa á sviði

umhverfshugvísinda og vildi finna fólk til að vinna með. Mikill hluti rannsókna við háskólann er einangraður, og við tölum ekki nægilega saman á milli fræðasviða og stofnana,“ segir hann. Markmið netsins er því að tengja saman rannsakendur í félags- og hugvísindum sem vinna að hinum mikilvæga mannlega þætti loftslagsbreytinga.

Raunverulegar loftslagsaðgerðir krefjast breytinga á gildum

Mikilvægi þessa mannmiðaða sjónarhorns er skýrt, þar sem vísindaleg gögn ein og sér hafa ekki leitt til nauðsynlegra aðgerða. „Vísindafólk veit að þetta dugar ekki. Það er auðvelt að segja að við þurfum að stöðva losun kolefnis, en sorglegur raunveruleikinn er sá að við vitum ekki hvernig við eigum að gera það. Samfélagið okkar er byggt á kerfi sem skaðar umhverfið, og það hefur áhrif á lífshætti okkar, stjórnmál, efnahag og menningarleg gildi,“ útskýrir Ole.

Til að takast raunverulega á við vandann þarf róttækar breytingar. „Til að stöðva umhverfisspillandi starfsemi þurfum við að endurskoða allt samfélagið, þar með talið gildi okkar og hugmyndir um hvað felst í góðu lífi,“ segir Ole. Þess vegna er þverfaglegt samstarf lykilatriði. Hann leggur áherslu á að loftslagsváin sé flókið málefni, nátengt öðrum hnattrænum áskorunum eins og tapi á líffræðilegri fjölbreytni og súrnun sjávar, og að leysa þurfi þessi mál í samhengi. „Við munum ekki leysa þau ef við hunsum félagsleg málefni eins og efnahagslegt og pólitískt réttlæti, jafnrétti kynjanna, lýðræði og fleira. Allir hafa hlutverki að gegna, og við þurfum meiri vinnu sem byggir tengsl milli fræðasviða, málefna og á milli háskóla og almennings,“ segir Ole að lokum.

Sjálfbærnigreind

Sérstakt kjörsvið, *Sjálfbærnigreind*, hefur verið stofnað við námsbraut í umhverfis- og auðlindafræði við HÍ. Á kjörsviðinu er lögð áhersla á greiningar á hinum margvíslegu viddum sjálfbærni og notkun stórra gagnasafna. Nemendur fá m.a. þjálfun í vistsporgreiningum, greiningum á kolefnisspori og lífsferilsgreiningum. Kennslan fer bæði fram við HÍ og í fjarnámi við York-háskóla í Toronto í Kanada.



Tilraunaborgir

Verkefnið Tilraunaborgir (e. *Pilot Cities*) er rannsóknar- og nýsköpunarverkefni unnið af HÍ og Reykjavíkurborg. Verkefnið snýr að venjum og hindrunum íbúa höfuðborgarsvæðisins í samgöngum og flokkun úrgangs. Verkefnið er styrkt í gegnum *NetZeroCities* þar sem 112 borgir í Evrópu voru valdar til þátttöku sem kolefnishlutlausar og snjallar borgir. Losun frá vegasamgöngum og úrgangi telur til helmings allrar losunar Reykjavíkurborgar. Verkefnið snýst um að prófa og innleiða aðferðir, lausnir og þjónustu sem hvetja til grænna ferðamáta og aukinnar úrgangsflokkunar með það að leiðarljósi að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda og flýta vegferð Reykjavíkurborgar í átt að kolefnishlutleysi fram til ársins 2030.



A-DVICE náttúrumiðaðar lausnir

Sjálfbærnistofnun HÍ vann að handbók um stefnumótun fyrir náttúrumiðaðar lausnir í samvinnu við norræna samstarfsaðila, og var verkefnið fjármagnað af Norrænu ráðherranefndinni. Náttúrumiðaðar lausnir er alþjóðlega viðurkennd nálgun til að leysa stórar samfélagslegar áskoranir, s.s. draga úr áhrifum loftslagsbreytinga og byggja upp seiglu gegn áhrifum þeirra. Að auki draga þær úr hnignun umhverfisins og tapi á líffræðilegri fjölbreytni. Náttúrumiðaðar lausnir er einnig hægt að nýta til að takast á við samfélagslegar áskoranir líkt og áhættu og viðbúnað vegna náttúruhamfara, heilsu, velferðar og félagslegs réttlætis. Í handbókinni eru tekin saman fjölbreytt dæmi frá Norðurlöndunum með það að markmiði að þau læri hvert af öðru.



HÍ undirritar loftslagsborgarsamning

Loftslagsborgarsamningur Reykjavíkur er samstarfsverkefni borgarinnar við alla geira samfélagsins um hvaða skref þarf að taka til að ná kolefnishlutleysi fyrir árið 2030. Reykjavíkurborg var valin til þátttöku í Evrópusamstarfi ásamt riflega hundrað öðrum borgum. Fyrsti loftslagsborgarsamningur Reykjavíkur var undirritaður í október 2024 og er HÍ einn þeirra aðila sem skrifaði undir samninginn. Með því hefur HÍ skuldbundið sig til að móta aðgerðir sem draga mælanlega úr losun á gróðurhúsalofttegundum og styðja við loftslagsmarkmið Reykjavíkurborgar.



Rannsóknir



Nám og kennsla




Samfélagsleg áhrif og samvinna



Rekstur og stjórnun



Framtak stúdenta



NÁTTÚRA

Vernda og nýta

hafið og auðlindir þess

á sjálfbæran hátt í því skyni

að stuðla að sjálfbærri þróun



Mynd: Michelle Duto

RANNSÓKNIR

178 Fjöldi ritrýndra greina frá 2020–2024 með tengingu við heimsmarkmið 14

2373 Fjöldi tilvitnana


1,24 Áhrifastuðull vigtaður eftir rannsóknarsviði (FWCI)

NIÐURSTÖÐUR THE Impact Ranking

201–300 af **711** í heiminum

73,0 af **100** stigum fyrir rannsóknir

Fjöldi ritrýndra greina með tengingu við heimsmarkmið 14



Rannsóknasetur um haf, loftslag og samfélag (ROCS)

ROCS (Rannsóknasetur Margrétar II Danadrottningar og Vigdísar Finnbogadóttur um haf, loftslag og samfélag) er rekið í samstarfi HÍ og Kaupmannahafnarháskóla. Markmið setursins er að auka skilning á samspili loftslagsbreytinga og vistkerfa hafsins. Nýleg rannsókn á vegum setursins fólst í því að greina flókna botnstrauma suður af Íslandi og meta hlutverk þeirra í flæði djúpsjárvar í Norður-Atlantshafi, í samvinnu við Frönsku sjónmælinga- og haffræðistofnunina. Niðurstöður rannsóknarinnar eru mikilvægt framlag til þekkingar á sviði haffræða og loftslags og gætu varpað ljósi á dreifingu botndýra meðfram íslenska landgrunninu. Mikilvægt er að skilja þessa strauma, þar sem uppvöxtur ýmissa nytjastofna á sér stað á þessum slóðum, m.a. á grunninu við suðurströnd landsins. Auk þess geta breytingar á straumum við landið haft alvarlegar hnattrænar afleiðingar, meðal annars fyrir loftslag og líffræðilega fjölbreytni.



Mengunarvöktun við Ísland

Rannsóknasetur HÍ á Suðurnesjum tekur þátt í ýmsum verkefnum sem snúa að mengunarvöktun við Ísland. Setrið hefur meðal annars umsjón með kræklingasöfnun á landsvísi vegna AMSUM-mengunar-

vöktunar Umhverfis- og orkustofnunar á lífríki hafsins við strendur Íslands. Rannsóknasetrið kemur einnig að ICES/OSPAR-vöktun Umhverfis- og orkustofnunar um greiningar á falskyni (e. *imposes*) hjá nákuðungum af völdum lífrænna tinsambanda úr botnmálningu skipa, sem og athuganir á örplasti í sjávarlífverum við Ísland. Auk þess kemur setrið að vöktunarverkefnum ýmissa fyrirtækja, má til dæmis nefna mengunarvöktun fyrir ÍSAL vegna álversins í Straumsvík, mengunarvöktun og rannsóknir fyrir Veitur ohf. vegna meginfráveitu frá Reykjavík og Kjalarnesi og mengunarvöktun og rannsóknir fyrir Isavia vegna fráveitu skólps frá Keflavíkurflugvelli.



Íslenska háhyrningaverkefnið

Íslenska háhyrningaverkefnið (e. *Icelandic Orca Project*) er leitt af Rannsóknasetri HÍ í Vestmannaeyjum og felur í sér samfellda langtímarannsókn á háhyrningum á hafsveiðum við Ísland. Í rannsókninni er aðallega einblínt á fæðuöflun háhyrniga og hvernig hún tengist félags- og samskiptahæfni þeirra. Gagnasöfnun fer m.a. fram með ljósmyndun til auðkenningar, hljóðupptökum og vefjasýnum, auk þess sem atferli hvalanna er kannað til að meta stofnstærð, félagsstengsl, langtímabreytingar í hegðun og fleira. Meginmarkmið verkefnisins er að vakta stofninn, öðlast betri skilning og



Að rannsaka hafið frá höfuðborg hvala

Marianne Helene Rasmussen, forstöðumaður Rannsóknaseturs Háskóla Íslands á Húsavík, hefur helgað feril sinn rannsóknum á sjávarspendýrum, sérstaklega hvölum og höfrungum. „Flest rannsóknarverkefni tengjast hljóðunum sem þau gefa frá sér og nota til að rata eða tjá sig,“ útskýrir hún. Auk þess leiðir Marianne nú nýtt rannsóknarverkefni, E-whale, sem styrkt er af Evrópusambandinu. Þar safnar rannsóknarteymið vatnssýnum úr svæðum þar sem hvalirnir kafa, svokölluðum sporðblettum (e. *fluke prints*), og rannsaka erfðaeftirfarir þeirra í vatninu.

Miðstöð fyrir nemendur og samstarf

Staðsetning rannsóknasetursins á Húsavík skiptir lykilhlut fyrir árangurinn. „Húsavík er þekkt sem höfuðborg hvala-

skaðunar í Evrópu,“ segir Marianne. Þar fara yfir 100.000 ferðamenn árlega í hvalaskoðunarferðir, sem gerir staðinn einstaklega hentugan til rannsókna á hvölum. Það kemur því ekki á óvart að setrið hefur orðið vinsælt meðal erlendra háskólanema. „Í ár höfum við tekið á móti 30 nemendum erlendis frá,“ segir hún. „Þeir dvelja yfirleitt í tvo til sex mánuði í starfsnámi eða við lokaverkefni.“ Nemarnir vinna beint með atvinnulífina á staðnum og fara um borð í hvalaskoðunarskipin til að taka ljósmyndir til greiningar á mismunandi hvalategundum, auk þess að skrá niður sjón- og atferlisupplýsingar í forritið Spotter Pro. Útkoman er líflegt samstarf milli vísinda, menntunar og atvinnulífs. „Margir þessara nema koma svo aftur næsta ár til að starfa sem leiðsögumenn hjá hvalaskoðunar fyrirtækjunum, og fyrirtækin njóta þá góðs af einstaklega vel menntuðum leiðsögumönnum,“ bætir Marianne við.

Menntun fyrir sjálfbæra framtíð

Auk lengri dvalar erlendra nema heldur setrið einnig tíu daga sumarnámskeið þar sem nemendur víða að úr heiminum koma til Húsavíkur til að læra að rannsaka sjávarspendýr. Starfsemi setursins nær einnig út fyrir háskólastigið. „Við búum líka til fræðsluefni fyrir grunnskólanemendur um hvalina,“ segir Marianne. Í þessari fræðslu eru notuð nútímatól, allt frá sýndarveruleikagleraugum sem láta börnin upplifa að þau séu í sjónum með hvölunum, til Erasmus+-verkefnis sem þróar stafrænan fræðsluvettvang um hafið. Marianne segir þetta starf mikilvægt fyrir Ísland ef ná eigi verndunarmarkmiðum. „Ísland er nú að vinna að 30 x 30 markmiðunum og markmiðum COP15. Til að ná þessum markmiðum er mikilvægt að vel menntað fólk starfi og stundi nám á sviði hafrannsóknar og allra hliða sjávarvísinda á Íslandi,“ segir hún að lokum.

Þekkingu á honum og greina mögulegar ógnir til að styðja við verndun háhyrninga.



Hafið og sjálfbærni

Námskeiðið *Hafið og sjálfbærni* er kennt í meistaranámi í umhverfis- og auðlindafræði. Námskeiðið veitir nemendum víðtæka og yfirgripsmikla yfirsýn um hafið í hnattrænu samhengi og í tengslum við þrjár stóðir sjálfbærrar þróunar þar sem verndun og sjálfbær nýting hafsins og sjávarauðlinda er ein stærsta áskorun samtímans. Mennta-, menningar- og vísindastofnun Sp (UNESCO) hefur mælt með námskeiðinu í tengslum við Áratug hafsins á vegum stofnunarinnar, sem er viðurkenning á nýstárlegri nálgun námskeiðsins innan framhaldsnáms í umhverfis- og auðlindafræði. Námskeiðið er sett þannig upp að aðrir háskólar geta nýtt sér þá kennslunálgun sem þar er beitt við umfjöllun um þessi viðfangsefni og áskoranir tengdar þeim.



Sjávarsögur

Jóna Guðrún Jónsdóttir, aðjunkt í leiklist, og Rannveig Björk Þorkelsdóttir, dósent í leiklist við Menntavísindasvið, leiða verkefnið *Sjávarsögur* (e. *SEATALES*). Markmið verkefnisins er að styðja kennara í grunn- og framhaldsskólum til að þróa og auka þekkingu sem gerir þeim kleift að innleiða menntun á sviði haflæsis í gegnum leiklist og

kynna þannig fyrir nemendum hugmyndafræði og verklag sem getur stuðlað að því að byggja upp kynslóð haflæsra, framtaksamra og ábyrga borgara. Verkefnið er styrkt af Erasmus+ og er samstarfsverkefni fjögurra Evrópuþjóða.



ViSOE

Rannsóknasetur HÍ á Húsavík hefur hlotið veglegan Erasmus+ styrk til að búa til stafrænt námsefni um hafið, byggt m.a. á myndefni úr rannsóknarleiðöngurum um norðurhöf. Markmið ViSOE (e. *Visual Storytelling for Ocean Education*) er að leggja kennurum til nýstárlegt og myndrænt námsefni sem styrkir þekkingu og vitund nemenda um hafið og lífríki þess.



Loftslagsverkfall fyrir höfin

Stúdentaráð SHÍ skipulagði, ásamt félaginu *Loftslagsverkfall – Fridays for future*, stórmótæmi við Alþingishúsið til að vekja athygli og koma kröfum um málefni hafsins áleiðis til stjórnmálamanna. Áhersla var lögð á bann á djúpsjávarnámugrefti og fiskeldi í opnum kvíum. Á mótmælunum var lögð áhersla á ábyrgð Íslands í tengslum við sjálfbærar veiðar og verndun líffræðilegrar fjölbreytni.



Rannsóknir



Nám og kennsla



Samfélagsleg áhrif og samvinna



Rekstur og stjórnum



Framtak stúdenta



NÁTTÚRA

Vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi, sjálfbærri stjórnun skógarauðlindarinnar, berjast gegn eyðimerkurmyndun, stöðva jarðvegseyðingu og endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni

RANNSÓKNIR

101 Fjöldi ritrýndra greina frá 2020–2024 með tengingu við heimsmarkmið 15

1348 Fjöldi tilvitnana


1,47 Áhrifastuðull vigtaður eftir rannsóknarsviði (FWCI)

NIÐURSTÖÐUR THE Impact Ranking

401–600 af **854** í heiminum

66,8 af **100** stigum fyrir rannsóknir

Fjöldi ritrýndra greina með tengingu við heimsmarkmið 15



Kynslóðaskipti: Áhrif æskunnar á viðbrögð stofna við umhverfisbreytingum

Að greina áhrif hnattrænna umhverfisbreytinga á líffræðilega fjölbreytni er meðal brýnustu áskorana mannkyns. Hraðar breytingar á dreifingu og útbreiðslu margra lífvera setja verndaráætlanir sem byggja á að viðhalda neti verndarsvæða á föstum stöðum í hættu. Í rannsókninni, sem er leidd af Rannsóknasetri HÍ á Suðurlandi, er leitast við að svara af hverju sumar tegundir hafa breytt útbreiðslu sinni en aðrar ekki og hvaða drifkraftar eru að verki. Íslenskar vaðfuglategundir eru notaðar sem viðmið og GPS-sendar settir á ungfugla jaðrakana, spóa og tjalda. Þessar tegundir sýna breytileika í mikilvægum lífsöguþáttum, s.s. farvegalengd. Upplýsingarnar sem fást á þennan hátt um æskuskeið farfugla, í samspili við langtíma-rannsóknir á þessum tegundum, geta aðgreint þætti sem verka á mælikvarða einstaklinga og stofna og hafa áhrif á breytileika í m.a. lýðfræði og útbreiðslu.



Verndunarlíffræði

Loftslagsbreytingar, fjölgun mannkyns og hnattvæðing, ásamt öðrum þáttum, hafa veruleg áhrif á náttúruleg búsvæði og vistkerfi plantna og dýra. Í námskeiðinu *Verndunarlíffræði*, sem kennt er í grunn- og framhaldsnámi við Líf- og umhverfisvísindadeild, er leitast við að auka skilning á áhrifum mannsins á líffræðilega fjölbreytni, takast á við tap á henni og nýta þekkingu úr fjölmörgum fræðigreinum, þar á meðal vistfræði, þróunarfræði, hagfræði og auðlindastjórnun, til að þróa lausnir í náttúruvernd. Markmið námskeiðsins er að veita nemendum yfirgripsmikinn skilning á undirstöðum verndunarlíffræði, mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni, þeim ógnum sem að henni steðja og aðferðum sem hægt er að beita til að leysa úr verndunaráskorunum.





Áratuga rannsóknir á líffræðilegri fjölbreytni og vistkerfum norðurslóða

Ingibjörg Svala Jónsdóttir, prófessor emerita við Líf- og umhverfisvísindadeild, hefur helgað stórum hluta af sínum 45 ára ferli í að rannsaka víðfeðm vistkerfi norðurslóða. Hún segir rannsóknirnar spanna breitt svið innan vistfræðinnar. „Þær snúa að öllu frá lífssögulegum aðlögunum plantna að arktískum aðstæðum, erfðabreytileika plöntustofna, breytileika í samfélögum plantna [æðplantna, mosa og fléttna], grasbíta [spendýra, fugla og skordýra], og örvera [í jarðvegi og á mosum og fléttum],“ útskýrir Ingibjörg Svala. Með þátttöku í fjölda alþjóðlegra rannsóknarleiðangra um heimskauta- og fjallatúndru Síberíu og Norður-Ameríku, auk Svalbarða, Íslands og Suður-Georgíu, hefur Ingibjörg Svala öðlast dýrmæta innsýn í breytileikann sem þar ríkir.

Verndun vistkerfa á norðurslóðum hefur hnattrænt vægi

Að sögn Ingibjargar Svölu er sérstaða vistkerfa á norðurslóðum mikil og gegna þau lykilhlutverki í stærra samhengi. „Sérstöðu vistkerfa norðurslóða má draga saman svona: 1) Þau eru hluti af víðfeðmustu ósnortnu víðernum Jarðar, 2) Þótt þar séu færri tegundir en á flestum öðrum svæðum Jarðar sýna rannsóknir að breytileikinn innan tegunda sé hlutfallsega hár hjá flestum lífveruhópum. 3) Þau hafa um árþúsundir bundið meira af lífrænu efni í jarðvegi og sífrera en sem nemur losun og geyma því mikið magn kolefnis,“ útskýrir Ingibjörg Svala.

Hún bendir á að rannsóknir á áhrifum loftslagsbreytinga og landnýtingar hafi hnattrænt vægi, þar sem líffræðilegri fjölbreytni svæðisins er nú ógnað. „Hlýnun loftslags er mun örá á norðurslóðum en annars staðar. Með þátttöku í alþjóðlegum rannsóknanetverkum hef ég leitast við að svara spurningum um áhrif loftslagsbreytinga og beitar, þar með talinnar búfjárbæitar, á líffræðilega fjölbreytni og vistkerfi túndrunnar. Margt bendir til að jafnvægi bindingar og losunar kolefnis sé að snúast við þannig að losun gróðurhúsalofttegunda yfirstígi bindingu sem mun orsaka enn frekari hlýnun Jarðar. Tryggja þarf endurheimt hnignaðra túndruvistkerfa og sjálfbæra nýtingu þeirra.“

Fræðsla og þjálfun næstu kynslóðar

Ingibjörg Svala nefnir mikilvægi þess að miðla þekkingu til komandi kynslóða og undirbúa þær til að takast á við flókin umhverfisvandamál. „Í kennslu minni hef ég lagt áherslu á að veita nemendum góða fræðilega undirstöðu í vistfræði og þjálfað þau í að beita vistfræðilegri þekkingu til lausnar margvíslegra umhverfisvandamála og sjálfbærrar nýtingar náttúruauðlinda,“ segir hún að lokum.

Mannskepnur og önnur dýr

Við Félagsfræði-, mannfræði- og þjóðfræðideild er boðið upp á námskeiðið *Mannskepnur og önnur dýr* í grunnnámi þar sem einblínt er á samskipti manneskjunnar við önnur dýr út frá fræðilegum og listrænum sjónarhornum. Markmið námskeiðsins er að varpa ljósi á spurningar og málefni sem tengjast sambúð fólks og dýra, loftslagsbreytingum, útrýmingu dýrategunda og sjálfbærni. Nemendur skoða hvernig listamenn, rannsakendur, aðgerðasinnar og söfn hafa tekið þátt í umræðu um þessi málefni og eru hvattir til að nálgast sjónrænt efni, muni, gripi og texta, bæði rafrænt og með heim-sóknum á söfn og sýningar.



Samstarf HÍ við Náttúrustofur

Á Íslandi eru starfræktar átta Náttúrustofur vítt og breitt um landið sem sinna m.a. náttúruvísindum, gagnaöflun og eftirliti með náttúru landsins. Rannsóknasetur HÍ víðs vegar um landið eiga í nánú samstarfi við Náttúrustofur á sínu starfssvæði og samnýta oft aðstöðu og tækjabúnað. HÍ og Samtök náttúrustofa hafa jafnframt gert með sér samning um eflingu samstarfs á rannsóknum og kennslu í náttúru- og umhverfisfræðum.



Með fróðleik í fararnesti

Gönguferðir undir heitinu *Með fróðleik í fararnesti* er samstarfsverkefni HÍ og Ferðafélags Íslands (FÍ) sem hefur verið starfrækt síðan 2011. Markmið gönguferðanna er að vekja áhuga almenninga á fræðslu, hollri útivist og líffræðilegri fjölbreytni og um leið vekja áhuga á fjölbreyttri starfsemi HÍ og FÍ. Árið 2024 var lögð áhersla á sveppaferðir, skordýraskoðun og fuglaskoðun, auk þess að draga fram mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni. Þátttaka er ókeypis og öll velkomin.



Græn svæði á háskolasvæðinu

Deild lóða og viðhalds sér um að viðhalda grænum svæðum á háskolasvæðinu og hefur á undanförunum árum aukið fjölbreytni plantna á svæðinu. Nú má finna þar yfir 60 tegundir trjáa og runna. Molta frá Gaja gas- og jarðgerðarstöð Sorpu er notuð sem áburður og dregið hefur verið úr notkun á skordýra- og tilbúnum áburði. Á sumrin starfa um 10–12 starfsmenn við deildina.



Rannsóknir



Nám og kennsla



Samfélagsleg áhrif og samvinna



Rekstur og stjórnun



Framtak stúdenta



SAMFÉLAG

**Stuðla að friðsælum og sjálfbærum
samfélögum fyrir alla menn, tryggja öllum
jafnan aðgang að réttarkerfi og byggja
upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir
fyrir alla menn á öllum sviðum**

RANNSÓKNIR

179 Fjöldi ritrýndra greina frá 2020–2024
með tengingu við heimsmarkmið 16

2004 Fjöldi tilvitnana


1,45 Áhrifastuðull vigtaður eftir rannsóknarsviði
(FWCI)

NIÐURSTÖÐUR THE Impact Ranking

301–400 af **1265** í heiminum

80,9 af **100** stigum fyrir rannsóknir

Fjöldi ritrýndra greina með tengingu við heimsmarkmið 16



Öryggi Íslands og varnir á óvissutímum (ICEADaS)

ICEADaS er rannsóknarverkefni sem miðar að því að koma á fót rannsóknarmiðstöð um öryggis- og varnarmál og tengja með henni fræðasamfélagið og stefnumótun. Í verkefninu er öryggisumhverfi Íslands rannsakað út frá fjórum þáttum; hernaðarvörnum og þjóðar-öryggi, samvinnuviðbrögðum við ógnunum, hernaðarlegu öryggi og vörnum, alþjóðasamvinnu, og samfélagslegu og umhverfislegu öryggi, auk fjölþáttaógnna. Kynjasjónarmið og afleiðingar loftslagsbreytinga verða einnig höfð til hliðsjónar. Verkefnið bætir þekkingu á öryggisumhverfi landsins og er framlag til fræðilegrar umræðu um bæði svæðisbundið og alþjóðlegt öryggi. Niðurstöður rannsóknarinnar verða að auki settar fram sem stefnumótunarleiðbeiningar, valdhöfum til ráðgjafar. Verkefnið er styrkt af Rannsóknarsjóði Rannís og er m.a. unnið í samvinnu við utanríkisráðuneytið og norræna samstarfsaðila.



Falsfréttir, upplýsingaóreiða og stjórnmál

Í námskeiðinu, sem kennt er í grunnnámi í Stjórn málafræðideild, er kastljósinu beint að upplýsingaóreiðu og falsfréttum í tengslum við umræðu um stjórnmál. Fjallað er um mismunandi skilgreiningar á hugtakinu falsfrétt og það rætt í sögulegu samhengi, auk þess sem möguleg áhrif og afleiðingar falsrétta eru skoðuð og hvernig hugtakið er beitt í pólitískri baráttu. Fjallað er um hvernig röngum og

misvísandi upplýsingum er dreift og sérstaklega skoðaður þáttur samfélagsmiðla í dreifingunni. Skoðað er hvernig stjórnvöld á Vesturlöndum hafa brugðist við auknu umfangi falsfrétta, tilraunum utanaðkomandi aðila til að hafa áhrif á lýðræðislega umræðu og kosningar og áhrif og afleiðingar falsfrétta í nútímalýðræðissamfélögum.

Efst á baugi í alþjóðastjórnmálum:
Friður, öryggi og sáttamiðlun

Nemendur í námskeiðinu, sem er í boði í grunn- og framhaldsnámi við Stjórn málafræðideild, fara yfir nýleg og yfirstandandi átök í heiminum í ljósi friðar- og átakafræði. Námskeiðið hefst með inngangi að því fræðasviði, sem gerir nemendum kleift að greina átökin með aðstoð gestafyrirlesara sem hafa sérfræðipækkingu á ólíkum svæðum. Námskeiðinu lýkur svo með yfirliti yfir úrlausn átaka og sáttamiðlun. Dæmi um viðfangsefni eru t.d. Súdan, Úkraína, Ísrael og Palestína.

ACONA-samningatækninámskeið á sviði
afvopnunarmála

Samningatækninámskeiðið ACONA er 12 mánaða námskeið fyrir upprennandi leiðtoga á sviði afvopnunarmála, -tækni og alþjóðasamninga. Á námskeiðinu er meðal annars farið yfir sögulegar



Stjórnmal eftirsannleikans og hin tilvistarbundna ógn við lýðræðið

Uppgangur stjórnmála eftirsannleikans (e. *post-truth politics*) er veruleg áskorun fyrir lýðræði um allan heim. Maximilian Conrad, prófessor í stjórnmálafræði, stýrði alþjóðlega rannsóknarverkefninu RECLAIM sem tók á þessu flókna fyrirbæri. „Í stuttu máli rannsakaði RECLAIM-verkefnið fyrirbærið stjórnmál eftirsannleikans og sérstaklega hvernig það hefur áhrif á frjálslynd lýðræðisríki,“ útskýrir hann. Verkefnið rannsakaði hvernig stjórnmál eftirsannleikans hafa áhrif á almenna umræðu, tengsl þeirra við uppgang valdboðsheigðs popúlisma (e. *authoritarian populism*), sem og hlutverk bylittækni (e. *disruptive technologies*), trausts og vantrausts á fjölmiðlun og rangupplýsinga (e. *disinformation*) frá meinfýsum aðilum. Að lokum skoðaði verkefnið hvað er verið að gera, og hvað mætti gera betur til að hjálpa borgurum frjálslyndra lýðræðisríkja að takast á við síbreytilegt upplýsingaumhverfi sem hagrætt er með ýmsum hætti.

tilviksrannsóknir, tæknikunnáttu og samningatækni á sviði afvopnunar-mála. Þátttakendur taka þátt í þremur námslotum og verða að námskeiði loknu hluti af tengslaneti ACONA sem samanstendur af sérfræðingum á sviði afvopnunar-mála og samningatækni. Landfræðileg staðsetning Íslands tengir saman ólíka leikendur í alþjóðafriðar- og öryggismálum og er seinasta ACONA-lotan haldin í Reykjavík, ásamt ACONA-ráðstefnunni. ACONA er alþjóðlegt samstarfsverkefni sem leitt er af Höfða friðarsetri hjá HÍ.



Palestínuverkefnið

Palestínuverkefnið hefur það að markmiði að auka vitund um ástandið á svæðunum við Gasaströnd og Vesturbakkann og að fjalla um sögu Palestínu. Markmið verkefnisins er að tengja stofnanir og fræðasvið við nærsamfélög á sama tíma og lögð er áhersla á að skoða siðferðislega ábyrgð innan fræðasamfélagsins. Verkefnið hlaut styrk vegna stuðnings við samfélagsvirkni í HÍ og er það leitt af dr. Þóri Jónssyni Hraundal, lektor í Mið-Austurlandafræðum, ásamt Nikkita Hamar Patterson og Hasan Karakilinc, doktorsnemum úr Mála- og menningardeild.



Stúdentar fyrir Palestínu

Stúdentar fyrir Palestínu er hreyfing háskólanema sem tekur afstöðu með frjálsri Palestínu og gegn hernámi Ísraels. Hópurinn hefur meðal annars staðið fyrir verkfalli og mótmælum fyrir Palestínu. Stúdentar fyrir Palestínu er stúdentavængur [Háskólafélks fyrir Palestínu](#).



Rannsóknir



Nám og kennsla



Samfélagsleg áhrif og samvinna



Rekstur og stjórnun



Framtak stúdenta

Fótunum kippt undan staðreyndum

Conrad segir meginhættuna af rangupplýsingum felast í að þær grafa undan sameiginlegum veruleika, sem er undirstaða lýðræðis. „Að mínu mati er lykilatriðið að rangupplýsingar kippa fótunum undan staðreyndum,“ segir hann. „Markviss og uppbyggileg opinber umræða verður ómöguleg ef fólk er ekki einu sinni sammála um staðreyndir.“ Hann bendir á að vandinn fari versnandi vegna markvissra tilrauna til að drekkja umræðu með dreifingu gífurlegs magns rangra upplýsinga, þar sem lýðhyggjusinnaðir stjórnmálamenn ögri opinberlega vísindalegri sérfræðiþekkingu og valdboðsstjórnir nýti rangupplýsingar til að grafa undan frjálslyndum lýðræðisríkjum.

Þörf á afgerandi aðgerðum

Þótt niðurstöður verkefnisins séu umfangsmiklar dregur Conrad sérstaklega fram nokkrar lykiltillögur í stefnumótun. „Það er kannski rétt að undirstrika að við sjáum þörf fyrir ákveðnari aðgerðir á vettvangi opinberrar stefnumótunar, bæði á vettvangi Evrópusambandsins og hjá aðildarríkjum, til að vernda vandaða blaðamennsku og fjölmiðlafrelsi,“ segir hann. Hann leggur einnig áherslu á mikilvægi borgaramenntunar til að efla borgara, sér í lagi á sviði gagnrýnnar hugsunar og fjölmiðlalæsis. Hann kallar enn fremur eftir því að Evrópusambandið „beiti reglugerðarmætti sínum og standi uppi í hárinu á tæknirisunum sem gegna lykilhlutverki í öllum þessum vandamálum“.

Hætturnar í stjórnmálum eftirsannleikans

Conrad lýkur máli sínu með alvarlegri aðvörun um hættuna sem við stöndum frammi fyrir og undirstrikar að hér sé ekki um smávægilegt mál að ræða heldur djúpstætt neyðarástand. „Það sem ég vil helst koma á framfæri er að það sem við köllum stjórnmál eftirsannleikans snýst ekki bara um rýrnandi gæði lýðræðis eða lýðræðislegrar umræðu, heldur í raun tilvistarógn við lýðræði og öll frjálslynd gildi þess,“ segir hann. „Við sjáum þetta mjög skýrt í Bandaríkjunum um þessar mundir, þar sem stjórnmál eftirsannleikans blandast augljóslega saman við valdboðsheigða lýðhyggju sem leitast við að grafa undan hornsteinum lýðræðiskerfisins,“ bætir hann við að lokum.

Stjórnun og stjórnarhættir innan HÍ

» Ársreikningar HÍ

HÍ birtir ársreikninga sína árlega á vef háskólans, aðgengilega öllum.

» Háskólaráð

Háskólaráð HÍ er skipað skv. [lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008](#). Háskólaráð er skipað rektor HÍ, kjörnum fulltrúum háskólasamfélagsins, fulltrúum nemenda, fulltrúum tilnefndum af háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra og fulltrúum tilnefndum af Háskólaráði.

» Lög og reglur

HÍ, sem opinber háskólastofnun, heyrir undir háskóla-, iðnaðar- og nýsköpunarráðuneyti. Tveir lagabálkar eiga sérstaklega við um HÍ, [Lög um háskóla, nr. 63/2006](#) og [Lög um opinbera háskóla, nr. 85/2008](#).

» Siðareglur

Siðareglur HÍ fela í sér helstu siðferðislegu gildi og með skráningu þeirra eru fangaðir í orð helstu þættir þeirra siðferðislegu gilda og ábyrgðar sem eru samofnir störfum og námi við HÍ, í þeim tilgangi að hvetja og aðstoða starfsfólk hans og nemendur við að sinna verkefnum sínum á vandaðan og uppbyggilegan hátt, innan sem utan háskólans. Siðareglur eru settar fram með vísan til grunngilda HÍ, sem eru fagmennska, jafnrétti og akademískt frelsi, auk sjónarmiða um samvinnu, heilindi og sjálfbærni.





Mynd: Guðmar Sverrisson

Blása lífi í alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun og grípa til aðgerða

RANNSÓKNIR

3787 Fjöldi ritrýndra greina frá 2020–2024 með tengingu við heimsmarkmið 1–16


78540 Fjöldi tilvitnana

NIÐURSTÖÐUR THE Impact Ranking

301–400 af **2389** í heiminum

71,4 af **100** stigum fyrir rannsóknir

Fjöldi ritrýndra greina með tengingu við heimsmarkmið 1–16



Aurora samstarfsnetið

HÍ er hluti af Aurora, samstarfsneti öflugra evrópskra rannsóknaháskóla sem vinna að því að efla kennslu, rannsóknir og nýsköpun sín á milli til að mæta brýnum samfélagsmálum. Aurora stefnir að því að vera leiðandi fyrirmynd í sjálfbærni, draga úr vistspori sem hlýst af starfsemi hvers háskóla og samstarfsins í heild, og leggja mikið af mörkum til heimsmarkmiða SP. Aurora var stofnað árið 2016 og hefur frá árinu 2020 verið styrkt af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins sem eitt af 65 evrópskum háskólanetum (e. *European Universities*).



Eyjar og sjálfbærni (ISLANDS)

ISLANDS-meistaránámið er samstarfsverkefni HÍ, Háskólans í Groningen í Hollandi, Háskóla Eyjahafs í Grikklandi og Háskólans í Las Palmas de Gran Canaria á Spáni. Þetta tveggja ára nám byggir á þeirri sérstöðu sem eyjar hafa í samhengi sjálfbærrar þróunar. Í náminu er lögð áhersla á að dýpka skilning á sérstöðu eyja og veita nemendum verkfæri, aðferðir og færni til að brúa bilið milli fræðilegra kenninga og framkvæmdar þegar kemur að sjálfbærni. ISLANDS-námið sameinar almenna þjálfun í vísindarannsóknum og efnistengda sérhæfingu sem tengjast eyjum og sjálfbærni, auk þess

að veita nemendum fjölbreytta hæfni til rannsókna á sviði félagsvísinda og umhverfisfræða.



Kveikja

Kveikja er þverfaglegt námskeið fyrir nemendur á síðasta ári í grunn- og framhaldsnámi við öll fræðasvið HÍ, og er jafnframt opið nemendum frá öllum háskólum innan Aurora-samstarfsins. Nemendur öðlast innsýn í áskoranir samfélagsins og hvernig hægt er að takast á við þær með samstarfi í þverfaglegum teyllum undir leiðsögn reyndra leiðtoga úr atvinnulífinu og fræðasamfélaginu. Í námskeiðinu öðlast nemendur skilning á eigin styrkleikum auk þess sem þeir þróa aðferðir og nálganir til nýsköpunar. Námskeiðið byggir á stuttum verkefnum sem eru unnin í sýndarlotum í fjarnámi og í fimm daga staðarlotu sem er haldið í HÍ.



LOUIS hæfniramminn

LOUIS-hæfniramminn (e. *Learning Outcomes in University of Impacts on Society*) var þróaður í samstarfi Aurora-háskólanna undir



Mynd: Jón Geir Pétursson

Rannsóknarsamstarf í Afríku styrkir skilning á sjálfbærri þróun

Jón Geir Pétursson, prófessor í umhverfis- og auðlindafræði, hefur árum saman stundað þverfræðilegar rannsóknir á sviði sjálfbærrar þróunar og umhverfis- og auðlindamála í Afríku. Rannsóknirnar hafa aðallega farið fram í lágtekjuríkjum þar sem áskoranirnar eru miklar, en þar er hann í miklu samstarfi við heimaaðila. „Ég hef stundað rannsóknir mest í Úganda en einnig töluvert í Keníu, Tansaníu, Malaví og Sambíu,“ segir Jón Geir. „Hagkerfi þessara ríkja byggja að mestu á náttúruauðlindum, auk þess sem stór hluti lífsafkomu íbúa byggir á aðgangi að umhverfi og auðlindum. Mikil áskorun er að flest þeirra búa við veikar samfélagslegar stofnanir, sem ná ekki að þróa og innleiða stjórnkerfi sem geta stuðlað að velferð íbúa eða sjálfbærri nýtingu auðlindanna,“ útskýrir hann. Hann bætir við að loftslagsbreytingar hafi þar einnig mikil áhrif. „Þetta er sá heimshluti sem virðist ætla að verða fyrir hvað mestum áhrifum loftslagsbreytinga, en er með takmarkaða getu til að takast á við þær.“

Samstarf, ráðgjöf og miðlun þekkingar

Rannsóknirnar eru unnar í nánú samstarfi við ýmsa aðila í samstarfslöndum, sem og UNESCO GRÓ-skólanna á Íslandi, og byggja oft á kennslu og leiðbeiningu nemenda. Auk þess hefur Jón Geir sinnt ráðgjöf um stefnumótun fyrir stjórnvöld. „Nú síðast [var það] á sviði loftslagsaðgerða í þeim þremur samstarfslöndum þar sem Ísland starfrækir tvíhliða þróunarsamvinnu og rekur sendiráð, eða Úganda, Malaví og Síerra Leóne.“ Hann leggur einnig áherslu á miðlun þekkingar hér heima, til dæmis með ritstjórn bókarinnar *Afríka sunnan Sahara í brennidepli II* í samstarfi við félagið Afríka 20:20 og er fulltrúi íslensks vísindasamfélags í stefnu- og rannsóknaráði Norrænu Afríkustofnunarinnar.

Þekkingaruppbygging sem byggir brýr milli Íslands og Afríku

Jón Geir segir það skipta miklu máli að Háskóli Íslands, sem leitast við að vera virkur þátttakandi í alþjóðlegu samstarfi, búi yfir rannsóknargetu og þekkingu á málefnum Afríku, ekki síst þar sem íslensk stjórnvöld leggja sérstaka áherslu á þróunarsamvinnu í álfunni. „Það er mikilvægt að við Háskóla Íslands séu stundaðar rannsóknir og þekkingaruppbygging, sem getur stutt við þær áherslur.“ Hann segir námsbrautina í umhverfis- og auðlindafræði henta vel sem vettvang fyrir slíkt rannsóknarsamstarf. „Námið er skipulagt sem alþjóðlegt, þverfræðilegt og rannsóknatengt framhaldsnám og hafa margir nemendur frá Afríku stundað meistara- eða doktorsnám þar. Styrkleiki þess er einnig að námið er rekið í samstarfi allra sviða HÍ og því hægt að tengja áherslur fjölbreyttum viðfangsefnum á ólíkum sviðum,“ segir Jón Geir að lokum.

forystu HÍ. LOUIS-hæfniramminn er verkfæri sem styður háskólakennara við að skilgreina hæfniviðmið fyrir akademískan og persónulegan námsárangur eða lærdóm. Ramminn skýrir jafnframt fyrir nemendum hverju búist er við af þeim í náminu og hvernig þeir standi sig, sem hjálpar þeim að átta sig á þýðingu og gagnsemi þeirrar þekkingar og færni sem þeir öðlast. Markmið LOUIS hæfnirammans er að búa nemendur betur undir að hafa ekki aðeins fræðilega sérþekkingu, heldur einnig þá hæfni og það hugarfar sem þarf til að leggja sitt af mörkum til samfélagsins. LOUIS-hæfniramminn er hagnýtt og gagnlegt verkfæri fyrir háskólakennara við mótun hæfniviðmiða fyrir námskeið, námsbrautir eða einstök verkefni, sem gagnast bæði kennurum og nemendum. Árið 2024 voru haldnar vinnustofur til að styðja við kennara í HÍ við að nýta sér LOUIS-hæfnirammann í þróun námskeiða og matskvarða.



Viðburðaröðin HÍ og heimsmarkmiðin

HÍ, í samvinnu við Sjálfbærnistofnun HÍ, hefur endurvakið viðburðaröðina HÍ og heimsmarkmiðin, sem fjallar um brýnustu verkefni og áskoranir sem þjóðir heims standa frammi fyrir. Á hverjum viðburði er eitt heimsmarkmið tekið fyrir, þar sem öflug

fræðafólki frá öllum fræðasviðum HÍ er teft fram til að kryfja og ræða markmiðin og áskoranirnar sem þeim tengjast frá sem flestum sjónarhornum. Á fyrsta viðburðinum, sem var haldinn í nóvember 2024, var sjónum beint að heimsmarkmiði 16 um frið og réttlæti sem fjallar m.a. um hvernig draga skuli verulega úr hvers kyns ofbeldi. Viðburðaröðin er haldin í samstarfi við Forsætisráðuneytið og er öllum opin án endurgjalds. Samhliða viðburðaröðinni er haldið úti hlaðvarpi þar sem kafað er enn dýpra í hvert heimsmarkmið með umræðum og innsýn frá sérfræðingum.



Sjálfbærninfnd HÍ

Í HÍ er starfrækt sjálfbærninfnd, skipuð fulltrúum frá hverju fræðasviði, sameiginlegri stjórnsýslu og fulltrúa stúdenta. Sjálfbærninfnd er ein af nefndum Háskólaráðs og gegnir ráðgefandi hlutverki á sínu sviði. Starfssvið hennar nær til sjálfbærni í viðum skilningi, í samræmi við Heimsmarkmið SP um sjálfbæra þróun og heildarstefnu HÍ á hverjum tíma.



Rannsóknir



Nám og kennsla



Samfélagsleg áhrif og samvinna




Rekstur og stjórnun



Framtak stúdenta


Heimsmarkmiðin í tölum

Hlutfall ritrýndra greina með tengingu við heimsmarkmið 1–16 (2020–2024)



Ritrýndar greinar innan HÍ ná til allra heimsmarkmiða Sameinuðu þjóðanna. Heimsmarkmið 17 er ekki talið með í gagnagrunni Scopus þar sem erfitt er að bera kennsl á leitarstrengi fyrir það heimsmarkmið.

Ritrýndar greinar eftir heimsmarkmiðum (2020–2024)



Áhrifastuðull vigtaður eftir rannsóknarsviði (e. *field-weighted citation impact*) er hlutfall tilvitnana fyrir allar ritrýndar greinar og fjöldi tilvitnana sem búið er við miðað við meðaltal í heiminum fyrir það fræðasvið. Gildi hærra en 1 gefur til kynna meiri áhrif en að meðaltali. Ritryndar greinar innan HÍ hafa flestar meiri áhrif en meðaltalið á sviðum heimsmarkmiðanna.



Niðurstöður THE Impact Ranking

Heimsmarkmið	Röðun 2022	Röðun 2023	Röðun 2024	Röðun 2025	Jákvæð þróun Stendur í stað Neikvæð þróun
HM 1: Engin fátækt	401–600	601–800	801–1000	601–800	
HM 2: Ekkert hungur	201–300	201–300	401–600	401–600	
HM 3: Heilsa og vellíðan	201–300	201–300	101–200	101–200	
HM 4: Menntun fyrir öll	601–800	601–800	801–1000	1001–1500	
HM 5: Jafnrétti kynjanna	201–300	201–300	401–600	401–600	
HM 6: Hreint vatn og hreinlætisaðstaða	401–600	401–600	401–600	601–800	
HM 7: Sjálfbær orka	401–600	301–400	601–800	301–400	
HM 8: Góð vinna og hagvöxtur	301–400	301–400	401–600	301–400	
HM 9: Nýsköpun og uppbygging	101–200	100	101–200	101–200	
HM 10: Aukinn jöfnuður	301–400	201–300	301–400	601–800	
HM 11: Sjálfbærar borgir og samfélög	201–300	201–300	401–600	401–600	
HM 12: Ábyrg neysla og framleiðsla	201–300	101–200	101–200	201–300	
HM 13: Aðgerðir í loftslagsmálum	101–200	101–200	101–200	64	
HM 14: Líf í vatni	201–300	101–200	201–300	201–300	
HM 15: Líf á landi	201–300	201–300	401–600	401–600	
HM 16: Friður og réttlæti	301–400	201–300	201–300	301–400	
HM 17: Samvinna um markmiðin	601–800	101–200	301–400	301–400	
Heildarröðun	401–600 af 1406	301–400 af 1591	201–300 af 1963	201–300 af 2318	

Times Higher Education (THE) Impact Ranking metur háskóla um allan heim út frá hvernig þeir standa sig gagnvart heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Röðun HÍ árið 2022–2025 er sýnd í töflunni, ásamt vísí sem sýnir þróunina frá 2024 til 2025. Árið 2025 var HÍ í sæti 201–300 af 2318 háskólum um allan heim varðandi skuldbindingar um sjálfbærni og að hafa jákvæð áhrif út í samfélagið með rannsóknum, kennslu og námi, rekstri, samfélagslegum áhrifum og samvinnu. Háskólar eru metnir eftir þeim þremur heimsmarkmiðum sem þeir fá hæstu einkunn fyrir, ásamt heimsmarkmiði 17.

Tækifæri til úrbóta

Tillögurnar um tækifæri til úrbóta sem hér eru settar fram byggja á markmiðum í stefnu Háskóla Íslands fyrir 2021–2026 (HÍ26) og verkefnisstofni um sjálfbærniáherslur í kennslu, rannsóknum og rekstri skólans. Tillögurnar voru upphaflega kynntar í fyrstu sjálfbærnisráðgjafu HÍ fyrir árið 2021.

Hér eru tillögurnar settar fram í samræmi við fjögur áhersluatriði verkefnastofns HÍ26. Þær eru flokkaðar sem aðkallandi, mjög mikilvægar og mikilvægar. Greint er frá stöðu hverrar tillögu og sett fram stutt samantekt um það sem hefur áunnist á hverju áherslusviði frá því tillögurnar voru fyrst lagðar fram.

Tillaga:

- Aðstoðarrekktor og/eða stjórnandi í sameiginlegri stjórnsýslu verði gerður ábyrgur fyrir málefnum sem tengjast sjálfbærni (og heimsmarkmiðunum) innan HÍ. Þetta hlutverk yrði stutt af sjálfbærni-nefnd HÍ og Sjálfbærnistofnun HÍ.

Rektor HÍ hefur gert aðstoðarrekktor menntunar og starfsumhverfis ábyrgan fyrir málaflokknum.

Áhersluatriði 1: Auka meðvitund og skilning á sjálfbærni með kynningum, vinnustofum og mælaborðum fyrir sjálfbærni-áherslur í rannsóknum og kennslu.

Aðkallandi:

- Kynning um sjálfbærni og heimsmarkmið verði haldin árið 2023 fyrir starfsfólk HÍ.
- Opnir fundir og málstofur um niðurstöður sjálfbærnisráðgjafu HÍ verði haldnir snemma árs 2023.
- Sjálfbærnisráðgjafa HÍ verði gerð árlega og að ritstjórn verði gefinn meiri tími og meiri stuðningur við vinnslu skýrslunnar.

Mjög mikilvægt:

- Vinnustofur um sjálfbærni og heimsmarkmið verði aðgengilegar starfsfólki HÍ.
- Vinnu sem tengist Aurora-heimsmarkmiðamælaborðum kennslu og rannsókna hjá Aurora verði haldið áfram og þau kynnt árið 2023.

Mikilvægt:

- Árið 2023 skal endurvekja viðburðaröð HÍ um heimsmarkmiðin. Viðburðaröðin var virk á árunum 2019–2020 en féll niður vegna Covid-19.
- Árið 2023 verði tákn heimsmarkmiðanna gerð sýnileg á öllum viðburðum og fréttum á HÍ vefsíðu og Uglunni. Þetta mun gera kortlagningu viðburða og rannsókna tengdum heimsmarkmiðunum aðgengilegri, auðveldari og sýnilegri.

Engin almenn kynning á sjálfbærni var haldin fyrir starfsfólk HÍ. Hins vegar áttu sér stað óformlegar umræður um sjálfbærni. Fjórða sjálfbærnisráðgjafa HÍ hefur nú verið gefin út og er kynnt vel innan háskólans. Nokkrar vinnustofur voru haldnar til að styðja við kennara við gerð matsvarða í samræmi við LOUIS-hæfnirammann, auk vinnustofa um háskólamenntun til sjálfbærni. Heimsmarkmiðamælaborð Aurora fyrir rannsóknir er tilbúið en hætt var við frekari þróun mælaborðs fyrir kennslu. Viðburðaröðin HÍ og heimsmarkmiðin var endurvakin og þrír viðburðir hafa verið haldnir frá útgáfu síðustu sjálfbærnisráðgjafu, ásamt hlaðvarpsþáttum. Unnið er að því að gera tákn heimsmarkmiðanna sýnileg á vefsíðu HÍ en ekki hefur verið sett fram skýr tímalína um hvenær þeirri vinnu lýkur.

Áhersluatriði 2: Áhersla á sjálfbærni í námi með fjölgun námskeiða og stuðningi við kennara. Námsleiðir og námskeið tengd sjálfbærni verði í boði fyrir nemendur á öllum fræðasviðum.

Aðkallandi:

- Þverfræðilegt námskeið um sjálfbærni og heimsmarkmiðin verði þróað og gert aðgengilegt fyrir nemendur frá öllum sviðum skólaárið 2023.

Mjög mikilvægt:

- HÍ tilnefni sérfræðing um heimsmarkmiðin sem veiti kennurum stuðning við innleiðingu á sjálfbærni/heimsmarkmiðunum í námskeiðum. Þetta ætti að vera gert í samstarfi við Kennslusvið, sameiginlega stjórnarsýslu og fræðasvið HÍ.

Mikilvægt:

- Áframhaldandi kortlagning á kennsluskrá HÍ í tengslum við sjálfbærni og heimsmarkmiðin, svipað og unnið var 2019/2020. Námskeið ættu að hafa skýra tengingu við heimsmarkmið í kennsluskrá með sýnilegum táknum. Gert aðgengilegt árið 2023.

Enn á eftir að þróa þverfaglegt námskeið um sjálfbærni og heimsmarkmiðin sem verði aðgengilegt fyrir nemendur á öllum sviðum HÍ. Frekari umræður eru nauðsynlegar til að tryggja farsæla innleiðingu slíks námskeiðs, auk viðtæks samráðs milli fræðasviða. Þrátt fyrir að engin ákvörðun hafi verið tekin um að tilnefna sérfræðing um heimsmarkmiðin, sem hefði það hlutverk að veita kennurum stuðning við innleiðingu þeirra í kennslu, er unnið að ýmsum öðrum leiðum til að efla slíkan stuðning. Áframhaldandi umræður eiga sér stað um að samræma kennsluskrá HÍ við heimsmarkmiðin.

Áhersluatriði 3: Unnið að kolefnishlutleysi skólans með kortlagningu losunar og mótvægisáðgerðum.

Aðkallandi:

- HÍ kortleggi á ítarlegri hátt losun úr rekstri miðað við núverandi kortlagningu, til dæmis með því að kortleggja samgöngumáta starfsfólks og nemenda, innkaup og nýbyggingar o.s.frv.
- HÍ setji sér loftslags-/umhverfisstefnu í rekstri með mælanlegum markmiðum og áðgerðaáætlun til að draga úr losun. Meta þarf þá kosti sem eru í boði við að kolefnisjafna eftirstandandi losun af rekstri HÍ.

Mjög mikilvægt:

- HÍ setji sér metnaðarfull markmið og tímaáætlun í samgöngumálum sem auðveldar starfsmönnum og nemendum að nýta vistvæna samgöngumáta og innleiða hvata til að draga úr bílferðum.
- Núverandi samgöngusamningur verði endurskoðaður.
- Innviðauppbýgging fyrir hjólréiðar styrkt, t.d. læst yfirbyggð hjólaskýli.
- Áframhaldandi mat um hvort útvíkka eigi gjaldskyldu á háskóla-svæðinu.

Mikilvægt:

- Starfsfólk HÍ verði hvatt til og umbunað fyrir að fljúga minna og þar með draga úr losun gróðurhúsalofttegunda. Byrjað verður að skoða þetta árið 2023.
- Sérstök fjárveiting eða styrkir verði aðgengilegir fyrir starfsfólk sem fara á ráðstefnur á netinu. Koma ætti upp betri aðstöðu til fjárfunda.

HÍ hefur metið losun vegna samgöngumáta starfsfólks og stúdenta og liggja sterkar vísbendingar fyrir um að samgöngur gegni stóru hlutverki í óbeinni losun HÍ. Sú losun er þó ekki hluti af Græna bókhaldinu og því ekki tekin með í heildarlosun skólans sem birt er árlega. Umhverfisstefna HÍ í rekstri var samþykkt í desember 2022, en mun þróa eftir því sem skilningur og kortlagning á losun skólans eykst. Engin ákvörðun hefur verið tekin um kolefnisjöfnun fyrir eftirstandandi losun. HÍ hefur aukið áherslu á uppbyggingu innviða fyrir vistvæna samgöngumáta. Gjaldskylda var innleidd á öllum bílastæðum HÍ í ágúst 2025 og samgöngusamningur starfsfólks var endurnýjaður samhliða því. Samkvæmt honum getur

starfsfólk sem ferðast með vistvænum ferðamáta keypt árskort í Strætó á niðurgreiddu verði. HÍ opnaði nýja hjólageymslu með búnings- og sturtuadstöðu í Sögu og gert er ráð fyrir tveimur læstum og yfirbyggðum hjólaskýlum til viðbótar í fjármálaáætlun sem bíður samþykkis. Lítil sem engin áhersla hefur hins vegar verið lögð á að draga úr flugferðum starfsfólks, né hafa verið innleiddir hvatar til að draga úr flugferðum.

Áhersluatriði 4: Metið hvort auka megi áherslu á sjálfbærni og þverfagleika við úthlutun úr samkeppnissjóðum skólans.

- Matsferli skal hefjast fyrir vorið 2023 og væri leitt af Vísindanefnd HÍ. Matinu verði lokið fyrir lok 2023.

Matsferli um hvort auka megi áherslu á sjálfbærni og þverfagleika við úthlutun úr samkeppnissjóðum HÍ er lokið og hefur verið innleitt í Rannsóknasjóð HÍ, Doktorstýrkjasjóð HÍ og Nýdóktorastyrki HÍ. Þar eru umsækjendur beðnir um að greina frá tengslum við sjálfbærni og heimsmarkmiðin, ef við á. Auk þess hefur sjálfbærni verið höfð að leiðarljósi í viðmiðum um framhaldsnám við HÍ.

Lokaorð

Sjálfbærni og fjölbreytileiki eru áfram meðal fjögurra grunnstöða í stefnu Háskóla Íslands 2021–2026, og háskólinn styrkir stöðugt skuldbindingu sína til sjálfbærni í rannsóknum, kennslu, rekstri, stjórnun og samfélagsábyrgð. Á undanförunum árum hefur náðst talsverður árangur í sjálfbærnimálum, sérstaklega í mótun stefnu og uppbyggingu innviða sem styðja við sjálfbæra ferðamáta. Þá hefur einnig verið unnið markvisst að því að efla samþættingu sjálfbærni í kennslu og flétta sjálfbærnissjónarmiðum inn í samkeppnissjóði fyrir rannsóknir.

Til að viðhalda þessum árangri þarf áframhaldandi skuldbindingu og viðtækari þátttöku á öllum stigum háskólans. Mikilvægt er að styðja kennara við að samþætta sjálfbærni í kennslu, efla þverfaglegt samstarf og tryggja að námskeið tengd sjálfbærni séu aðgengileg nemendum úr öllum fræðasviðum. Þessu má ná fram með því að forgangsraða sjálfbærni í námskrám og efla stuðning við kennara.

Horft til framtíðar ætti Háskóli Íslands að auka metnað sinn enn frekar, setja skýr markmið og tímaramma um kolefnishlutleysi og styrkja sjálfbærni í kennslu og rannsóknum. Árangur til framtíðar byggir á öflugri samvinnu og þátttöku, sem og markvissri vinnu við að efla vitund og dýpka skilning innan háskólans og í samfélaginu.

Til að treysta stöðu sína á sviði sjálfbærni ætti Háskóli Íslands að byggja á þeim árangri sem þegar hefur náðst og setja sér enn metnaðarfullri markmið, þannig að sjálfbærni verði leiðarljós í allri starfsemi, kennslu og rannsóknum.



**HÁSKÓLI
ÍSLANDS**